

## Samrunaskrá

- (1) Samrunatilkynning þessi er lögð fram fyrir hönd umbjóðanda okkar, Ardian France SA („**Ardian**“), vegna kaupa á öllu hlutafé Mílu ehf. („**Míla**“).
- (2) Skránni er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið („**SE**“). Óskað er eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem fara hér á eftir og eru innan hornklofa sem trúnaðarmál, sbr. 17. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Gögn sem bundin eru trúnaði eru einnig merkt sérstaklega.
- (3) Þann 1. nóvember 2021 var SE send tilkynning þar sem greint var frá kaupum AB 855 ehf. á öllu hlutafé í Mílu af Símanum, en AB 855 er í eigu nánar tilgreindra sjóða Ardian sem Ardian stýrir. Með tilkynningunni var upplýst um að aðilar teldu að viðskiptin fælu ekki í sér tilkynningarskyldan samruna, sbr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, þar sem Ardian hefði enga starfsemi á Íslandi og að sama skapi væri Ardian, og fyrirtæki innan samstæðu Ardian, ekki með neina veltu á Íslandi. Var óskað eftir að SE tæki afstöðu til þess hvort samrunatilkynningar yrði eftir sem áður óskað, sbr. 4. mgr. 17. gr. b. samkeppnislaga. SE leitaði sjónarmiða þeirra hagsmunaaðila sem teldu sig málið varða 2. nóvember 2021 og með bréfi SE 19. nóvember 2021 var tilkynnt um að eftirlitið teldi nauðsynlegt að krefjast samrunatilkynningar á grundvelli 3. mgr. 17. gr. b. samkeppnislaga. Við undirbúning tilkynningarinnar kom í ljós að tiltekin fyrirtæki undir yfirráðum Ardian, í gegnum eignarhald nánar tiltekinna sjóða í stýringu Ardian, hefðu veltu á íslenskum mörkuðum og að sú velta hefði samtals verið rétt yfir 300 milljónir króna árið 2020, og samruninn þar með tilkynningarskyldur. SE var upplýst um þetta þann 22. desember 2021.
- (4) Í aðdraganda tilkynningarinnar átti sér stað samtal samrunaaðila við SE þar sem óskað var eftir leiðbeiningum um efni tilkynningarinnar. Kom þar fram að þótt skilyrði til þess að skila styttri tilkynningu væru uppfyllt, sbr. a-liður 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, þá teldi SE tilefni til þess að fjallað yrði ítarlegar um tiltekin atriði en almennt þegar um er að ræða styttri tilkynningu, þ.á m. varðandi upplýsingar um samrunann, markaði Mílu og ætluð áhrif samrunans. Er þessi samrunaskrá tekin saman í samræmi við 8. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur nr. 1390/2020 og viðauka II við þær reglur, auk þess sem tekið er mið af viðauka I við reglur nr. 1390/2020, sbr. einkum 3. og 6.-9. kafli viðauka I eftir því sem við á, í samræmi við leiðbeiningar SE sem veittar voru í forviðræðum. Þá var einnig höfð hliðsjón af efni bréfs SE til Ardian 19. nóvember 2021 sem og þeim umsögnum hagsmunaaðila sem bárust SE, eftir því sem tilefni var talið til. Í tilkynningu þessari er þannig að finna umtalsvert meiri og ítarlegri upplýsingar en gerð er krafa um samkvæmt viðauka II við reglur nr. 1390/2020.
- (5) Allar upplýsingar sem veittar eru í þessari skrá eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund forráðamanna samrunaaðila. Kaflaskipting samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka II við reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum eftir því sem við á, sbr. framangreint.

- (6) Tengiliðir samrunaaðila vegna málsmeðferðar þessarar eru Lára Herborg Ólafsdóttir hdl., lara@lex.is, og Fjölur Ólafsson hdl., fjolur@lex.is, LEX, Borgartúni 26 í Reykjavík, sími 590 2600, sbr. umboð á **fylgiskjali 1**.
- (7) Samrunagjald að fjárhæð 200.000 krónur hefur þegar verið greitt, sbr. 17. gr. g. samkeppnislaga.

## 1. kafli

### Stutt lýsing samruna

- (8) Hinn 23. október 2021 undirrituðu **AB 855 ehf.**, kt. 620921-2620, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („**AB 855**“), og **Síminn hf.**, kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík („**Síminn**“) kaupsamning þar sem AB 855 keypti 100% eignarhlut (hlutafé að nafnvirði 7.600.000.000 króna) í **Mílu ehf.**, kt. 460207-1690, Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík („**Míla**“), af Símanum (**fylgiskjal 2**). Kaupverð eignarhlutarins á grundvelli heildarvirðis (e. enterprise value) hlutafjár Mílu er 78.000.000.000 krónur, sbr. nánar í kafla 3.5 hér á eftir. Kaupin eru m.a. háð fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, eftir því sem við á (sjá viðauka 2 við kaupsamninginn). Þegar þessum fyrirvara, sem og öðrum fyrirvörum samkvæmt kaupsamningnum hefur verið aflétt, mun Míla verða í fullri eigu AB 855.
- (9) AB 855 er eignarhaldsfélag sem var stofnað í tengslum við þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar, og hefur engin starfsemi verið innan fyrirtækisins. AB 855 er í endanlegri eigu tveggja sjóða, annars vegar Ardian Infrastructure Fund V S.C.A., SICAR, með skráningarnúmer B228915 í fyrirtækjaskrá Lúxemborgar, og hins vegar Ardian Infrastructure Fund V B S.C.S., SICAV-RAIF, með skráningarnúmer B228830 í fyrirtækjaskrá Lúxemborgar (hér eftir vísað til sem „**Ardian Funds**“), báðir með skráða starfsstöð að 24 avenue Emile Reuter, L-2420 Lúxemborg. Umræddum sjóðum er stýrt af Ardian France SA, 20, place Vendôme, 75001 París, Frakklandi („**Ardian**“).
- (10) Um Ardian og Ardian Funds er nánar fjallað í kafla 2 hér á eftir.
- (11) **Míla** er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi fyrirtækisins í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Míla selur þannig lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi, og eru kerfi Mílu grunnur að fjarskiptaþjónustu um allt land.
- (12) Í kjölfar samrunans mun Ardian með óbeinum hætti öðlast full yfirráð yfir Mílu í skilningi samkeppnislaga.

## 2. kafli

### Aðilar samrunans

#### 2.1 AB 855, Ardian Funds og Ardian

- (13) **Ardian** er eitt stærsta sjóðastýringafyrirtæki (e. *private investment house*) Evrópu og er reyndur aðili þegar kemur að innviðafjárfestingum til langs tíma. Ardian var stofnað árið 1996 af Dominique Senequier og er með höfuðstöðvar í París í Frakklandi og átta aðrar skrifstofur í Vestur-Evrópu og fimmtán á heimsvísu. Ardian hefur um það bil 800 starfsmenn og er með um 120 milljarða bandaríkjadala í stýringu. Meðal fjárfesta í Ardian eru lífeyrissjóðir, tryggingafélög, ríkiseignafélög og aðrir fagfjárfestar. Innviðadeild Ardian, Ardian Infrastructure, hefur fjárfest í innviðum innan Evrópu síðan 2005 og er með eignir að verðmæti um 18 milljarða bandaríkjadala í sinni stýringu. Í gegnum árin hefur Ardian Infrastructure lagt aukna áherslu á fjárfestingar í stafrænum innviðum, auk orku- og samgönguinnviða, með góðum árangri. Ardian er afar reynslumikið í rekstri mikilvægra innviða í fjölda landa á grundvelli langtímastefna og -markmiða. Yfirlit yfir samstæðuskipulag Ardian er lýst myndrænt á **fylgiskjali 17**.
- (14) Eins og nefnt er hér að framan þá er AB 855 í endanlegri eigu Ardian Funds, sem er stýrt af Ardian, en upplýsingar um uppbyggingu eignarhalds Ardian Funds á AB 855 má sjá á **fylgiskjali 6**. Ardian Funds eru stofnsettir og skráðir í Lúxemborg. Fjárfestingarstefna sjóðanna miðar aðallega að því að sjóðirnir kaupir með beinum hætti hluta- og skuldabréfagerninga sem gefnir eru út til þess að fjármagna félög sem hafa þann megintilgang að fjármagna, byggja upp, reka, viðhalda, stýra eða þróa innviðaverkefni í Evrópuríkjum, sér í lagi í samgöngum, orku, fjarskiptum, almannainnviðum og umhverfisgeiranum eða tengdri þjónustu.
- (15) Fjárfestar sjóðsins (e. *limited partner investors*) eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sjóðunum. Líkt og áður greinir er sjóðunum stýrt af Ardian sem hefur hlotið starfsleyfi frá franska fjármálaeftirlitinu sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2011/71/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þess skal getið að umrædd tilskipun var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem þýðir í reynd að Ardian starfar undir sams konar regluverki og þau hérlandu sjóðastýringarfyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Sem rekstraraðili sjóðanna ber Ardian eitt ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru fyrir hönd sjóðanna, stýringu eigna sjóðanna og áhættustýringu þeirra í samræmi við samning Ardian við fjárfesta sjóðsins, útboðslýsingu sjóðanna og viðeigandi reglur sem um þá gilda. Fjárfestar í sjóðunum skipta sér ekki af fjárfestingum sjóðanna.
- (16) Enginn einstaklingur fer beint, óbeint eða samanlagt með 25% eða stærri endanlegan eignarhlut í hvorum sjóði eða báðum sjóðunum til samans, eins og Ardian hefur staðfest við fyrirtækjaskrá Skattsins. Af því leiðir að enginn telst raunverulegur eigandi sjóðanna. [...]¹. Ardian hefur hvorki upplýsingar, né möguleika til að öðlast vitneskju, um fjárfestingar þeirra sem eru í fjárfestahópnum, þ.e. *limited partner investors*, en jafnvel

---

¹ TRÚNAÐARMÁL

þó einhverjir þeirra væri hluthafar eða fjárfestar beint eða óbeint í öðrum fjarskiptafyrirtækjum á Íslandi þá er áréttað að fjárfestarnir eru limited partners, þ.e. hlutdeildarskírteinishafar, og hafa þannig ekki tækifæri til þess að skipta sér af fjárfestingum sjóðanna eða ákvörðunartöku rekstraraðila sjóðanna. Jafnframt er upplýsingagjöf til fjárfestanna með þeim hætti að aðeins eru veittar grófar upplýsingar í aðalatriðum (e. *high-level report*) um frammistöðu sjóðanna, án birtingar á viðkvæmum viðskiptaupplýsingum. Í samræmi við lög nr. 82/2019 hefur Ardian staðfest við fyrirtækjaskrá Skattsins að enginn aðili fer með meira en 25% endanlegs eignarhalds í Ardian Funds.

- (17) Ardian er stýrt af fimm manna framkvæmdastjórn. Upplýsingar um meðlimi framkvæmdastjórnarinnar er að finna í skráningarvottorði Ardian frá fyrirtækjaskrá Frakklands, sbr. **fylgiskjal 14**. Vegna dreifðs eignarhalds Ardian eru stjórnendur Ardian skráðir sem raunverulegir eigendur hjá fyrirtækjaskrá Frakklands, líkt og sjá má í **fylgiskjali 15**. Nánari upplýsingar um skráningu Ardian hjá þarlendri fyrirtækjaskrá koma fram í **fylgiskjali 14**.
- (18) Upplýsingar um samstæðuskipulag Ardian koma fram í **fylgiskjali 17**. Stjórnendur og starfsmenn Ardian fara samanlagt með tæplega 60% hlut í Ardian, tryggingafélög halda á samanlagt um 20% hlut, iðnfyrirtæki ríflega 10% hlut, fjármálasamsteypur nærri 3% hlut og einstaklingar um 9% hlut. Enginn einstaklingur fer beint, óbeint eða samanlagt með 25% eða stærri endanlegan eignarhlut í Ardian.
- (19) Ardian fer með óbein yfirráð yfir nokkrum fyrirtækjum sem hafa veltu á íslenskum mörkuðum, en eignarhald þessara fyrirtækja er innan annarra sjóða sem Ardian stýrir. Þannig fer Ardian með yfirráð yfir fyrirtækjunum Corob (Ítalíu) og Schwind (Þýskalandi) í gegnum eignarhald sjóðsins Ardian Expansion Fund IV, yfir fyrirtækjunum Audiotonix (Bretland) og Frulact (Portúgal) í gegnum eignarhald sjóðsins Ardian Buyout Fund VII og Celli (Ítalía), Revima (Frakklandi) og SLV (Þýskalandi) í gegnum eignarhald sjóðsins Ardian Buyout Fund VI. Ekkert þessara fyrirtækja er staðsett á Íslandi, en þau eru hvert um sig með einhverja veltu hérlendis, sbr. nánar í kafla 3.6 hér á eftir.<sup>2</sup> Þá er starfsemi þessara fyrirtækja á mörkuðum sem eru algjörlega ótengdir þeim mörkuðum sem Míla starfar á, sbr. nánar í kafla 4.1.2 hér á eftir.
- (20) Að öðru leyti hafa fyrirtæki undir yfirráðum Ardian enga starfsemi sem tengist íslenskum mörkuðum. Í því ljósi telur Ardian að það sé ekki þörf á að tilgreina frekar fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum Ardian, auk þess sem slík samantekt yrði verulegum vandkvæðum háð og í því samhengi áréttað að Ardian hefur um 120 milljarða bandaríkjadala í stýringu. Til upplýsinga fylgja tilkynningunni upplýsingar um allar fjárfestingar sjóða í stýringu Ardian í fyrirtækjum í fjarskiptageiranum á síðastliðnum fimm árum (**fylgiskjal 18**), en sjóðir Ardian hafa alls um átján ára reynslu af fjárfestingu í þeim geira. Eins og sést af yfirlitinu hafa sjóðir í stýringu Ardian fjárfest í sex fjarskiptafyrirtækjum á undanförunum tveimur árum og má í

<sup>2</sup> Sjá til hliðsjónar mgr. 196 í *Commission Consolidated Jurisdictional Notice under Council Regulation (EC) No. 139/2004 on the control of concentrations between undertakings (2008/C 95/01)*, þar sem segir: „The Merger Regulation does not discriminate between ‘products sold’ and ‘services provided’ for the geographic allocation of turnover. In both cases, the general rule is that turnover should be attributed to the place where the customer is located.“

Því sambandi meðal annars nefna leiðandi fyrirtæki á borð við Adamo á Spáni, Inwit á Ítalíu og Zayo í Bandaríkjunum. Á undanförnum árum hefur Ardian Infrastructure lagt aukna áherslu á fjárfestingar í stafrænum innviðum, auk orku- og samgönguinnviða, en eins og framangreint ber með sér er Ardian afar reynslumikið í rekstri mikilvægra innviða í fjölda landa. Telji SE þörf á frekari upplýsingum um eignarhald og yfirlit Ardian eða Ardian Funds verður reynt eftir bestu getu að verða við slíkum beiðnum.

### 2.1.1 Tengsl milli Ardian og Digital Bridge

(21) Með ákvörðun SE 23. nóvember 2021 í máli nr. 32/2021 („Kaup Digital Bridge Group Inc. á óvirkum fjarskiptainnviðum Sýnar hf. og Nova hf.“) var sá samruni sem þar var til umfjöllunar samþykktur. Í ákvörðuninni er að finna umfjöllun um ætluð tengsl milli Digital Bridge annars vegar og Ardian hins vegar, en í ákvörðuninni segir:

32. Undir meðferð málsins var tilkynnt um kaup franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian France SA á innviðafyrirtækinu Mílu ehf. af Símanum hf. Bárust Samkeppniseftirlitinu ábendingar um að Digital Bridge hafi átt í samstarfi við Ardian um tiltekna fjárfestingar í Bandaríkjunum. Með tölvupósti, dags. 2. nóvember 2021, spurði eftirlitið Digital Bridge m.a. út í möguleg hagsmunatengsl fyrirtækisins við Ardian.

33. Svar Digital Bridge barst 3. nóvember 2021. Heldur fyrirtækið því fram að slík tengsl séu ekki til staðar. Ardian sé með nokkrar fjárfestingar hjá Digital Bridge sem séu algjörlega aðskildar, sjálfstæðar og gerðar á markaðskjörum, líkt og við megi búast þegar komi að fjárfestingum stórra, alþjóðlegra eignastýringarfyrirtækja. Annars vegar eigi Ardian lítinn hlut í Zayo [ ], en Digital Bridge hafi farið fyrir viðskiptunum um Zayo ásamt EQT sem sé annað stórt alþjóðlegt eignastýringarfyrirtæki. Hins vegar hafi Ardian nýlega keypt \$1,5 milljarða eignasafn af Northwestern Mutual, sem haldi á réttindum í sjóðum. Þetta eignasafn innihaldi meira en 40 sjóðsfjárfestingar og þar á meðal hagsmuni í tveimur sjóðum Digital Bridge. Nánar til tekið sé um að ræða [ ] í DCP I af [ ] og [ ] í DCP II af [ ].

34. Í öllum tilvikum sé um að ræða hagsmuni sem séu minni en 1% af hverri fjárfestingu og Ardian hafi enga möguleika til þess að hafa áhrif á stjórnun eða ákvörðunartöku Digital Bridge.

[...].

78. Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um samstarf Digital Bridge við Ardian væntan kaupanda að Mílu innviðafyrirtæki Símans. Samkvæmt upplýsingum samrunaaðila er um að ræða minniháttar samstarf og lítil eignatengsl þar sem Ardian eigi hverfandi hlut í þeim verkefnum sem fyrirtækin hafa bæði fjárfest í, sbr. umfjöllun í kafla 3.1 hér að framan. Að mati Samkeppniseftirlitsins er afar mikilvægt að sjálfstæði þeirra fyrirtækja sem fjárfesta í fjarskiptainnviðum á Íslandi sé tryggt og mun Samkeppniseftirlitið áfram fylgjast með þróun eignarhalds í fjarskiptafyrirtækjum og hyggst taka þessi hagsmunatengsl til nánari skoðunar við rannsókn á kaupum Ardian á Mílu.

(22) Þar sem í ákvörðuninni kemur fram að SE hyggist taka meint hagsmunatengsl til skoðunar við rannsókn á kaupunum á Mílu, verða hér veittar upplýsingar um þetta atriði.

(23) Hvað Zayo varðar þá er í stuttu máli um að ræða óvirka fjárfestingu sjóðs sem er í stýringu Ardian, „Ardian Co-Investment Fund V North America“ – ACF V. Rétt er að taka fram að um er að ræða annan sjóð en þá sem fara með eignarhald AB 855, og er annað teymi innan Ardian sem sér um stýringu umrædds sjóðs. EQT og Digital Bridge (þá Digital Colony Partners) hófu viðræður við stjórn Zayo á seinni hluta ársins 2018 um afskráningu Zayo af markaði í kjölfar þess að hlutabréf í félaginu féllu umtalsvert í verði,

og urðu kaupin að veruleika í maí 2019. EQT og Digital Bridge deila yfirráðum yfir Zayo. EQT bauð svo Ardian Co-Investment teyminu að fjárfesta sem óvirkur fjárfestir, og gekk sú fjárfesting í gegn í mars 2020. Hlutur Ardian Co-Investment Fund V er undir [...]³ í gegnum sérstakt fjárfestingarfélag sem EQT stýrir. Ardian hefur þannig engin formleg eða óformleg samskipti við Digital Bridge í tengslum við Zayo, heldur er Ardian einfaldlega óvirkur hluthafi í Zayo.

- (24) Þá keyptu sjóðir í stýringu Ardian nýlega eignasafn af Northwestern Mutual sem heldur á rúmlega 40 sjóðsfjárfestingum að verðmæti um 1,5 milljarð bandaríkjadala, en tilkynnt var um viðskiptin í október 2021. Meðal þeirra sjóðsfjárfestinga eru hagsmunir í tveimur sjóðum Digital Bridge, DCP I og DCP II, en sjóðirnir Ardian Secondary Fund VII Infrastructure og Ardian Secondary Fund VIII Infrastructure („**ASF**“) halda á fjárfestingunni saman í gegnum sameiginlegt félag með sérstakan tilgang (e. *special purpose vehicle/SPV*) sem ber heitið ASF Robin. Hlutur framangreindra sjóða Ardian er [...]⁴ í DCP I og [...]⁵ í DCP II. ASF Robin, sem heldur á fjárfestingunum, er svokallaður limited-partner og hefur engin sérstök stjórnunarleg réttindi eða ítök í DCP I eða DCP II. Í því felst að Ardian hefur enga möguleika til þess að hafa áhrif á ákvarðanir varðandi fjárfestingar eða rekstrarákvarðanir og fær aðeins grófar upplýsingar í aðalatriðum (e. high-level report) um frammistöðu sjóðanna⁶. Til viðbótar skal bent á að það teymi innan Ardian sem sér um ASF er staðsett í Bandaríkjunum og er algjörlega aðskilið því teymi Ardian sem tekur þátt í viðskiptunum um Milu .
- (25) Hvað varðar starfsreglur Ardian, þá hefur Ardian innleitt formlegar innri verklagsreglur sem taka til allra sjóða sem Ardian stýrir og/eða ráðleggur og hafa reglurnar þann tilgang að greina, koma í veg fyrir og hafa stjórn á öllum mögulegum hagsmunaárekstrum. Með þetta að leiðarljósi er notast við upplýsingahindranir þar sem við á til þess að takmarka upplýsingaflæði milli mismunandi deilda innan Ardian. Hið svokallað „Ethical Wall policy“ hjá Ardian samanstendur af tilteknum reglum sem stjórna og takmarka upplýsingaflæði milli deilda. Upplýsingum er þannig ekki deilt með óviðkomandi deildum innan Ardian. Þessi takmörkun gerir það að verkum að unnt er að meta möguleg fjárfestingartækifæri með sjálfstæðum hætti og verndar trúnaðarupplýsingar kaupenda, seljenda og gagnaðila. Samkvæmt reglunum skal engum upplýsingum deilt milli mismunandi deilda/teyma án þess að bera það fyrst undir innri eftirlitsdeild Ardian (Compliance team). Notast er við bæði aðskilnað starfssviða (kínamúrar) og aðgangsstýringar sem upplýsingahindranir. Þá eru gerðar reglulegar úttektir, bæði innan Ardian og af utanaðkomandi aðilum, til þess að tryggja virkni aðgangsstýringa. Í þeim tilfellum þar sem grunur er um brot á þessum reglum er starfsmönnum skylt að tilkynna innri eftirlitsdeild, sem eftir atvikum upplýsir framkvæmdastjórn Ardian. [...]⁷.
- (26) Hvað varðar þá sjóði sem hér hafa verið nefndir (ASF VII Infrastructure & ASF VIII Infrastructure, ARDIAN Co-Investment Fund V North America and ARDIAN Infrastructure Fund V), þá hafa þessir sjóðir sérgreind fjárfestingarviðmið og -stefnur

³ TRÚNAÐARMÁL

⁴ TRÚNAÐARMÁL

⁵ TRÚNAÐARMÁL

⁶ [...]. TRÚNAÐARMÁL

⁷ TRÚNAÐARMÁL

með tilliti til uppbyggingu þeirra m.a. varðandi mögulega áhættu- og ávinning. Í samræmi við það hafa sjóðirnir allir sérgreind teymi sem eru yfir því að leita að fjárfestingartækifærum sem og sérgreind fjárfestingarráð sem hafa það hlutverk að yfirfara og staðfesta fjárfestingarákvarðanir í samræmi við stefnu og eiginleika viðkomandi sjóða.

- (27) Með hliðsjón af framangreindu telur Ardian ljóst að ekki séu til staðar nein tengsl eða hagsmunaárekstrar milli Ardian og Digital Bridge.

## 2.2 Míla

- (28) Míla er eins og áður segir heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi fyrirtækisins í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Míla selur þannig lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi, og sem nota kerfi Mílu til þess að veita fjarskiptaþjónustu til sinna endanotenda. Innviðir Mílu er þannig grunnur að fjölþættri fjarskiptaþjónustu um allt land. Um nánari lýsingu á Mílu, innviða Mílu og þjónustu fyrirtækisins vísast til yfirlits í kafla 4.2 hér á eftir.
- (29) Míla er að fullu í eigu Símans. Fyrirtækið var stofnað í apríl 2007 þegar grunnfjarskiptanet Símans voru færð yfir í sérstakt fyrirtæki. Um áramótin 2020/21 eignaðist Míla svo IP/MPLS kerfið og farsímadreifikerfið sem var í eigu Símans<sup>8</sup>.

---

<sup>8</sup> Eins og fram kemur í kafla 4.4.3.2 hér á eftir þá eru farsímakjarnakerfið og tíðniheimildir áfram eign Símans þrátt fyrir að Míla hafa eignast farsímadreifikerfið. Míla mun þannig ekki halda úti eigin farneti.



### 3. kafli

#### Upplýsingar um samrunann

##### 3.1 Aðdragandi samrunans

- (31) Snemma á árinu 2021 réð Síminn fjárfestingabankann Lazard og Íslandsbanka til að ráðleggja um framtíðarmöguleika og stefnumið Mílu í ljósi alþjóðlegrar þróunar á samsetningu fjarskiptafélaga og var markmiðið með vinnunni að hámarka verðmæti eigna Símans fyrir hluthafa.<sup>9</sup>
- (32) Þann 18. október 2021 var tilkynnt að Síminn hefði undirritað samkomulag við Ardian um einkaviðræður og helstu skilmála í tengslum við mögulega sölu á Mílu, en í því samkomulagi fólst að áreiðanleikakönnun væri þegar lokið, samningagerð langt komin og fyrirhuguð viðskipti að fullu fjármögnuð.<sup>10</sup> Þá kom fram að Ardian hefði boðið íslenskum lífeyrissjóðum að taka þátt í kaupunum og getur eignarhlutur þeirra orðið allt að 20%.
- (33) Viðræðum lauk 23. október 2021 með undirritun kaupsamnings um kaup og sölu á 100% hlutfjár í Mílu („**kaupsamningurinn**“). Í tilkynningu sem Síminn gaf út af þessu tilefni sama dag kom fram að viðskiptin myndu hafa umtalsverð áhrif á efnahagsreikning Símans þar sem lausafjárstaða yrði sterk og geta til innri og ytri vaxtar umtalsverð.<sup>11</sup> Í kynningu sem Síminn gaf út 26. október 2021 í tengslum við uppgjör félagsins á þriðja ársfjórðungi 2021 kemur m.a. fram að salan á Mílu hafi mikil áhrif á efnahagsreikning Símans, en lausafjárstaða félagsins verði mjög sterk og geta til innri og ytri vaxtar verður umtalsverð.<sup>12</sup>
- (34) Eftir að samruninn kemur til framkvæmda mun Síminn kaupa tiltekna þjónustu af Mílu, [...] samkvæmt sérstökum þjónustusamningi (e. *Wholesale Services Agreement Regarding Electronic Communications Infrastructure*) (hér eftir vísað til sem „**þjónustusamningsins**“, sjá fylgiskjal 3). Þá munu Síminn og Míla einnig gera með sér þjónustusamning á yfirfærslutímabili (e. *Transition Service Agreement*) (hér eftir vísað til sem „**þjónustusamnings á yfirfærslutímabili**“, sjá fylgiskjal 4) [...] <sup>14</sup>.
- (35) Efni þjónustusamningsins má draga saman með eftirfarandi hætti:
- i) Samkvæmt þjónustusamningnum skuldbindur Síminn sig til þess að kaupa aðgang að fjarskiptakerfum Mílu, sem og tengda þjónustu, og Míla skuldbindur sig til þess að veita slíkan aðgang að kerfum sínum, sem og tengda þjónustu. [...] <sup>15</sup> Tekið skal

<sup>9</sup> Sjá kynningu Símans á árshlutauppgjöri 3 árshluta 2021, bls. 19: <https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/742944df-0aee-4ad8-b616-1e429f79253a>.

<sup>10</sup> Sjá tilkynningu: <https://www.globenewswire.com/news-release/2021/10/18/2315491/0/is/S%C3%ADminn-hf-S%C3%ADminn-hf-undirritar-samkomulag-um-einkavi%C3%B0r%C3%A6%C3%B0ur-um-s%C3%B6lu-M%C3%ADlu-ehf.html>

<sup>11</sup> Sjá tilkynningu: <https://www.globenewswire.com/news-release/2021/10/23/2319422/0/is/S%C3%ADminn-hf-S%C3%ADminn-selur-M%C3%ADlu-til-Ardian.html>

<sup>12</sup> Sjá: [https://assets-global.website-files.com/5b166d1e29d11e18b5b907b4/617822a9c3c13424a252edcb\\_Siminn%20hf.%20Fjarfestakynning3F2021.pdf](https://assets-global.website-files.com/5b166d1e29d11e18b5b907b4/617822a9c3c13424a252edcb_Siminn%20hf.%20Fjarfestakynning3F2021.pdf)

<sup>13</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>14</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>15</sup> TRÚNAÐARMÁL

fram að stærstur hluti viðskipta félaganna á grundvelli samningsins er háður ákvörðunum og eftirliti Fjarskiptastofu um verð og aðra skilmála, og mun sama þjónusta, verð og þjónustustig standa öðrum til boða á jafnræðisgrundvelli.

ii) [...]¹⁶

v) Samkvæmt samningnum skuldbinda aðilar sig til þess að fara að öllu eftir gildandi lögum og reglum sem við eiga við framkvæmd samningsskuldbindinga sinna, sbr. grein 23.1. Þá felst í samningnum að Míla skuli tryggja að fyrirtækið mismuni ekki viðskiptavinum sínum en í því sambandi skuldbindur Míla sig meðal annars til þess að ganga úr skugga um að öllum viðskiptavinum eða mögulegum viðskiptavinum sé boðin sambærileg þjónusta, kjör og skilmálar, sbr. grein 23.2 í þjónustusamningnum. [...]¹⁷.

- (36) Um frekari lýsingu á þjónustusamningnum vísast til kafla 5.3, sem og til samningsins sjálfs. Þjónustusamningurinn og viðaukar hans fylgja með þessari tilkynningu sem **fylgiskjal 3**, en SE hefur jafnframt haft afrit samningsins undir höndum síðan seinni hluta október 2021.
- (37) Hvað varðar þjónustusamninginn á yfirfærslutímabili, [...]¹⁸. Líkt og með þjónustusamninginn þá fylgir þjónustusamningurinn á yfirfærslutímabili þessari tilkynningu sem **fylgiskjal 4**, auk þess sem SE hefur þegar fengið afrit samningsins afhent.

### 3.2 Markmið samrunans

- (38) Líkt og segir í kafla 2.1 hér að framan þá hefur Ardian Infrastructure verið að leggja aukna áherslu á fjárfestingar í stafrænum innviðum. Þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar falla vel að fjárfestingarstefnu Ardian Funds, sem eins og áður segir munu fara með endanlegt eignarhald Mílu. Í því samhengi er vísað til þess sem haft er eftir Dr. Daniel von der Schulenberg, sem er framkvæmdastjóri og yfirmaður Ardian Infrastructure fyrir Þýskaland, Benelux löndin og Norður-Evrópu, í fyrrnefndri tilkynningu sem Síminn gaf frá sér í tilefni af viðskiptunum 22. október 2021 þá eru Norðurlöndin kjarnasvæði fyrir Ardian innviðateymið þar sem þar eru sterk grunngildi, vel menntað starfsfólk og sterkir innviðir sem geri svæðið sérstaklega áhugavert.<sup>19</sup> Míla sé langtímafjárfesting og vettvangur til vaxtar fyrir Ardian, þar sem Ardian hyggst fjárfesta jafnt og þétt í sterkari útbreiðslu fjarskiptainnviða.
- (39) Viðskipti þessi munu að mati Ardian verða íslenskum markaði til góðs. Ardian telur að mikil tækifæri séu til úrbóta í rekstri Mílu, þó fyrirtækið sé nú þegar öflugt og vel rekið. Telur Ardian að tækifæri séu fyrir Mílu að taka þátt í því að efla enn frekar fjarskiptainnviði á Íslandi með því að hraða uppbyggingu innviða með frekari fjárfestingu. Þá verður með aðskilnaðinum frá Símanum til algjörlega sjálfstætt fyrirtæki á fjarskiptamarkaði sem hefur bæði getu og hvata til að keppa um viðskipti allra

<sup>16</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>17</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>18</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>19</sup> Sjá <https://www.globenewswire.com/news-release/2021/10/23/2319422/0/is/S%C3%ADminn-hf-S%C3%ADminn-selur-M%C3%ADlu-til-Ardian.html>

fjarskiptafyrirtækja á markaðinum. Það felur í sér tækifæri fyrir Mílu, bætt umhverfi fyrir samkeppni og verður auk þess til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Um frekari upplýsingar um markmið, tækifæri og vænt áhrif viðskiptanna vísast til kafla 5.1 hér á eftir.

- (40) Ardian hefur ákveðið að bjóða íslenskum lífeyrissjóðum möguleika á að taka þátt í viðskiptunum og eignast allt að samtals 20% óbeinan eignarhlut í Mílu. Ákveði lífeyrissjóðirnir að ganga að tilboði þessu og eignast þannig óbeinan hlut í Mílu mun eignarhlutur sjóða Ardian minnka sem því nemur. [...] <sup>20</sup>
- (41) Hvað viðkemur áhrifum á Símann þá hefur Símann gefið það út að viðskiptin hafi mikil áhrif á efnahagsreikning Símans, en lausafjárstaða félagsins verði mjög sterk og geta til innri og ytri vaxtar verður umtalsverð. Samkvæmt áðurnefndri tilkynningu Símans 22. október 2021 mun stjórn og framkvæmdastjórn Símans vinna að tillögu um ráðstöfun söluandvirðisins sem verður kynnt hluthöfum gangi viðskiptin eftir, en ljóst er að með viðskiptunum skapast tækifæri fyrir Símann til þess að fjármagna frekari þróun sinnar kjarnastarfsemi.

### 3.3 Eðli samrunans

- (42) Viðskiptin fela í sér að Ardian mun með óbeinum hætti öðlast full yfirráð yfir Mílu í skilningi samkeppnislaga. Eins og áður segir þá er kaupandinn AB 855. Í kjölfar þess að viðskiptin verða frágengin er áætlað að AB 855 og Míla muni sameinuð inn í Mílu með þeim hætti að Míla yfirtaki eignir og skuldir AB 855. [...] <sup>21</sup>.
- (43) Kaupsamningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, án skilyrða sem hefðu neikvæð efnisleg áhrif, sbr. viðauka 2 við kaupsamninginn. Samruninn mun því að óbreyttu koma til framkvæmdar að fengnu samþykki SE, sbr. 7. gr. reglna nr. 1390/2020.

### 3.4 Þeir atvinnuvegir sem samruninn nær til

- (44) ÍSAT flokkur þeirra atvinnuvega sem samrunn nær til er ÍSAT 61.10.0 (Fjarskipti um streng).

### 3.5 Kaupverð

- (45) Heildarvirði hins selda (e. enterprise value) nemur 78 milljörðum króna. Samkvæmt kaupsamningi fær Símann greitt á efnadegi um 44 milljarðar króna í reiðufé og 15 milljarða króna í formi svokallaðs [...] <sup>22</sup> sem er skuldabréf sem kaupandi gefur út til Símans. Form skuldabréfsins var samþykkt milli aðila við undirritun kaupsamningsins [...] <sup>23</sup>. Skuldabréfið er til þriggja ára frá lokum viðskiptanna [...] <sup>24</sup>.

<sup>20</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>21</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>22</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>23</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>24</sup> TRÚNAÐARMÁL

### 3.6 Upplýsingar um veltu

- (46) Samkvæmt 17. gr. a. samkeppnislaga skal við tilkynningu samruna telja með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir.
- (47) Samkvæmt ársskýrslu Ardian námu heildartekjur félagsins [...] <sup>25</sup> árið 2020 og [...] <sup>26</sup> árið 2019 (**fylgiskjal 8**). [...] <sup>27</sup>
- (48) Eins og segir í málsgrein 19 hér að framan þá hefur Ardian yfirráð yfir nokkrum fyrirtækjum sem hafa veltu á íslenskum mörkuðum. Fyrir nánari lýsing á þessum fyrirtækjum og starfsemi þeirra vísast til kafla 4.1.2 hér á eftir. Velta þessara fyrirtækja var samtals um 324 milljónir króna árið 2020, en sú velta skiptist með eftirfarandi hætti milli fyrirtækjanna (sjá einnig **fylgiskjal 16**):

Fyrirtæki	Velta á Íslandi 2020 (mil. Euro)	Velta á Íslandi 2020 (umreiknað í ISK)
Corob S.p.A.	[...]	...
Schwind eye-tech-solutions GmbH	...	...
Audiotonix Ltd.	...	...
Celli S.p.A.	...	...
Frulact S.A.	...	...
Revima	...	...
SLV GmbH	...	...] <sup>28</sup>
<b>TOTAL Ardian - Total sales</b>	<b>2.198</b>	<b>324.393.120</b>

- (49) Samkvæmt ársreikningi Mílu var heildarvelta félagsins 6.442 milljónir króna á árinu 2020 og [...] <sup>29</sup> á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021, og [...] <sup>30</sup> samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2021 en ársreikningur vegna ársins 2021 er ekki tiltækur þegar tilkynnt er um þennan samruna (**fylgiskjöl 12 og 13**).

### 3.7 Viðskiptalegar forsendur

- (50) Með þeim samruna sem hér er til umfjöllunar hyggjast Ardian Funds fjárfesta í stöðugri langtíma fjárfestingu, sem er í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðanna, eins og greinir í kafla 3.2 hér að framan.

<sup>25</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>26</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>27</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>28</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>29</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>30</sup> TRÚNAÐARMÁL

## 4. kafli

### Markaðir málsins og markaðshlutdeild samrunaaðila

#### 4.1 Markaðir Ardian

##### 4.1.1 Ardian

- (51) Ardian er sjóðastýringafyrirtæki (e. *private investment house*) sem stýrir sjóðum sem sérhæfa sig í framtaksfjárfestingum (e. *private equity investments*) og eignastýringu (e. *asset management*) fyrir stofnanafjárfesta. Ardian starfar þannig á markaði fyrir eignastýringu en samkvæmt ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins<sup>31</sup>, sem Samkeppniseftirlitið hefur vísað til í sínum málum<sup>32</sup>, tekur eignastýring til fjárfestingarráðgjafar og þar að lútandi fjárfestingar á grundvelli umboðs til þess frá viðskiptavini. Þannig felur eignastýring meðal annars í sér útfærslu, stofnun og markaðssetningu á sjóðum af ýmsu tagi um sameiginlega fjárfestingu. Heildarmarkaðurinn fyrir eignastýringu getur greinst í nokkra undirmarkaði, svo sem eftir viðskiptamannahópum, fjárfestingarstefnu og eðli sparnaðar, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2019 vegna samruna Kviku banka hf. og Gamma Capital Management hf., en af mögulegum undirmörkuðum má gera ráð fyrir að Ardian starfi á markaði fyrir eignastýringu fyrir stofnanafjárfesta og aðra fjársterka fagfjárfesta.
- (52) Sjóðir í stýringu Ardian eru jafnframt virkir í framtaksfjárfestingum en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tekið fram að slík fjárfestingarstarfsemi, sem felst í fjárfestingum í hlutafé í óskráðum félögum, geti flokkast undir sérstakan markað fyrir framtaksfjárfestingar eða talist hluti af ýmist markaði fyrir fyrirtækjaráðgjöf (e. *corporate finance*) eða markaði fyrir eignastýringu.<sup>33</sup> Hefur Samkeppniseftirlitið ekki, eftir því sem best verður séð, skilgreint sérstakan markað fyrir framtaksfjárfestingar. Þó er ljóst að mati samrunaaðila að ekki er, hvað samruna þennan varðar, þörf á að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á sérstökum markaði fyrir framtaksfjárfestingar.

##### 4.1.2 Fyrirtæki undir yfirráðum Ardian með veltu á Íslandi

- (53) Eins og segir í kafla 3.6 hér að framan þá fer Ardian með óbein yfirráð yfir nokkrum fyrirtækum sem hafa veltu á íslenskum mörkuðum, en eignarhald þessara fyrirtækja er innan annarra sjóða sem eru í stýringu Ardian. Ekkert þessara fyrirtækja er staðsett hérlendis og er starfsemi þeirra á mörkuðum sem eru algjörlega ótengdir þeim mörkuðum sem Míla starfar á. Yfirlit yfir starfsemi fyrirtækjanna, veltu þeirra á íslenskum mörkuðum og eignarhluta sjóða Ardian má sjá á **fylgiskjali 16**. Verður hér gert stuttlega grein fyrir starfsemi þeirra og hvaða mörkuðum þau starfa á:

- *Corob S. p. A.* er framleiðslu- og þjónustufélag með höfuðstöðvar á Ítalíu. Fyrirtækið framleiðir og selur vélbúnað fyrir málningarmarkað, svo sem blandara, hristara og vélbúnað til að skammta málningu. Enn fremur framleiðir fyrirtækið hugbúnað þessu tengdu. Félagið rekur þrjár

<sup>31</sup> Sjá til dæmis mál COMP/M.5384 (BNP Paribas/Fortis) og M.8359 (Amundi/Credit Agricole/Pioneer Investments).

<sup>32</sup> Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2019 (Samruni Kviku banka hf. og Gamma Capital Management hf.).

<sup>33</sup> Sjá til dæmis mál M.2577 (GE Capital/Heller Financial), M.6738 (Goldman Sachs/KKR/QMH) og M.8837 (Blackstone/Thomson Reuters F&R Business).

framleiðslustöðvar á Ítalíu, í Kanada og Indlandi. Þá rekur það alls fjórtán sölustöðvar víðs vegar um heim. Yfir 600 starfsmenn starfa hjá félaginu. Sjá nánar [www.corob.com/](http://www.corob.com/).

- *Schwind eye-tech-solutions GmbH*. er framleiðslu- og þjónustufélag með höfuðstöðvar í Þýskalandi. Félagið framleiðir og selur vélbúnað fyrir lækningavörumarkað, einkum vélbúnað fyrir framkvæmd aðgerða á augum með geisla („laseraðgerð“), og annan búnað því tengdu. Félagið selur vörur sínar víðs vegar um heim. Sjá nánar [www.eye-tech-solutions.com/en](http://www.eye-tech-solutions.com/en).
- *Audiotonix Ltd.* framleiðir og selur vélbúnað fyrir hljóðblöndun („mixera“) til notkunar á hljóðupptöku, tónleikum, útsendingum o.s.frv., ásamt öðrum tengdum búnaði. Undir hatti félagsins eru vörumerki á borð við Allen&Heath, DiGiGo og Klang:Technologies. Félagið er með aðsetur í Bretlandi. Sjá nánar <https://www.audiotonix.com/>.
- *Celli S.p.A.* er framleiðslu- og þjónustufyrirtæki með aðsetur á Ítalíu. Félagið framleiðir dælur og annan tengdan búnað fyrir drykki, svosem bjórdælur og dælubúnað fyrir gosdrykki. Hjá félaginu starfa um 400 starfsmenn á sex framleiðslustöðum, þrjár hverra eru á Ítalíu og þrjár í Bretlandi. Sjá nánar <https://www.celli.com/en/index>.
- *Frulact S.A.* er framleiðslufyrirtæki með aðsetur í Portúgal. Félagið framleiðir hráefni fyrir matvælaíðnað, og er sérhæft í framleiðslu hráefna úr ávöxtum. Auk Portúgals er félagið með starfsstöðvar í Frakklandi, Kanada, Marokkó og S-Afríku. Sjá nánar <https://frulact.com/>.
- *Revima* er þjónustufyrirtæki með aðsetur í Frakklandi. Félagið er sjálfstætt viðgerðar- og viðhaldsfyrirtæki í flugvélaíðnaði. Félagið þjónustar m.a. eigendur flugvéla, leigusala flugvéla og önnur viðgerðarfyrirtæki víða um heim. Hjá félaginu starfa um 800 starfsmenn. Sjá nánar <http://www.revima-group.com/>.
- *SLV GmbH*. er framleiðslu- og þjónustufyrirtæki með aðsetur í Þýskalandi. Félagið framleiðir ljós og annan tengdan búnað, svo sem hugbúnað fyrir ljós. Sjá nánar <https://www.slv.com/en/>.

(54) Samkvæmt framansögðu telja samrunaaðilar ljóst að Ardian og fyrirtæki undir yfirráðum Ardian starfi ekki á neinum mörkuðum sem tengjast fjarskiptum á Íslandi.


#### 4.2 Almenn um starfsemi Mílu

(55) Míla er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi fyrirtækisins í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Míla selur þannig lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi, og eru kerfi Mílu grunnur að fjölbættri fjarskiptaþjónustu um allt land.


(56) Fjarskiptakerfi Mílu tengir saman einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir og er miðpunktur flestra fjarskipta á Íslandi auk þess að tengja landið við umheiminn. Fjarskiptakerfið byggir á nokkrum megin kerfum. Þau helstu eru *Stofnnet*, *Aðgangsnnet*, *IP/MPLS net* og *farsímadreifikerfi*. Áður en fjallað verður nánar um markaðsskilgreiningar þeirra markaða sem Míla starfar á er hér í upphafi rétt að fara nokkrum orðum um þessi kerfi Mílu. Hér að neðan og á næstu síðu gefur að líta myndrænt yfirlit yfir tæknikerfi og þjónustu Mílu (sjá einnig **fylgiskjal 21**), auk þess sem á næstu síðum eru myndræn yfirlit til nánari útskýringar á mismunandi kerfum Mílu. [...]³⁴:

³⁴ TRÚNAÐARMÁL

## Tæknikerfi og þjónusta



## Uppbygging þjónustunnar



- (57) *Stofnnet* Mílu byggir á ljósleiðurum en einnig á örbylgjusamböndum sem undirlagi. Ljósleiðarakerfi Mílu nær til allra þéttbýliskjarna landsins og liggur hringinn um landið, en á þeim svæðum sem ekki eru tengd ljósleiðara eru stafræn örbylgjusambönd notuð til að tryggja öryggi fjarskipta. Stofnnets búnaður býr síðan til bandbreið sambönd um allt land, með bylgjulengdarkerfi, sambandabúnaði og örbylgjum:

## Stofnnet með bylgjulengdarkerfi, samböndum og örbylgjum


Stofnnet með bylgjulengdarkerfi (DW DM)



Bylgjulengdarkerfi (DW DM)

- **Öflugt grunnnet með hringtengingum.** 20 afhendingarstaðir þjónustu og 7 magnarastaðir
  - Innri / ytri hrings uppbygging til að verjast staðbundnum bilunum. Hægt að breyta flutningi gagna til að takmarka áhrif truflana og bilana á viðskiptavinum.
- Kerfi uppfært á um 10 ára fresti. Núverandi búnaður frá Ericsson en nýr búnaður frá Ciena. Uppfært á næsta ári.
- Bylgjulendirtíðni notuð til að flytja mikið gagnamagn yfir hvem ljósleiðarabráð
- Hægt að margfalda flutningsgetu kerfis

Stofnnet með Samböndum og Örbylgjum




Sambönd og Örbylgjur

- **Umfangsmikið sambandakerfi á bylgjulengdarkerfi og yfir ljósleiðara út frá bylgjulengdarkerfi.**
- **Landshlutahringir** á samböndum. Hraðbrautarsambönd fyrir mikla bandviðd styttri leiðir, s.s. fyrir gagnaver.
- Alls ~200 **örbylgju sambönd.** Mest notað þar sem ekki er aðgangur að ljósleiðara (t.d. fjallatoppar, eyjar, til að tengja farsímasenda og mjög afskekktu staði. Þéttbýlisstaðir sem eru tengdir með örbylgjum munu færast á ljósleiðara á næstu árum.
- Varasamband á staði sem eru eintengdir á ljósleiðara. Öryggisatriði.



- (58) **Aðgangsnét** Mílu samanstendur af ljósleiðurum, koparlínum og bitastraumspjónustu (GPON fyrir ljósleiðara og xDSL fyrir kopar). Míla hefur undanfarin ár unnið að því að skipta út kopartengingum fyrir ljósleiðara. Nú eru um 75% heimila á Íslandi með ljósleiðaratengingar, bæði frá Mílu og öðrum, og meirihluti tenginga Mílu eru nú yfir ljósleiðara. Míla hefur á síðustu 10 árum eða svo eingöngu lagt ljósleiðara í ný hverfi og þar er því ekki kopar í boði. Bitastraumspjónusta er fyrsta tæknilagið ofan á heimtaug, hvort sem hún er úr kopar eða ljósleiðara. Míla notar GPON tækni til að búa til tengingar yfir ljósleiðara og xDSL tækni til að búa til tengingar yfir kopar. Tengingar með kopar og xDSL, sem kallast Ljósnet, eru nú í miklum minnihluta tenginga:

## Aðgangsnét - Fastlínutengingar




- Umfang þjónustu**
- ✓ 105þ rými tengd ljósleiðara- 1Gbps
  - ✓ 143þ koparheimtaugar
  - ✓ Bitastraumspjónusta yfir ljós (GPON) og kopar (xDSL)
  - ✓ Aðgangur að þjónustu í næstu símstöð (L1) eða hjá fjaraskiptafélagi (L3)
  - ✓ Þjónusta í boði um allt land fyrir öll fjaraskiptafélög



- (59) *IP/MPLS net* Mílu myndar grunn IP flutningslag innanlands og tengir fjarskiptakerfi Mílu til útlanda, í tengipunkta í London, Amsterdam og New York. Kerfið samanstendur af 54 hnútpunktum um allt land og erlendis þaðan sem þjónustunni er dreift til notenda:


## IP/MPLS net og útländagátt




- (60) Míla á og rekur *farsímadreifikerfi*, sem samanstendur af óvirkum innviðum og virkum sendabúnaði sem er tengdur við farsímakjarna farnetsrekanda. [...] <sup>35</sup>. Farsímasendarnir eru notaðir til að koma 2G, 3G, 4G og nú 5G farsímaþjónustu til endanotenda:

<sup>35</sup> TRÚNAÐARMÁL

## Farsímanet - RAN



## RAN – Farsímadreifing og hýsing



- (61) Auk þessa býður Míla viðskiptavinum sínum hýsingarþjónustu, þar sem viðskiptavinum býðst að leigja aðstöðu fyrir búnað sinn á um 600 hýsingarstöðum um allt land bæði í tækjahúsum og í möstrum. Meirihluti viðkomandi tækjarýma eru í eigu Mílu en önnur

eru í eigu þriðja aðila. Viðskiptavinir fá aðgang að tækjahúsum eða möstrum fyrir búnað sinn, auk aðgangs að rafmagni og tengingu við fjarskiptanetið. Einnig býður Míla fjarskiptafyrirtækjum upp á vöktunarþjónustu (NOC) þar sem mikilvæg kerfi eru vöktuð allan sólahringinn, alla daga ársins. Loks býður Míla fjarskiptafyrirtækjum vettvangsþjónustu. Vettvangsþjónusta Mílu fer inn til viðskiptavina og setur upp búnað fyrir fjarskiptakerfi Mílu og búnað fyrir fjarskiptafélög sem selja endanotanda þjónustu.

- (62) Áður en fjallað verður nánar um skilgreiningu þeirra markaða sem Míla starfar á þykir hér rétt að fara fáeinum orðum um skilgreiningu markaða samkvæmt reglum samkeppnisréttarins og setja það í samhengi við það regluverki fjarskiptaréttarins.

#### 4.3 Skilgreining markaða

- (63) Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. skpl. er hugtakið markaður skilgreint sem „sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.“ Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Megintilgangur markaðsskilgreininga er að greina með skipulegum hætti þær samkeppnishömlur sem viðkomandi fyrirtæki standa frammi fyrir, þ.e. að greina raunverulega keppinauta viðkomandi fyrirtækja.<sup>36</sup>
- (64) Viðkomandi vörumarkaður samanstendur af öllum þeim vörum og/eða þjónustu sem notendur telja jafngilda eða hliðstæða vegna einkenna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar. Í tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður er gerð grein fyrir þeim grundvallarreglum sem gilda um markaðsskilgreiningu, en þar eru nefndar þrens konar samkeppnisástæður sem takmarka svigrúm fyrirtækja. Eru það í fyrsta lagi staðgengd í eftirspurn, í öðru lagi staðgengd í framboði og í þriðja lagi hugsanleg samkeppni.<sup>37</sup> Að því er varðar markaðsskilgreiningu er staðgengd í eftirspurn það sem mestu máli skiptir. Staðgengd í framboði getur komið til skoðunar, en á vanalega fremur við þegar um er að ræða mat á markaðsstyrk. Hvað varðar skilgreiningu landfræðilegra markaða þá er með landfræðilega markaðinum átt við það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í viðskiptum með vörur eða þjónustu og samkeppnisaðstæður fyrir þær vörur eða þjónustu eru sambærilegar. Landfræðilegi markaðurinn getur verið ýmist staðbundinn eða svæðisbundinn markaður, landsmarkaður eða alþjóðlegur markaður.
- (65) Þar sem Míla starfar á *fjarskiptamarkaði* lýtur Míla sérstöku regluverki þar að lútandi, þ.á m. ítarlegum reglum hvað varðar *skilgreiningu markaða* sem leiða meðal annars af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Skilgreining markaða samkvæmt þessu fjarskiptaregluverki á í grunninn *að lögum* að lúta sömu lögmálum og skilgreining markaða samkvæmt regluverki samkeppnisréttarins, sem lýst er hér að framan. Vegna þessa þá liggja þannig fyrir ítarlegar ákvarðanir fjarskiptayfirvalda þar sem flestir markaðir sem Míla starfar á hafa verið skilgreindir á grundvelli sams konar

<sup>36</sup> Sjá tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður (98/EES/28/01), mgr. 2.

<sup>37</sup> Tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður (98/EES/28/01), mgr. 13.

aðferðarfræði og beitt er við skilgreiningu markaða samkvæmt samkeppnislögum. Þó SE sé ekki bundið af markaðsskilgreiningum fjarskiptayfirvalda þá telja samrunaaðilar bæði rökrétt og eðlilegt að tekið sé mið af fyrirliggjandi skilgreiningum markaða Mílu í ákvörðunum Fjarskiptayfirvalda, enda samskonar aðferðarfræði lögð til grundvallar við skilgreiningu markaða í þeim ákvörðunum.

- (66) Ofangreindu til samræmis tekur eftirfarandi umfjöllun um markaði Mílu að stóru leyti mið af viðurkenndum markaðsskilgreiningum á sviði fjarskiptaregluverks. Samhengis vegna, og til þess að skýra nánar hvernig markaðsskilgreiningar á sviði fjarskiptaréttar lúta sams konar lögmálum og skilgreining markaða samkvæmt reglum samkeppnisréttarinnar, er því rétt að gera stuttlega grein fyrir því regluverki áður en fjallað verður nánar um einstaka markaði Mílu og stöðu Mílu á þeim mörkuðum.
- (67) Lög um fjarskipti nr. 81/2003, innleiða tilskipanir Evrópusambandsins (ESB) um fjarskipti.<sup>38</sup> Fjarskiptalöggjöf ESB er ætlað að skapa einsleit starfsskilyrði fyrir fjarskiptafyrirtæki í Evrópu, takmarka hindranir og skapa skilyrði fyrir sjálfbæra samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur. Í V. kafla laga um fjarskipti er sú skylda lögð á Fjarskiptastofu (áður Póst- og fjarskiptastofnun) að skilgreina ákveðna fjarskiptamarkaði eftir *þjónustutegundum og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum)*. Jafnframt er Fjarskiptastofu skylt að greina hina skilgreindu markaði og kanna hvort á þeim ríki virk samkeppni. Ef Fjarskiptastofa kemst að þeirri niðurstöðu að það ríki virk samkeppni á viðkomandi markaði, þ.e. að ekkert fyrirtæki sé með umtalsverðan markaðsstyrk, er stofnuninni óheimilt að leggja kvaðir á fyrirtækin. Komist Fjarskiptastofa hins vegar að þeirri niðurstöðu að á viðkomandi markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að eitt eða fleiri fyrirtæki eru með umtalsverðan markaðsstyrk ber stofnuninni að útnefna viðkomandi fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og leggja á þau viðeigandi kvaðir.
- (68) Samkvæmt 28. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021, sbr. áður 7. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, skal Fjarskiptastofa áður en hún tekur ákvörðun, sem hefur áhrif á viðskipti milli ríkja, um skilgreiningu fjarskiptamarkaða og greiningu þeirra, um kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild eða um aðgang og samtengingu og breytingar á skyldum á smásölumarkaði, hafa samráð við ESA og eftirlitsstofnanir í einstökum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES samningnum.
- (69) ESA hefur einnig gefið út leiðbeiningar og tilmæli þar sem fjallað er um framkvæmd markaðsgreininga. *Annars vegar* eru það leiðbeiningar um markaðsgreiningu og mat á umtalsverðum markaðsstyrk frá 14. júlí 2004 („**ESA leiðbeiningarnar**“)<sup>39</sup> og *hins vegar*

<sup>38</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að, og samtengingu við fjarskiptanet og aðstöðu sem þeim tengist (aðgangs- og samtengingartilskipun); Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (heimildartilskipun); Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan ramma stjórnsýslu um fjarskiptanet og þjónustu (rammatilskipun); og Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (alþjónustutilskipun).

<sup>39</sup> Leiðbeiningarnar (sjá nánar <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2006-is/su-nr-21-is-27-04-2006.pdf>) tóku mið af sambærilegum leiðbeiningum frá framkvæmdastjórn ESB frá 2002. Framkvæmdastjórn ESB hefur nú uppfært leiðbeiningar sínar um markaðsgreiningar og mat á umtalsverðum

tilmæli um viðkomandi markaði sem geta verið andlag fyrirframkvaða frá 11. maí 2016 („ESA tilmælin“).<sup>40</sup>

- (70) Árið 2009 var gefin út reglugerð um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta, nr. 741/2009, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2018, með stoð í 3. mgr. 18. gr. og 75. gr. laga um fjarskipti. Reglugerðin gildir um málsmeðferð og helstu viðmið sem byggja skal á við skilgreiningu fjarskiptamarkaða, greiningu á viðkomandi mörkuðum, ákvörðun um útnefningu fyrirtækis eða fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og ákvörðun um kvaðir, samkvæmt lögum um fjarskipti. Reglugerðin byggir á ofangreindum EES gerðum, tilmælum og leiðbeiningum.
- (71) Árið 2018 voru samþykktar tvær nýjar gerðir innan ESB sem leysa af hólmi eldri tilskipanir á sviði fjarskiptamála. *Annars vegar*, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972, frá 11. desember 2018, um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (e. European Electronic Communications Code Directive eða EECC-tilskipunin), sem stundum er vísað til sem „Kóðans“. Um er að ræða nýja grunngerð, þ.e. uppfærðar meginefnisreglur á fjarskiptamarkaði, sem leysir af hólmi fjórar eldri gerðir (sjá tilvísun til þeirra í neðanmálgrein 3). *Hins vegar* reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971, frá 11. desember 2018, um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (e. Body of European Regulators for Electronic Communications eða BEREC) og stofnun honum til stuðnings (e. Agency for Support for BEREC eða BEREC Office), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009. Ofangreindar gerðir voru teknar inn í EES samninginn þann 24. september 2021.
- (72) Frumvarp til nýrra laga um fjarskipti hefur tvívegis verið lagt fram á Alþingi<sup>41</sup> og er því ætlað að innleiða umræddar gerðir í íslenskan rétt og veita heimild til setningar tilheyrandi reglugerða. Frumvarpið varð ekki útrætt, en samkvæmt þingmálaskrá 152. löggjafarþings 2021-2022 stendur til að endurflytja frumvarpið í janúar 2022.<sup>42</sup> Er þannig næsta víst að efni frumvarpsins verði að lögum fyrir en síðar, enda um að ræða innleiðingu á Evrópsku regluverki í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Samkvæmt fyrrnefndu frumvarpi eru meðal annars áformaðar ýmsar breytingar á ákvæðum um markaðsgreiningar og kvaðir. Þannig stendur meðal

---

markaðsstyrk, sbr. *Commission Guidelines on market analysis and the assessment of significant market power under the EU regulatory framework for electronic communications networks and services* frá 26. apríl 2018 (2018/C 159/01). Þær leiðbeiningar hafa ekki formlega verið teknar upp af ESA. Sjá einnig vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar sem hefur að geyma frekari umfjöllun um framkvæmd markaðsgreininga, sbr. „*Commission staff working document, C(2018) 2374 final*.“

<sup>40</sup> Tilmælin (sjá nánar <http://www.eftasurv.int/media/decisions/College-decision---Revision-of-ESA-Recommendation-on-RelevantMarkets-susceptible-to-ex-a.pdf>) taka mið af *COMMISSION RECOMMENDATION of 9 October 2014 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communications networks and services (Text with EEA relevance)* (2014/710/EU).

<sup>41</sup> Sjá frumvarp lagt fram á 150. löggjafarþing 2019–2020 (þingskjal 1354 – 775. mál) og endurflutt frumvarp lagt fram á 151. löggjafarþingi (þingskjal 210 – 209. mál).

<sup>42</sup> <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/thingmalaskra/>: „Frumvarp til laga um fjarskipti.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun gildandi regluverks á sviði fjarskipta með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 í landsrétt, sem tekin var upp í EES- samninginn haustið 2021. Brýnt er að upp-færa gildandi efnisreglur á sviði fjarskipta og tryggja við-eigandi framkvæmd þeirra hér á landi. Inn-leiðing. Endurflutt. Janúar.“

annars til að lögfesta ýmis áhersluatriði við framkvæmd markaðsgreininga sem er að finna í leiðbeiningum og tilmælum ESA. Sú breyting mun að líkindum ekki hafa mikil áhrif á framkvæmd markaðsgreininga þar sem Fjarskiptastofa hefur jafnan til þessa leitast við að taka tillit til slíkra leiðbeininga og tilmæla.

- (73) Í fyrrnefndum *ESA leiðbeiningum* er að finna umfjöllun um þær meginreglur sem fjarskiptayfirvöldum innan EFTA-ríkjanna ber að fara eftir við skilgreiningu markaða og greiningu á markaðsaðstæðum og samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Eins og sjá má af þeirri umfjöllun þá eru í grunninn hin hefðbundna aðferðarfræði samkeppnisréttarins lögð til grundvallar, sbr. umfjöllun í mgr. 63 – 64 hér að framan. Þannig er um skilgreiningu landfræðilegra markaða vísað til viðtekinnar dómaframkvæmdar innan Evrópu á sviði samkeppnisréttar um að „landsvæði viðkomandi markaðar [sé] svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu og þar sem samkeppnisskilyrði eru hin sömu eða nægilega svipuð; jafnframt þarf að vera unnt að greina svæðið frá nærliggjandi svæðum sem búa að verulegu leyti við önnur samkeppnisskilyrði.“ Þá kemur þar fram að á sviði fjarskipta hefur verið venja að draga landamerki viðkomandi markaða í samræmi við tvö meginviðmið, þ.e. annars vegar svæðið sem netkerfi nær til og hins vegar „gildandi löggæringa“ (þ.e. lög og reglugerðir). Á grundvelli þessara tveggja meginviðmiða megi skipta mörkuðum eftir landamerkjum í staðbundna markaði, héraðsbundna markaði og innanlandsmarkaði, auk markaða sem ná yfir landsvæði í tveimur eða fleiri löndum (t.d. samevrópska markaði, EES-markaði eða heimsmarkaði). Hvað varðar skilgreiningu vörumarkaða þá er sú umfjöllun í *ESA leiðbeiningunum* einnig í samræmi við viðtekin sjónarmið samkeppnisréttarins, og sömu aðferðarfræði beitt við mat á því hvaða vörur/þjónusta tilheyrir sama markaði hvort sem er á sviði fjarskiptaréttar eða samkeppnisréttar. Nánari lýsingu á umræddu regluverki er látin fylgja samrunatilkynningunni sem ítarefni (**fylgiskjal 31**), en framangreint ætti að mati samrunaaðila að skýra hvers vegna samrunaaðilar telja rétt að taka mið af fyrirliggjandi skilgreiningum fjarskiptayfirvalda á viðkomandi mörkuðum, sbr. eftirfarandi umfjöllun um markaði Mílu.

#### 4.4 Markaðir Mílu

- (74) Samrunaaðilar byggja á því að megin vörumarkaðir sem Míla starfi á séu eftirfarandi:
- Heildsölumarkaður fyrir koparheimtaug
  - Heildsölumarkaður fyrir ljósleiðaraheimtaug
  - Heildsölumarkaður fyrir bitastraumstengingar um koparheimtaugar
  - Heildsölumarkaður fyrir bitastraumstengingar um ljósleiðaraheimtaugar
  - Markaður fyrir lúkningarluta leigulínu í heildsölu
  - Markaður fyrir stofnlínuhluta leigulína í heildsölu
  - Markaður fyrir aðstöðuleigu á óvirkum innviðum
  - Markaður fyrir rekstur á virkum innviðum fyrir farsímakerfi
  - Markaður fyrir IP-MPLS

- Markaður fyrir utanlandsteningar

(75) Þá starfar Míla einnig á mörkuðum sem mætti skilgreina sem vettvangsþjónustu og vöktun á fjarskiptakerfum. Um landfræðilega afmörkun þessara markaða vísast til nánari umfjöllunar hér á eftir. Verður nú gerð nánar fyrir þessum mörkuðum sem Míla starfar á og stöðu Mílu á þeim mörkuðum eftir því sem þær upplýsingar er hægt að veita, en eins og áður segir verður m.a. tekið mið af fyrirliggjandi ákvörðunum Fjarskiptastofu sem snerta markaði Mílu eftir því sem við á.

#### **4.4.1 Markaður fyrir heildsölu á heimtaug (heildsölumarkaður fyrir staðaraðgang með fasttengingu; markaður 3a) og markaður fyrir heildsölu bitastraumsaðgangs (heildsölumarkaður fyrir miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur; markaður 3b)**

##### **4.4.1.1 Markaðir 3a og 3b samkvæmt ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 5/2021**

(76) Þann 19. október sl. tók Fjarskiptastofa ákvörðun nr. 5/2021, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b) (hér eftir „**ákvörðunin**“).<sup>43</sup> Það liggur þannig fyrir nýleg ákvörðun Fjarskiptastofu er varðar markaði fyrir heildsölu á heimtaug og bitastraumsaðgangi.

(77) Í ákvörðuninni, hvað varðar **heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu (3a)**, segir meðal annars:

(7) Niðurstaða markaðsgreiningar Fjarskiptastofu árið 2021 varðandi markað 3a er eftirfarandi:

(8) Markaður 3a samanstendur af **aðgangsnetum (heimtaugum) á fastlínu, bæði kopar og ljósleiðara (þó ekki P2P LjósliNUM Mílu til fyrirtækja), og tengdri aðstöðu, ásamt sýndarlausnum (VULA), sem uppfylla sömu þarfir og heimtaugaleiga.**

(9) Fjarskiptastofa framkvæmdi ítarlega landfræðilega greiningu á umræddum markaði eftir sveitarfélögum, en komst að þeirri niðurstöðu að **þrátt fyrir nokkuð mismunandi samkeppnisaðstæður milli sveitarfélaga væru þær ekki nægjanlega ólíkar til að réttlæta aðgreinda landfræðilega markaði.** Fjarskiptastofa hyggst þó beita mismunandi kvöðum í 17 sveitarfélögum af 69, en þar búa um 70% íbúa landsins, þar sem þar ríkir að mati Fjarskiptastofu meiri samkeppni en á öðrum svæðum.

(10) Míla er enn með mestu markaðshlutdeildina á viðkomandi markaði, eða um **57% af markaðnum miðað við fjölda kopar- og ljósleiðaraheimtauga í notkun á landsvísu í árslok 2020**, á meðan GR kemur næst með mun minni hlutdeild eða 36%. Markaðshlutdeild Mílu hefur lækkað úr því að vera 83% í árslok 2013. Fjarskiptastofa telur, að þó markaðshlutdeildin hafi lækkað töluvert, þá sé hún enn það há, að hún gefi mjög sterka vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Fleira rennir stöðum undir niðurstöðu um umtalsverðan markaðsstyrk Mílu, s.s. heildarstærð, arðsemi og efnahagslegur styrkleiki

<sup>43</sup> Sjá nánar <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/fr%C3%A9ttir/akvordun-um-markadsgreiningar-a-heildsolumorkudum-fyrir-heimtaugar-stadaradgang-med-fasttengingu-og-bitastraumstengingar-midlaegan-adgang-med-fasttengingu-fyrir-fjoldafraemleiddar-vorur>.



Símasamstæðunnar, aðgangshindranir, þ.á.m. lóðrétt samþætting Símasamstæðunnar og stærðar- og breiddarhagkvæmni Mílu sem og skortur á samkeppni. Míla hefur ennþá yfir að ráða eina aðgangshindrun sem er nánast landsdekkandi og hefur verið í stórfelldum fjárfestingum í ljósleiðaranetum á undanförunum árum. Þá er staða Símasamstæðunnar enn mjög sterk og hefur markaðshlutdeild Símans á frálíggjandi smásöllumarkaði verið nokkuð stöðug síðustu árin og stóð í rúmlega 46% í árslok 2020. Það er niðurstaða Fjarskiptastofu að Míla hafi enn umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði og það muni að öllum líkindum ekki breytast á áætluðum líftíma greiningarinnar. Nánari forsendur fyrir þessari niðurstöðu Fjarskiptastofu er að finna í viðauka A, sér í lagi í kafla 8.

(11) Með hliðsjón af markaðsskilgreiningu þjónustumarkaðar, þar sem **kopar- og ljósleiðaraheimtaugar eru taldar tilheyrja markaðnum**, og **landfræðilegs markaðar, sem telst vera landið allt**, greiningu á samkeppni á viðkomandi markaði og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. laga um fjarskipti, útnefni Fjarskiptastofa Mílu ehf. áfram með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Fjarskiptastofa útnefni ennfremur Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði, en saman mynda félögin eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar og markaðsgreiningar þessarar.

- (78) Samkvæmt framangreindu byggir ákvörðunin þannig á tilteknum grundvallarforsendum, ekki hvað síst að hinn **landfræðilegi markaður telst vera landið allt**, þrátt fyrir að talið sé að meiri samkeppni ríki í 17 sveitarfélögum en öðrum, og að **kopar- og ljósleiðaraheimtaugar eru taldar tilheyrja sama markaðnum**. Á grundvelli þessa er „Míla [...] enn með mestu markaðshlutdeildina á viðkomandi markaði, eða um **57% af markaðnum miðað við fjölda kopar- og ljósleiðaraheimtauga** í notkun á landsvísu í árslok 2020, á meðan GR kemur næst með mun minni hlutdeild eða 36%“. Þessu til viðbótar er staða „Símasamstæðunnar“ talin skipta miklu í forsendum ákvörðunarinnar.
- (79) Í ákvörðuninni, hvað varðar **heildsöllumarkaði fyrir miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframliddar vörur (markaður 3b)**, segir:

(72) Niðurstaða markaðsgreiningar Fjarskiptastofu árið 2021 varðandi markað 3b er eftirfarandi:

(73) Markaður 3b samanstendur af **ýmsum bitastraumslausnum, sem veita tengingu milli endanotanda og aðgangspunkts, sem er miðlægur í fjarskiptaneti, og notaðar eru til að veita hefðbundinn internetaðgang ásamt tengdri þjónustu, m.a. IP síma (VoIP) og IPTV**.

(74) Fjarskiptastofa framkvæmdi ítarlega landfræðilega greiningu á umræddum markaði eftir sveitarfélögum, en komst að þeirri niðurstöðu að **þrátt fyrir nokkuð mismunandi samkeppnisaðstæður milli sveitarfélaga væru þær ekki nægjanlega ólíkar til að réttlæta aðgreinda landfræðilega markaði**. Fjarskiptastofa hyggst þó beita **mismunandi kvöðum í 17 sveitarfélögum, þar sem þar ríkir að mati Fjarskiptastofu meiri samkeppni en á öðrum svæðum**.

(75) Frá því að markaðsgreining fór fram árið 2014 hefur markaðshlutdeild Mílu á markaði 3b lækkað úr 65% niður í **57% í árslok 2020**. Fjarskiptastofa telur að þó markaðshlutdeildin hafi lækkað nokkuð þá sé hún enn það há að hún gefi mjög sterka vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Fleira rennir stoðum undir niðurstöðu um umtalsverðan markaðsstyrk Mílu, s.s. heildarstærð, arðsemi og efnahagslegur styrkleiki Símasamstæðunnar, aðgangshindranir, þ.á.m. lóðrétt samþætting Símasamstæðunnar og stærðar- og breiddarhagkvæmni Mílu og skortur á samkeppni. Míla hefur ennþá yfir að ráða eina aðgangshindrun sem er nánast landsdekkandi og hefur fjárfest mikið í bitastraumsbúnaði fyrir ljósleiðaranet á undanförunum árum. Þá er staða Símasamstæðunnar enn mjög sterk og hefur markaðshlutdeild Símans á

fráliggjandi smásöllumarkaði verið nokkuð stöðug á síðustu árum og stóð í rúmlega 46% í árslok 2020. Það er niðurstaða Fjarskiptastofu að Míla hafi enn umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði og það muni að öllum líkindum ekki breytast á áætluðum líftíma greiningarinnar. Nánari forsendur fyrir þessari niðurstöðu Fjarskiptastofu er að finna í viðauka A, sér í lagi í kafla 9.

(76) Með hliðsjón af markaðsskilgreiningu þjónustumarkaðar, þar sem **bitastraumstengingar um kopar- og ljósleiðaraheimtaugar eru taldar tilheyra markaðnum**, og **landfræðilegs markaðar, sem telst vera landið allt**, greiningu á samkeppni á viðkomandi markaði og í samræmi við 2. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr., laga um fjarskipti, hefur Fjarskiptastofa ákveðið að útnefna Mílu ehf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Þá hefur Fjarskiptastofa enn fremur ákveðið að útnefna Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði, en saman mynda félögin eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar og markaðsgreiningar þessarar.

(80) Samkvæmt þessu er þannig byggt á sambærilegum *grundvallarforsendum*, og undir *markaði 3a*, sbr. fyrri umfjöllun að breyttu breytanda.<sup>44</sup>

<sup>44</sup> Í kafla 4.1 í Viðauka A við ákvörðunina, gefur að líta nánari skýringu á hvað *skilur á milli* þessara tveggja markaða. Segir að bæði staðbundinn aðgangur og miðlægur aðgangur geti verið undirliggjandi heildsöluþjónusta fyrir internetþjónustu. Að einhverju leyti geti staðganga komið til álita í því sambandi. Hins vegar séu veigamiklir þættir ólíkir í þessum þjónustutegundum. Þjónustuleiðirnar hafi í för með sér mismunandi mikla fjárfestingaráhættu, þar sem aðili sem kaupir staðbundinn aðgang þurfi að fjárfesta mun meira í eigin netum og búnaði en sá sem kaupir miðlægan aðgang. Þá skapi staðbundinn aðgangur aðgangsbeiðanda mun meiri möguleika á að móta smásöluþjónustu og skapa sér sérstöðu á smásöllumarkaði. Í kafla 4.2.7, segir meðal annars um *markað 3a*:

302. [...] *Markaðurinn samanstendur því af aðgangi að efnislegum tengingum í aðgangsnetum í kopar- og ljósleiðaranetum, ásamt samsvarandi sýndarnetslausnum sem uppfylla þau skilyrði sem lýst er í skýringum með tilmælum um viðkomandi markaði, þ.e. 1) að aðgangur sé staðbundinn en ekki miðlægur, 2) að leigutaki geti valið hvaða þjónustu hann veiti og hafi tryggða afkastagetu og 3) að leigutaki hafi fulla stjórn á tengingunni.*

303. *PFS telur allar tengingar á ljósleiðara og koparnetum sem uppfylla fyrrgreind skilyrði tilheyra sama heildsöllumarkaði og að ekki sé ástæða til þess að aðgreina undirmarkaði eftir mismunandi tæknilausnum. Eins og fram kom í umfjöllun um smásöllumarkaðinn, þá telur PFS að keðjustaðganga sé á milli mismunandi lausna á kopar og ljósleiðara og með tilliti til þess verður að telja að keðjustaðganga sé einnig til staðar í heildsölu. Þess má geta að rúmlega 90% bitastraumstenginga á koparneti Mílu eru í formi VDSL og að hlutfall ADSL tenginga af heildarbitastraumstengingum hér á landi er komin undir 3%. Innri sala fyrirtækja og fyrirtækjasamstæða er hluti af markaðnum.*

304. *PFS telur að til markaðar 3a teljist heimtaugaleiga á koparheimtaugum, bæði fullur aðgangur og skiptur, sem og heimtaugaleiga á ljósleiðaraheimtaugum, hvort sem er með PON eða P2P högun, ásamt samsvarandi sýndarnetslausnum sem uppfylla þau skilyrði sem að ofan greinir.*

Í kafla 4.2.8 er fjallað um *staðbundinn aðgang* í boði hér á landi, þ.m.t. að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. („GR“) reki ljósleiðaranet á höfuðborgarsvæðinu og hluta Vestur- og Suðurlands hvar boðinn sé virkur aðgangur að netinu, sem og Tengir hf. („Tengir“) í öllum sveitarfélögum Norðurlands eystra auk fleiri sveitarfélaga. Bent er á að GR bjóði ekki aðgang að óvirkum heimtaugum á heimilismarkaði. Heimtaugar í eigu fyrirtækisins séu samt sem áður undirliggjandi þáttur í þjónustu félagsins á markaði 3b og sé því fyrirtækið til staðar á markaði 3a, að því er varði þjónustu við eigin starfsemi í formi innri sölu, en fyrirtækið stundi ekki ytri sölu á þeim markaði.

Um *markað 3b* segir í kafla 4.3.5 í Viðauka A hinnar kærðu ákvörðunar:

331. ... *Markaðurinn samanstendur því af óefnislegum lausnum sem boðnar eru miðlægt í kopar- eða ljósleiðaranetum, uppfylla ekki skilyrði til að teljast til markaðar 3a og eru notaðar til að veita miðlæga fjöldaframleidda bitastaumþjónustu [sic]. PFS telur allar tengingar á ljósleiðara og koparnetum sem uppfylla fyrrgreind skilyrði tilheyra viðkomandi heildsöllumarkaði og að ekki sé ástæða til þess að aðgreina undirmarkaði eftir mismunandi tæknilausnum. Eins og fram kom í umfjöllun um smásöllumarkaðinn, þá telur PFS að keðjustaðganga sé á milli mismunandi lausna á kopar og ljósleiðara og með tilliti til þess verður að telja að keðjustaðganga sé einnig til staðar í heildsölu á viðkomandi markaði. Innri sala fyrirtækja og fyrirtækjasamstæða á viðkomandi markaði er hluti af markaðnum.*

Í kafla 4.3.6 er fjallað um *miðlægan aðgang* (hvar aðgangur er veittur miðlægt og kaupendur hafa takmarkaða stjórnunarmöguleika) í boði hér á landi, þ.m.t. að GR reki ljósleiðaranet á höfuðborgarsvæðinu og hluta Vestur- og Suðurlands. Fyrirtækið bjóði miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur sem hægt sé að tengjast á tveimur tengistöðum í Reykjavík og að Tengir eigi og reki ljósleiðaranet í öllum sveitarfélögum Norðurlands eystra, fyrir utan Svalbarðshrepp og Tjörneshrepp, og bjóði upp á virkan miðlægan aðgang sem tilheyri

- (81) Fjarskiptastofa leggur síðan *íþyngjandi kvaðir* á Mílu, og einnig að hluta til Símann. Um er að ræða eftirfarandi kvaðir:
- Kvöð um aðgang (Míla)
  - Kvöð um jafnræði (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum varðandi ERT próf)
  - Kvöð um gagnsæi (Míla)
  - Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum í tengslum við ERT próf)
  - Kvöð um eftirlit með gjaldskrá (kostnaðarviðmiðun) á koparheimtaugum (Míla)
  - Kvöð um að standast ERT próf varðandi ljósleiðaraheimtaugar (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum)
  - Kvöð um kostnaðarbókhald (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum í tengslum við ERT próf)
- (82) Þeim kvöðum sem hvíla á Mílu á grundvelli nefndrar ákvörðunar Fjarskiptastofu er nánar lýst í kafla 2 og 4 í ákvörðun Fjarskiptastofu.<sup>45</sup> Eðli máls samkvæmt eru þær kvaðir í gildi þar til ákvörðun sem leggur viðkomandi kvaðir á er felld úr gildi, hvort sem það er með úrlausn æðra stjórnvalds eða dómstóla eða þá með töku nýrrar ákvörðunar, sbr. nánari umfjöllun í kafla 5.2.2 hér á eftir. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá hefur ekki hvílt á „Símasamstæðunni“ að því er varðar ljósleiðara. Í stað kvaðar um að Míla skuli kostnaðargreina verð fyrir slíkar afurðir, leggur Fjarskiptastofa á „vægari“ kvöð, þannig að samstæðan standist svokallað efnahagslegt hermipróf (e. Economic Replicability Test – ERT), sem setur visst aðhald á verðlagningu ljósleiðaraafurða samstæðunnar á heildsölu- og smásölustigi. Fjarskiptastofa kveðst síðar taka „sérstaka ákvörðun“ um útfærslu umræddrar ERT kvaðar, áður en unnt verður að framkvæma slíkt próf. Á *markaði 3b* er jafnframt lögð kvöð á Mílu, sem mun vera *án fordæma* að best er vítað, um að Míla „skuli gegn hæfilegu gjaldi setja upp bitastraumsbúnað á ljósleiðaranetum óskyldra aðila sem þess óska“, þ.e. Mílu er skylt að bjóða upp á bitastraumspjónustu á ljósleiðaranetum annarra lögaðila, jafnvel þótt Míla búi sjálf að, og hafi fjárfest í, eigin ljósleiðaraneti á sama svæði.
- (83) Í *17 tilteknum sveitarfélögum* þar sem meiri samkeppni ríkir en annars staðar, munu kvaðir um aðgang að rörum og lagnaleiðum, auglýsingaskyldu varðandi jarðvegsframkvæmdir og upplýsingaskyldu með 5 ára fyrirvara um yfirfærslu netkerfa (e. migration), ekki gilda. Um framangreint segir meðal annars í ákvörðuninni, sbr. einnig *efnisgrein 81* hvað varðar *markað 3b*:

(16) Að mati Fjarskiptastofu eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum laga um fjarskipti og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. Fjarskiptastofa telur að kvaðirnar taki auk þess mið af eðli þeirra mögulegu og raunverulegu

---

markaði 3b.

<sup>45</sup> Sjá kafla 2 og 4 í ákvörðuninni (<https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=362a8faa-7daa-44f5-9a32-569f7468ca70>) og viðauka A við ákvörðunina (<https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=90a3be67-565c-4c00-82ff-865cf81e9459>), einkum kafla 10 og 11.

samkeppnisvandamála sem Fjarskiptastofa hefur greint sbr. umfjöllun í kafla 10.2 í viðauka A og sniðnar til að leysa þau. Að mati Fjarskiptastofu eru þær viðeigandi, réttlætanager, rökstuddar, gagnsæjar og í samræmi við þau markmið sem þeim er ætlað að ná, þ.e. að efla samkeppni á viðkomandi markaði, sem og á fráliggjandi heildsölumarkaði 3b og tengdum smásölumörkuðum, stuðla að áframhaldandi ljósleiðaraútbreiðslu, stuðla að uppbyggingu innri markaðar fyrir fjarskipti innan EES-svæðisins og standa vörð um hagsmuni notenda. Kvaðirnar ganga að mati Fjarskiptastofu ekki lengra en nauðsynlegt er og leggja ekki þyngri byrðar á fyrirtækin en nauðsynlegt þykir.

- (84) Ákvörðunin gengur þannig meðal annars út á að starfsemi Mílu sæti *verulega íþyngjandi kvöðum* á stórum markaðssvæðum, þ.á m. á stóra höfuðborgarsvæðinu, *þrátt fyrir* að GR, sem er dótturfélag í 100% eigu Orkuveitu Reykjavíkur, sem er aftur að langstærstum hluta í eigu Reykjavíkurborgar, sé þar með umtalsvert hærri markaðshlutdeild.

#### 4.4.1.2 Skilgreining Mílu á heildsölumörkuðum fyrir heimtaug og bitastraumsaðgang

- (85) Hér að framan er gerð grein fyrir skilgreiningu Fjarskiptastofu á heildsölumörkuðum fyrir heimtaug og bitastraumsaðgang. Eins og þar kemur fram þá hefur verið talið að á þeim mörkuðum sé *staðganga milli kopar- og ljósleiðaraheimtauga* og markaðirnir hafa verið afmarkaðir landfræðilega við *landið allt*. Samrunaaðilar eru ekki sammála þessari skilgreiningu, og telja annars vegar að ekki sé staðganga milli kopar- og ljósleiðaraheimtauga í þeim mæli að tilheyri sama vörumarkaði og hins vegar að landfræðileg afmörkun markaðanna sé þrengri en landið allt.<sup>46</sup>
- (86) Hvað skilgreiningu vörumarkaða varðar telja samrunaaðilar að ekki sé til staðar staðganga milli kopar- og ljósleiðaraheimtauga í þeim mæli að tilheyri sama vörumarkaði. Því sé rétt að skilgreina eftirfarandi markaði hvað varðar heimtaugar og bitastraumsaðganga:
- i) *heildsölumarkaður fyrir koparheimtaug*, sem samanstendur af aðgangsnétum (heimtaugum) á fastlínu, í formi kopar (þó ekki P2P Ljóslnum Mílu til fyrirtækja), og tengdri aðstöðu, ásamt sýndarlausnum (VULA), sem uppfylla sömu þarfir og heimtaugaleiga.
  - ii) *heildsölumarkaður fyrir ljósleiðaraheimtaug*, sem samanstendur af aðgangsnétum (heimtaugum) á fastlínu, í formi ljósleiðara, og tengdri aðstöðu, ásamt sýndarlausnum (VULA), sem uppfylla sömu þarfir og heimtaugaleiga.
  - iii) *heildsölumarkaður fyrir bitastraumstengingar um koparheimtaugar*, sem veita tengingu milli endanotanda og aðgangspunkts, sem er miðlægur í fjarskiptaneti, og notaðar eru til að veita hefðbundinn internetaðgang ásamt tengdri þjónustu, m.a. IP síma (VoIP) og IPTV.

<sup>46</sup> Rétt er að geta þess að Míla hefur kært ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 5/2021 til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, með stjórnslukæru 15. nóvember 2021. Krefst Míla þess aðallega að ákvörðunin verði felld úr gildi en til vara að ákvörðunin verði felld úr gildi, eða henni eftir atvikum breytt, hvað varðar þá þætti hennar sem úrskurðarnefnd felst á að haldnir séu ógildingarannmörkum. Yfirlit yfir meginatriði kæru Mílu fylgir þessari samrunatilkynningu sem ítarefni (**fylgiskjal 31**), og gera samrunaaðilar ráð fyrir SE muni kalla eftir frekari upplýsingar um þá kæru ef það er talið nauðsynlegt.

iv) heildsölumarkaður fyrir bitastraumstengingar um ljósleiðaraheimtaugar, sem veita tengingu milli endanotanda og aðgangspunkts, sem er miðlægur í fjarskiptaneti, og notaðar eru til að veita hefðbundinn internetaðgang ásamt tengdri þjónustu, m.a. IP síma (VoIP) og IPTV.

- (87) Ástæða þess að samrunaaðilar telja rétt að gera þennan greinarmun er sú að staðgengd í eftirspurn neytenda er ekki slík að hægt sé að líta á koparheimtaugar sem staðgönguvöru fyrir ljósleiðaraheimtaugar. Þannig telja samrunaaðilar að lítil (5-10%) en varanleg hækkun á verði ljósleiðara myndi ekki leiða til aukinnar eftirspurnar eftir kopartengingum. Þessu til stuðnings má vísa til neytendakönnunar Gallup sem gerð var fyrir Mílu í tengslum við málsmeðferð ákvörðunar Fjarskiptastofu nr. 5/2021, sem að mati samrunaaðila bendir til þess að sá þáttur sem skipti mestu um val neytenda á internetþjónustuaðila sé hraði og gæði þjónustu og þar er einmitt munurinn á kopar og ljósleiðara, þ.e. ljósleiðari skilar meiri hraða og meiri gæðum. Fjarskiptastofa aflaði einnig neytendakönnunar sem Fjarskiptastofa taldi styðja það mat sem fram kæmi í frumdrögum markaðsgreiningarinnar um að staðganga væri á milli internetþjónustu yfir tengingar á koparneti og internetþjónustu sem veitt væri yfir ljósleiðaratengingar, og að það sem mestu réði um val neytenda væri verð, en að mati samrunaaðila er könnun Fjarskiptastofu fjölmörgum annmörkum háð. Niðurstöður umræddrar könnunar Mílu, sem og óháð álit frá Valdimari Sigurðssyni, prófessor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, á umræddum könnunum, fylgja samrunatilkynningunni sem **fylgiskjöl 32 – 34**). Í þessu samhengi benda samrunaaðilar jafnframt á að fjölmargar tölulegar staðreyndir renna stoðum undir að kopar og ljós tilheyri ekki sama markaði, þ.á m. að hlutfall kopartenginga af heildartengingum hafi farið mjög þverrandi og þá staðreynd, sem segir raunar allt sem segja þarf, að á mörkuðum hvar Míla býður upp á ljós og kopar velja 89% neytenda ljósleiðara.<sup>47</sup>
- (88) Hvað varðar landfræðilega afmörkun viðkomandi markaða þá telja samrunaaðilar ekki rétt að miða við landið allt, enda eru samkeppnisaðstæður mismunandi milli tiltekinnna landsvæða. Þannig liggur fyrir að á tilteknum sveitarfélögum, og um leið landsvæðum, nýtur við víðtækrar útbreiðslu annarra ljósleiðaraneta en Mílu og hvar Míla er með markaðshlutdeild sem er í námunda við markaðshlutdeild GR eða Tengis, eða jafnvel umtalsvert lægri. Framangreint á ekki hvað síst við á helsta þéttbýlissvæði landsins, þ.e. stóra-höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík er staðan meira að segja sú að markaðshlutdeild GR er til muna meiri og í námunda við 60%. Sama á við um Akranes og Seltjarnarnes. Í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Kjós og Mosfellsbæ, er lítil munur á markaðshlutdeild GR og Mílu. Á þessum svæðum/sveitarfélögum er markaðshlutdeild GR að samanlögðu stærri en Mílu. Þessi þéttbýliskjarni, svarar til um 70% alls heildarmarkaðarins, sé miðað við landið allt sem einn markað. Við bætist, að á þessum sömu tilgreindum

<sup>47</sup> Sjá einnig umfjöllun í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.10087 (PROXIMUS / NEXUS INFRASTRUCTURE / JV), þar sem er að finna umfjöllun um mögulega skiptingu markaðar fyrir heildsölumarkaðar fyrir aðgangi að Interneti (e. *wholesale broadband access* eða *wholesale access to internet services*), m.a. eftir hvers kyns aðgengi er um að ræða og eftir tækni (sjá mgr. 16 – 24), en þar segir í mgr. 24: „In light of the above, the Commission considers that, for the purpose of this decision, the question of the exact scope of the wholesale broadband access market with respect to its possible segmentations [...] (iii) the type of technology (i.e., cable or copper, DSL pair or fiber) can be left open ...”.

svæðum/sveitarfélögum, var smásöluhlutdeild Símans með þeim hætti í árslok 2020 að hún var undir 40% í Reykjavík en milli 40 og 50% í öðrum sveitarfélögum á stóra-höfuðborgarsvæðinu nema á Seltjarnarnesi, samkvæmt því sem fram kemur í ákvörðun Fjarskiptastofu. Samrunaaðilar telja því að landfræðileg afmörkun markaða í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 5/2021 standist ekki.<sup>48</sup>

- (89) Að mati samrunaaðila er því rétt að landfræðileg afmörkun viðkomandi vörumarkaða sé ákvörðuð út frá því *hvort útbreiðslu annarra ljósleiðaraneta nýtur við*, en í töflum hér á eftir eru upplýsingar veittar um stöðu Mílu á viðkomandi mörkuðum eftir sveitarfélögum. Ef ekki er talið rétt að skilgreina markaðina með þrengri hætti telja samrunaaðilar að í öllu falli verði að taka tillit til þess að samkeppnisaðstæður er í það minnsta ekki einsleitir milli landsvæða og að munur sé milli stóra-höfuðborgarsvæðisins, norðurlands og annarra landshluta, sem og að taka tillit til þess að stóra-höfuðborgarsvæðið svarar til um 70% af heildarmarkaðinum miðað við landið allt.

#### 4.4.1.3 Staða Mílu á heildsölumörkuðum fyrir heimtaug og bitastraumsaðgang

- (90) Líkt og kemur fram hefur komið þá var Míla talin vera með **57% markaðshlutdeild** á mörkuðum 3a og 3b, þ.e. heildsölumörkuðum fyrir heimtaug og bitastraumsaðgang, miðað við skilgreiningu Fjarskiptastofu á þeim mörkuðum (kopar- og ljósleiðaraheimtaugar innan sama vörumarkaðar og landið allt talið sama markaðssvæði), en við mat á markaðshlutdeild er miðað við fjölda tenginga. [...] <sup>49</sup>
- (91) Samrunaaðilar telja, eins og áður segir, að aðgreina skuli viðkomandi vörumarkaði eftir því hvort um er að ræða kopar- eða ljósleiðaraheimtaug, og að aðgreina verði markaði landfræðilega eftir því hvort önnur ljósleiðaranet eru til staðar á viðkomandi svæðum.<sup>50</sup> [...] <sup>51</sup>.
- (94) Að virtum þeim upplýsingum sem fram koma í nefndu excel-skjali, og ekki síst í ljósi umfjöllunar um hinn landfræðilega markað, telur Míla engar forsendur til að líta svo á að Míla sé í markaðsráðandi stöðu með þeim hætti sem lagt er til grundvallar í ákvörðun Fjarskiptastofu, þ.e. á landsvísu (*57% á mörkuðum 3a og 3b*), heldur í besta falli á nánar

<sup>48</sup> Rétt er að geta þess að Fjarskiptastofa sendi ESA drög að ákvörðun nr. 5/2021 til formlegs samráðs þann 14. september 2021, samkvæmt 28. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Með bréfi ESA, dags. 14. október 2021, heimilaði stofnunin Fjarskiptastofu að taka endanlega ákvörðun í málinu, en gerði ýmsar athugasemdir við greiningardrögin, og þá sérstaklega varðandi skilgreiningu landfræðilega markaða og um markaðsstyrk, en í athugasemdunum segir m.a.: „The Authority has concerns regarding the extent to which ECOI's indicators provide a sufficiently comprehensive insight into **whether or not Míla faces appreciably different conditions of competition in certain municipalities in Iceland, in particular in the GR operating area.** [...] Against this background, the Authority takes particular note of the commitment provided by ECOI in the course of discussions on the present notification to revisit its assessment of the geographic market definition in 2022. The Authority underlines the importance of this exercise and of ensuring that the criteria employed allow for a sufficiently nuanced appreciation of competitive trends at municipality level. If such filtering criteria or thresholds are too high-level, this risks potentially **overlooking important developments in more competitive municipalities.**” Í athugasemdum ESA er svo endað á því að fara fram á að hin landfræðilega skilgreining Fjarskiptastofu sæti strax endurmati sem ljúki ekki seinna en í árslok 2022. Athugasemdum ESA er nánar lýst í yfirliti yfir meginatriði kæru Mílu (**fylgiskjal 31**).

<sup>49</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>50</sup> Sjá í þessu samhengi ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9757 (PROVIDENCE / VOO / BRUTELE), sbr. mgr. 25 í fyrrnefndu máli M.10087, þar sem komist að því að landfræðilegir markaðir endurspegluðu útbreiðslu neta.

<sup>51</sup> TRÚNAÐARMÁL

tilgreindum landsvæðum. Þannig telja samrunaaðilar, öfugt við það sem Fjarskiptastofa taldi í ákvörðun sinni, að engin skortur sé á staðgönguþjónustu í Reykjavík og á stóra-höfuðborgarsvæðinu, heldur þvert á móti nær ljósleiðaranet GR til alls svæðisins. Markaðshlutdeild GR, hvað þá stærð þess, efnahagslegur styrkur og útbreiðsla ljósleiðaranets GR, ber þess jafnframt skýr merki að fyrirtækið telst fjarri lagi búa við aðgangshindranir. Stærð og arðsemi, hvað þá að virtu því að GR er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, eins stærsta fyrirtækis landsins, rennir stoðum undir þá ályktun að Míla sé ekki markaðsráðandi á stóra-höfuðborgarsvæðinu. Sjá t.d. eftirfarandi töflur, sem sýna samanburð á rekstraryfirliti og efnahag helstu fyrirtækja á fjarskiptamarkaði miðað við nýjustu upplýsingar sem eru aðgengilegar (ársreikningar 2020):

Rekstur m.kr.	Síminn þ.a.		Sýn			Orku-	
	Samst	Míla	Samst	Nova	GR	fjarskipti	Tengir
Heildarvelta	29.939	6.462	20.786	11.306	3.110	512	504
EBITDA	10.500	3.945	5.379	2.768	2.162	220	273
<i>EBITDA hlutfall</i>	<i>35,1%</i>	<i>61,0%</i>	<i>25,9%</i>	<i>24,5%</i>	<i>69,5%</i>	<i>43,0%</i>	<i>54,2%</i>
EBIT	4.386	1.927	161	1.327	1.118	108	119
<i>EBIT hlutfall</i>	<i>14,6%</i>	<i>29,8%</i>	<i>0,8%</i>	<i>11,7%</i>	<i>35,9%</i>	<i>21,1%</i>	<i>23,6%</i>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	11.245	4.048	6.626	2876,5	2.155	-	255
<i>Handbært fé í hlutfalli við heildartekjur</i>	<i>37,6%</i>	<i>62,6%</i>	<i>31,9%</i>	<i>25,4%</i>	<i>69,3%</i>	<i>-</i>	<i>50,6%</i>
Afkoma eftir skatta	2.916	1.204	-405	1.071	321	62	84
<i>Hagnaðarhlutfall</i>	<i>9,7%</i>	<i>18,6%</i>	<i>-1,9%</i>	<i>9,5%</i>	<i>10,3%</i>	<i>12,1%</i>	<i>16,7%</i>
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3.940	2.212	544	1.262	1.968	269	339
<i>Hlutfall af tekjum</i>	<i>13,2%</i>	<i>34,2%</i>	<i>2,6%</i>	<i>11,2%</i>	<i>63,3%</i>	<i>52,5%</i>	<i>67,3%</i>

Efnahagur m.kr.	Síminn þ.a.		Sýn			Orku-	
	Samst	Míla	Samst	Nova	GR	fjarskipti	Tengir
Fastafjármunir	57.457	24.524	24.161	6.229	22.833	2.216	1.678
Veltufjármunir	7.749	1.631	6.701	2.025	522	56	51
<b>Eignir samtals</b>	<b>65.206</b>	<b>26.155</b>	<b>30.862</b>	<b>8.254</b>	<b>23.355</b>	<b>2.272</b>	<b>1.729</b>
Eigið fé	37.298	13.465	8.549	4.824	8.290	1.349	692
Langtímaskuldir	20.025	11.386	14.181	1.313	13.365	861	894
Skammtímaskuldir	7.883	1.304	8.132	2.117	1.700	62	143
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>65.206</b>	<b>26.155</b>	<b>30.862</b>	<b>8.254</b>	<b>23.355</b>	<b>2.272</b>	<b>1.729</b>
<i>Eiginfjárlutfall</i>	<i>57,2%</i>	<i>51,5%</i>	<i>27,7%</i>	<i>58,4%</i>	<i>35,5%</i>	<i>59,4%</i>	<i>40,0%</i>
<i>Veltufjárlutfall</i>	<i>0,98</i>	<i>1,25</i>	<i>0,82</i>	<i>0,96</i>	<i>0,31</i>	<i>0,90</i>	<i>0,36</i>
<i>Vaxtaberandi skuldir meðalstaða</i>	<i>15.204</i>	<i>8.009</i>	<i>9.653</i>	<i>-79</i>	<i>14.026</i>	<i>621</i>	<i>848</i>
<i>Vaxtaberandi skuldir/EBTIDA</i>	<i>1,4</i>	<i>2,0</i>	<i>1,8</i>	<i>0,0</i>	<i>6,5</i>	<i>2,8</i>	<i>3,1</i>
<i>Vaxtaþekja EBTIDA/greidd vaxtagjöld</i>	<i>11,7</i>	<i>9,1</i>	<i>7,4</i>	<i>24,1</i>	<i>3,9</i>	<i>-</i>	<i>6,2</i>
<i>Meðalvextir langtímalána</i>	<i>3,29%</i>	<i>2,45%</i>	<i>2,10%</i>	<i>5,50%</i>			

- (95) Þessar tölur eru klárlega til marks um efnahagslegan styrkleika GR og góðan rekstur, hvar EBITDA hlutfallið er t.d. hærra en hjá Mílu.<sup>52</sup>
- (96) Hvað markaðsstyrk Mílu varðar skal einnig bent á að Síminn og GR sömdu um bitastraumsaðgang Símans að ljósleiðaraneti GR í júlí 2020, þannig að viðskiptavinir Mílu geta flutt sig yfir á net GR. Þá mun sá samruni sem hér er til umfjöllunar leiða til þess að kaupendastyrkur viðskiptamanna Mílu styrkist ljóslega.<sup>53</sup>
- (97) Að öllu framangreindu virtu telja samrunaaðilar að ljóst að veittar hafi verið upplýsingar um gildandi skilgreiningu Fjarskiptastofu á umræddum mörkuðum, hvernig samrunaaðilar telja rétt að skilgreina viðkomandi markaði, og upplýsingar um stöðu Mílu og keppinauta að því marki sem unnt er. Samrunaaðilar telja rétt að taka fram að samruninn sem slíkur leiðir ekki til breytinga á markaðshlutdeild Mílu á neinum mörkuðum, þ.e. engin samþjöppun á sér stað. Samrunaaðilar telja því ekki þörf á að taka endanlega afstöðu til nákvæmrar skilgreiningar markaða til þess að meta ætluð áhrif samrunans.<sup>54</sup> Samrunaaðilar telja ekki tilefni til þess að fjalla hér um stöðu á fráliggjandi mörkuðum, enda starfa samrunaaðilar ekki á þeim mörkuðum og þeir markaðir þannig ekki meðal þeirra markaða sem ber að fjalla um í samrunatilkynningu, sbr. VI kafla viðauka I við reglur nr. 1390/2020. Telji SE tilefni til þess að skoða nánar stöðu fráliggjandi markaða þá telja samrunaaðilar rétt að litið sé til aðgengilegrar tölfraði Fjarskiptastofu um íslenska fjarskiptamarkaðinn. Til viðbótar er bent á upplýsingar sem fram koma í kafla 4.5 hér á eftir varðandi helstu viðskiptavinum Mílu á hinum mismunandi mörkuðum.<sup>55</sup>

#### **4.4.2 Markaður fyrir lúkningarluta leigulína í heildsölu (heildsölumarkaður fyrir hággæðatengingar með fasttengingu; markaður 4 (áður lúkningarluti leigulína; markaður 6)) og markaður fyrir stofnlínuhluta leigulína í heildsölu (áður markaður 14)**

##### **4.4.2.1 Skilgreining vörumarkaða**

- (98) Leigulínur fela í grunninn í sér leigu á tileinkuðum tengingum og flutningsgetu, en á heildsölustigi eru þessar tengingar/flutningsgeta leigðar til fjarskiptafyrirtækja og gerir þeim kleift að veita ýmsa þjónustu, svo sem talsímaþjónustu, internetþjónustu og aðra gagnaflutningsþjónustu. Almennt er greint á milli *lúkningarluta* og *stofnlínuhluta* leigulína, þannig að hvor hluti um sig mynda sitt hvorn markaðinn.

<sup>52</sup> Í þessu samhengi er einnig bent á að ESA hefur í mörg ár haft til skoðunar hvort að GR hafi notið ólögmeðtra ríkisstyrkja, sjá [www.eftasurv.int/newsroom/updates/iceland-esa-investigates-alleged-state-aid-gagnaveita-reykjavikur](http://www.eftasurv.int/newsroom/updates/iceland-esa-investigates-alleged-state-aid-gagnaveita-reykjavikur). Þótt endanleg ákvörðun ESA liggja ekki fyrir telja samrunaaðilar rétt að benda á þetta til að undirstrika styrk GR og þá sérmeðferð sem GR hefur fengið.

<sup>53</sup> Sjá eftirfarandi úr fyrrnefndum athugasemdum ESA við drög að ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 5/2021: „Furthermore, as to wholesale customer migration risks, **the Authority would like to stress that countervailing buyer power of significant wholesale customers can also exert a positive disciplining influence on the market.** Any materially adverse market developments stemming from unforeseen wholesale contract changes may also be addressed via an accelerated market review process focusing on the changes in question.“

<sup>54</sup> Samrunaaðilar benda á að slíkt kynni jafnvel að vera óheppilegt í ljósi þess að ágreiningur sem snýr m.a. að skilgreiningu þessara markaða og stöðu Mílu á þeim mörkuðum er þegar til úrlausnar fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

<sup>55</sup> Sjá skýrslu vegna fyrri helming ársins 2021, frá nóvember 2021: <https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=46bd62e9-4c32-4959-a01c-1d6e01b9dc42>.



- (99) Markaðurinn fyrir *lúkningarhluta leigulínu í heildsölu* var skilgreindur í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 8/2014<sup>56</sup> og markaður fyrir *stofnlínuhluta leigulína í heildsölu* var skilgreindur í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 21/2015<sup>57</sup>. Rétt er að geta þess að skilgreiningar í ákvörðunum 8/2014 og 21/2015 taka mið af *þágildandi eldri tilmælum ESA*. Tilmælin voru hins vegar uppfærð árið 2016 og mörkuðum þá fækkað. Markaður 4 (heildsölumarkaður fyrir hágæðatengingar með fasttengingu), samkvæmt núgildandi tilmælum, nær þó væntanlega a.m.k. yfir lúkningarhluta leigulína, en í því samhengi má vísast til ákvörðunar Fjarskiptastofu nr. 5/2021, en þar segir í efnisgrein 1389 í viðauka A við ákvörðunina: „Markaður 3a er heildsölumarkaður og honum tengjast nokkrir frálíggjandi markaðir s.s. heildsölumarkaður fyrir miðlægan aðgang 3b, **heildsölumarkaður fyrir hágæðatengingar á fyrirtækjemarkaði (áður lúkningarmarkaður leigulína, nú markaður 4)**.“ Það að markaðurinn fyrir stofnlínuhluta leigulína sé ekki lengur meðal þeirra markaða sem ákveðið er fyrirfram að Fjarskiptayfirvöld skulu greina þýðir að um er að ræða markað þar sem samkeppnisaðstæður eru orðnar með þeim hætti að almennt er ekki rétt að álykta fyrirfram að samkeppnisleg vandamál séu til staðar. Þrátt fyrir að markaðurinn sé þannig ekki lengur meðal þeirra markaða sem fyrirfram er ákveðið að eigi að greina, þá telja samrunaaðilar engu að síður eðlilegt og rökrétt að styðjast við sömu skilgreiningu markaðarins. Munu samrunaaðilar því hér gera grein fyrir hvernig umræddir markaðir hafa verið skilgreindir í ákvörðunum Fjarskiptastofu, og einnig gera grein fyrir hvernig samrunaaðilar telja rétt að skilgreina viðkomandi markaði.
- (100) Í *ákvörðun nr. 21/2015* gefur meðal annars að líta eftirfarandi umfjöllun varðandi skilgreiningu beggja markaða:
25. Heildsala á **stofnlínuhluta leigulína**, sem féll undir fyrrum markað 14, nær yfir tengileiðir milli símstöðva og dreifingastaða. Hlutverk stofnlína er að tengja saman net og dreifingarstaði netrekenda. Almennt eru stofnlínur afkastameiri en lúkningarlínur auk þess sem þær geta verið mun lengri og t.d. náð milli landshluta og byggðarlaga.
26. Heildsala á **lúkningarhluta leigulína**, sem fellur undir markað 6, nær hins vegar yfir tengileiðir í aðgangsneti milli hnútpunkta/símstöðva og notanda, en þau sambönd eru notuð af fyrirtækjum til að bjóða upp á ýmsa þjónustu til endanotenda. Þessi þjónusta er t.d. gagnaflutningur og talsímaþjónusta.
27. Leigulínur, sem teljast annars vegar til stofnlínuhluta og hins vegar til lúkningarhluta, má sjá á mynd 2.1.
- [...].
28. Notendalínur [*p.e. lúkningarhluti*] og sambönd eru yfirleitt á kopar- eða ljósleiðarastrengjum. Línur liggja á milli notandans og hnútpunkta/símstöðva og tengja notendur í einn punkt þar sem stofnlínukerfið tekur við. Á stofnlínukerfinu eru gögn frá mörgum notendum flutt milli hnútpunkta/símstöðva og geta stofnlínur yfirleitt flutt meira magn upplýsinga og fleiri sambönd en notendalínur. Stofnlínur eru almennt ljósleiðarar eða

<sup>56</sup> Sjá nánar <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/stjornsysla/akvardanir-og-urskurdir/akvordun/Urlausnir/8-2014>.

<sup>57</sup> Sjá nánar <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/stjornsysla/akvardanir-og-urskurdir/akvordun/Urlausnir/21-2015>.

radíósambönd en lúkningarhluti getur einnig verið kopar enda oft notast við sama fjarskiptanet og myndar almennar heimtaugar.

29. Þrátt fyrir þennan mun á viðkomandi mörkuðum þá er það svo að þeir tengjast mikið. Stofnlínunet þarf á lúkningarhluta að halda til að tengjast til endanotenda og lúkningarhlutinn þarf stofnlínuhlutann til að tengja saman endanotendur séu þeir ekki tengdir sama hnútpunkti, t.d. á sama símstöðvarsvæði. Einnig er það í sumum tilvikum svo þegar um tileinkuð sambönd er að ræða að erfitt getur verið að gera greinarmun á því hvar stofnlína endar og lúkning byrjar og öfugt.

- (101) Í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 5/2020 (Skil á milli markaða varðandi leigulínur Mílu til sendastaða),<sup>58</sup> er einnig fjallað um skilinn milli þessara tveggja markaða, en þar sagði meðal annars:

(153) Tengingar sem þjónustuveitendur er starfrækja farsímanet leigja af Mílu frá símstöðvum/hnútpunktum í stofnlínukerfi Mílu að farsímasendum, sem t.d. geta verið staðsettir í fjarskiptamöstrum á fjöllum eða á hólum í dreifbýli, teljast til lúkningarhluta leigulína ef slíkir staðir marka endapunkt í fjarskiptakerfi Mílu, þ.e. ef Míla starfrækir ekki fjarskiptasambönd þaðan yfir á annan fjarskiptastað eða aðra fjarskiptastaði. Stofnlínukerfi Mílu samanstendur af tengingum milli símstöðva/hnútpunkta félagsins, þar sem flutningsgeta er leigð öðrum fjarskiptafyrirtækjum til að tengja saman net þeirra og dreifingarstaði.

- (102) Í ákvörðun nr. 8/2014 er jafnframt fjallað um skilin á milli þessa markaða og *heildsölumarkaða heimtauga og bitastraumsaðgangs (markaðir 3a og 3b; áður markaðir 4 og 5)*:

28. Í skýringum með tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um viðkomandi markaði frá 2007 kemur fram að leigulínumarkaðir séu að **einhverju leyti tengdir mörkuðum fyrir aðgang að heimtaugum og bitastraumi á fastaneti (M4 og M5)**. Sem dæmi má nefna að í einhverjum tilvikum gæti tileinkuðu sambandi verið skipt út fyrir heimtaug og öfugt. Þá má einnig ætla að afkastaminni leigulínunum gæti stundum verið skipt út fyrir annars konar nettengingar, svo sem xDSL.

29. Í stuttu máli má segja að þau fyrirtæki sem vilja veita netaðgang hafi um þrennt að velja; leigja eða leggja heimtaug (M4), leigja eða setja upp breiðbandsaðgang (M5) eða notast við leigulínu. Sú leið sem farin er fer eftir því hvernig þjónustu viðkomandi þjónustuaðili vill veita og hversu mikla fjárfestingu hann er tilbúinn til að leggja í.

30. Helsti munurinn á leigulínunum og heimtaugum er að þegar heimtaug er leigð þá er þar einungis um strípaða taug að ræða (kopar eða ljósleiðari) milli endanotenda og næsta hnútpunkts og þarfnast slíkt talsverðrar fjárfestingar í búnaði svo hægt sé að veita þjónustu á henni. Þegar um breiðbandsaðgang er að ræða þá hefur viðskiptavinur fengið aðgang að breiðbandi (t.d. í formi xDSL) á heimtaug en sá er munurinn á breiðbandsaðgangi og leigulínu að leigulínur tryggja fyrst og fremst fasta og skilgreinda flutningsgetu í báðar áttir og tengja einungis fasta staði sem tilgreindir eru við upphaf leigu.

- (103) Samrunaaðilar eru í grunninn sammála því sem vitnað er í hér að framan um skilgreining vörumarkaða leigulína, og telja að Míla starfi þannig á markaði fyrir

<sup>58</sup> Sjá nánar <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/stjornsysla/akvardanir-og-urskurdir/akvordun/Urlausnir/5-2020>.

*lúkningarhluta leigulína í heildsölu og á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína í heildsölu.*<sup>59</sup>

#### **4.4.2.2 Landfræðileg afmörkun viðkomandi markaða og staða Mílu**

(104) Varðandi markaðinn fyrir *lúkningarhluta leigulína í heildsölu* þá var það niðurstaða Fjarskiptastofu í ákvörðun nr. 8/2014 að Míla væri með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði eins og Míla var með samkvæmt markaðsgreiningu árið 2007, sbr. *ákvörðun PFS nr. 20/2007*. Þær kvaðir sem lagðar voru á Mílu með umræddri ákvörðun frá 2007 héldu því gildi sínu með tilteknum viðbótum, en þær kvaðir sem hvíla á Mílu í dag á grundvelli ákvörðunar 8/2014 eru aðgangskvöð, jafnræðiskvöð, gagnsæiskvöð, kvöð um bókhaldslega aðgreiningu, kvöð um eftirlit með gjaldskrá og kvöð um kostnaðarbókhald. Í því sambandi var meðal annars lögð sérstök áhersla á útbreiðslu notendalína (þ.e. *lúkningarhluta*) Mílu, samanborið við GR:

74. Míla hefur, eins og áður hefur komið fram, landsdekkandi útbreiðslu á koparlínunum sínum. Míla og Síminn hafa undanfarin ár einbeitt sér að uppbyggingu VDSL kerfis yfir koparlínur Mílu. DSL og GPON kerfi Símans hafa nú verið færð yfir til Mílu í samræmi við framangreinda sátt Skipta og Samkeppniseftirlitsins. VDSL og ljóstengingar eru nú boðnar hjá Mílu undir heitinu „Ljósveitan“ og áætlað fyrirtækið að um 100 þúsund heimili muni eiga möguleika á að tengjast um mitt ár 2014 (sjá mynd 3.1). Eins og áður hefur komið fram eru VDSL tengingar ekki hluti af viðkomandi markaði, en styrkja stöðu aðgangsnets Mílu.

75. Gagnaveita Reykjavíkur (GR), sem er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), er vaxandi fyrirtæki og hefur undanfarin ár lagt ljósleiðaranet á því svæði sem OR þjónar, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Net GR er enn í uppbyggingu og er gert ráð fyrir því að lokið verði við að ljósleiðaravæða þau svæði sem GR hefur skuldbundið sig til á árinu 2014. Umrædd uppbyggingaráform GR taka þó að svo stöddu ekki nema að litlu leyti til ýmissa stórra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eins og Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Mosfellsbæjar. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu netsins út fyrir Suð-Vesturland. Meðfylgjandi mynd sínir annars vegar net GR innan höfuðborgarsvæðisins og á þeim þéttbýlisstöðum þar sem heimtaugar hafa verið lagðar.

[...].

185. Eins og markaðsgreiningin sýnir fram á hafa breytingar á lúkningarmarkaði ekki verið miklar síðan fyrri greining var gerð á markaðnum árið 2007. Vissulega hefur GR lagt í uppbyggingu nets síns og náð [20-25%] markaðshlutdeild miðað við tekjur, en Míla er enn með yfirburða markaðshlutdeild eða um [65-70%] allra lúkningartekna. Markaðshlutdeild Mílu hefur því ekki lækkað að ráði á umræddum tíma.

186. Að mati PFS eru verulegar aðgangshindranir enn til staðar á markaðnum. Þrátt fyrir að ný fyrirtæki hafi komið inn á markaðinn, eins og t.d. Gagnaveita Skagafjarðar, er ljóst að starfsemi þeirra er mjög smá í sniðum og staðbundin. Það er erfitt og tímafrekt að koma sér þannig fyrir á markaðnum að reksturinn verði lífvænlegur til framtíðar.

<sup>59</sup> Sjá til upplýsinga fyrrnefnda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli M.10087, en þar er í mgr. 34 fjallað um hvernig markaðir leigulína hafa verið skilgreindir í ákvörðunarframkvæmd framkvæmdarstjórnarinnar. Sjá einnig umfjöllun um markaði fyrir leigulínu í ákvörðun SE nr. 14/2015 (Undanþága Vodafone og Nova vegna samstarfs um rekstur dreifikerfis).

187. Þá ályktaði PFS að möguleikar á einhvers konar nýsköpun eða mögulegri samkeppni séu varla fyrir hendi enda markaðurinn að miklu leyti mettur og aðstöðumunur Mílu og annarra fyrirtækja mikill.

188. PFS telur að lóðrétt samþætting Skiptasamstæðunnar styrki verulega stöðu Mílu á viðkomandi markaði. Þar sem kaupendur heildsöluþjónustu á markaðnum eru mjög litlir í samanburði við Símann er kaupendastyrkur ekki til staðar og ekkert bendir til að samkeppnisaðilar, viðskiptavinir eða neytendur geti haft áhrif á verð Mílu, hvað varðar lúkningarluta leigulína.

- (105) Framangreindar forsendur eru að mati samrunaaðila barn síns tíma. Um þetta gilda í grunninn *sömu sjónarmið* og lýst er hér að framan varðandi markaði fyrir heimtaug og bitastraumsaðgang (markaði 3a og 3b), þ.á m. varðandi *útbreiðslu hágæðanets* GR og *markaðsstyrk* á stóra-höfuðborgarsvæðinu, að breyttu breytanda. Samrunaaðilar telja þannig rétt að landfræðileg afmörkun markaðarins fyrir lúkningarluta leigulína í heildsölu sé ákvörðuð út frá því *hvort útbreiðslu annarra ljósleiðaraneta nýtur við*, eða í öllu falli sé tekið tillit til mismunandi samkeppnisaðstæðna milli landsvæða, einkum stóra-höfuðborgarsvæðisins, norðurlands og annarra landshluta, sem og tekið sé tillit til þess að stóra-höfuðborgarsvæðið svara til um 70% af heildarmarkaðnum miðað við landið allt. Um stöðu Mílu á viðkomandi markaði, eða mörkuðum sé fallist á að skilgreina markaði með þrengri hætti en landið allt, vísast til töflu hér að framan sem sýnir stöðu á markaði fyrir heimtaugar (markaður 3a). Það athugast að ekki eru tiltækar upplýsingar um markaðshlutdeild Mílu, en samrunaaðilar telja líklegt að samsvörunar gæti á milli markaðshlutdeildar Mílu og helstu keppinauta á þessum mörkuðum annars vegar og á *markaði 3a* og *markaði 3b* hins vegar. Til þess að skýra þetta nánar þá eru ekki til neinar opinberar upplýsingar um heildarstærð þessa markaðar, t.d. varðandi veltu, markaðshlutdeild og fleira. Jafnframt, öfugt við fyrrnefnda markaði fyrir heimtaugar og bitastraumsaðgang, þar sem mögulegt er að áætla heildarfjölda tenginga (t.d. fjöldi heimila á höfuðborgarsvæðinu), og reikna markaðshlutdeild út frá því, þá eru leigulínur ekki áþekkt „fjöldavara“, heldur vara/þjónusta í formi hágæðatenginga (gagnsæ flutningsgeta milli tveggja punkta) sem ýmsir aðilar, fyrst og fremst lögaðilar, kjósa að kaupa, og er hægt að velja á milli ýmissa tegunda í því sambandi.<sup>60</sup> Það eru þannig ekki tiltækar upplýsingar um heildarfjölda leigulína sem eru starfræktar. Á hinn bóginn, þar sem leigulínur styðjast við ljósleiðara- og eftir atvikum kopartengingar, þ.e. þjónustan er veitt um þær tengingar, eru líkur til þess að það sé ákveðin samsvörun á milli markaðshlutdeildar á mörkuðum fyrir heimtaugar og bitastraumsaðgang og mörkuðum fyrir leigulínur. Svo dæmi sé tekið getur Míla ekki selt leigulínu um ljósleiðara GR, og GR hefur ekki selt leigulínur um ljósleiðara Mílu. Þá er heldur ekkert sem bendir til þess að markhópurinn hjá t.d. GR eða Mílu sé eitthvað sérstaklega frábrugðinn (t.d. fyrirtæki eða einstaklingar). Samrunaaðilar ætla því að nærtækt sé að líta til stöðunnar á mörkuðum fyrir heimtaugar og bitastraum til að áætla markaðshlutdeild aðila. Líkast til mætti afla nákvæmari upplýsinga hjá Fjarskiptastofu.
- (106) Hvað varðar markaðinn fyrir *stofnlínuhluta leigulína í heildsölu* þá var það niðurstaða Fjarskiptastofu í ákvörðun nr. 21/2015 einnig sú að Míla væri með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði eins og Míla var með samkvæmt markaðsgreiningu

<sup>60</sup> Sjá t.d. <https://www.mila.is/vorur/verðskra/leigulinur-1>.

árið 2007, sbr. *ákvörðun PFS nr. 20/2007*, og áframhaldandi kvaðir því til samræmis lagðar á Mílu. Þær kvaðir sem hvíla á Mílu á grundvelli ákvörðunar 21/2015 eru aðgangskvöð, jafnræðiskvöð, gagnsæiskvöð, kvöð um bókhaldslega aðgreiningu, kvöð um eftirlit með gjaldskrá og kvöð um kostnaðarbókhald. Í ákvörðuninni var sérstök áhersla lögð á að stofnlínukerfi Mílu væri landsdekkandi og næði til allra byggðra svæða á landinu og fjölda sendistaða fyrir farsímanet utan byggða. Netið lægi meðal annars í hring í kringum landið og út frá hringtengingunni lægju fjölmargar flutningsleiðir til stærri og minni byggðarlaga, auk umræddra farsímasendistaða.

(107) Um stofnlínunet GR sagði meðal annars:

129. Stofnlínunet annarra fjarskiptafyrirtækja eru svæðisbundin og mun minni en net Mílu, ásamt því sem þjónustuframboð þeirra er minna. Af þessum netum er ljósleiðaranet GR stærst, en það nær til stórs hluta höfuðborgarsvæðisins, auk þess sem það nær vestur um land að Bifröst og austur að Hvolfsvelli og þaðan til Vestmannaeyja. Markaðshlutdeild GR á höfuðborgarsvæðinu var [30-35%] á árinu 2014. Megin markmið GR er að byggja upp ljósleiðaraaðgangsnét fyrir íbúa á starfssvæði sínu en félagið á og rekur enn fremur nokkuð viðamikil stofnlínunet á svæðinu sem tengja umrædd aðgangsnét saman. Stofnlínunet félagsins eru þó ekki eins viðamikil og stofnlínunet Mílu á höfuðborgarsvæðinu. Öðrum fjarskiptafyrirtækjum stendur til boða að kaupa stofnlínusambönd af GR, auk þess sem þeim stendur til boða að veita endanotendum fjarskiptaþjónustu um ljósleiðaraaðgangsnét GR.

130. Ljósleiðaranet GR nær nú til nánast allra húsa í Reykjavík og á Seltjarnarnesi og til nýrri byggða Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Mosfellsbæjar. GR á ennþá langt í land með að ljúka uppbyggingu ljósleiðaranets, þ.m.t. stofnlínunets, í eldri hverfum þessara bæjarfélaga og ljóst er að það verkefni mun taka mörg ár og ekki klárast á líftíma þessarar greiningar. Því er ekki unnt að segja að ljósleiðaranet GR nái til alls höfuðborgarsvæðisins. Auk Mílu og GR rekur Vodafone mjög takmarkað stofnlínunet á höfuðborgarsvæðinu, bæði m.t.t. þjónustuframboðs og útbreiðslu, og var markaðshlutdeild þess félags aðeins tæplega [0-5%] á árinu 2014 á því svæði.

131. Þar sem höfuðborgarsvæðið hefur ekki nægilegan skýr og stöðug mörk getur það ekki myndað einn landfræðilegan markað, eins og Míla hefur farið fram á. Því þyrfti að hluta svæðið niður í gríðarlegan fjölda minni markaða þar sem samkeppnisaðstæður eru sambærilegar. Ljóst er að ekki er hægt að ætlast til þess að fjarskiptaeftirlitsstofnanir leggi í slíka vinnu, með tilheyrandi álagi á fjarskiptafyrirtæki við gagnaöflun, nema líklegt sé að samkeppnisvandamál og niðurstaða markaðsgreiningar m.t.t. útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk verði mismunandi á milli svæða. Eins og nánar verður gerð grein fyrir hér síðar telur PFS að svo sé ekki og að Míla njóti yfirburðarstöðu á viðkomandi markaði hvort sem litið er til landsins í heild eða á tiltekin svæði. Þá telur PFS að samkeppnisvandamálin séu þau sömu alls staðar og að samkeppnisaðstæður séu ekki nægilega frábrugðnar á milli svæði að unnt sé að réttlæta landfræðilega skiptingu markaðarins.

[...].

140. Þar sem einhver samkeppni er til staðar ber hún sterk einkenni fákeppni, en á þeim svæðum er staða Mílu eftir sem áður mjög sterk. Á stærsta og mikilvægasta svæðinu, þ.e. höfuðborgarsvæðinu, var Míla t.d. með [65-70%] markaðshlutdeild á árinu 2014 á meðan hlutdeild GR var [30-35%] og Vodafone tæplega [0-5%]. Hefur markaðshlutdeild Mílu lítið fallið á því svæði síðustu árin eða úr [70-75%] árið 2005 í [65-70%] á árinu 2014 eða sem nemur [...%] á 9 ára tímabili, auk þess sem sterkar vísbendingar eru um að staða félagsins sé þar að styrkjast um þessar mundir á kostnað GR. PFS metur stöðuna því þannig á höfuðborgarsvæðinu að staða Mílu hafi á undanförunum misserum farið batnandi á kostnað

stöðu GR og að sú þróun muni líklega halda áfram á líftíma greiningar þessarar. Markaðshlutdeild Mílu á höfuðborgarsvæðinu er því mikið mun hærrí en sú 40-50% markaðshlutdeild sem fordæmin frá Evrópu hafa haft sem viðmið, auk þess sem í raun eru aðeins tvö kerfi á því svæði þar sem kerfi Vodafone er afar takmarkað .

- (108) Framangreindar forsendur eru að mati samrunaaðila einnig ljóslega úreltar, enda hefur GR meðal annars svo gott sem lokið uppbyggingu ljósleiðaranets, þ.m.t. stofnlínunets, á stóra-höfuðborgarsvæðinu og er með stærri markaðshlutdeild heldur en Míla á því svæði. Um þetta gilda í grunninn *sömu sjónarmið* og lýst er hér að framan varðandi markaði fyrir heimtaug og bitastraumsaðgang (markaði 3a og 3b), þ.á m. varðandi *útbreiðslu hágæðanets* GR og *markaðsstyrk* á stóra-höfuðborgarsvæðinu, að breyttu breytanda. Samrunaaðilar telja þannig rétt að landfræðileg afmörkun markaðarins fyrir lúkningarhluta leigulína í heildsölu sé ákvörðuð út frá því *hvort útbreiðslu annarra ljósleiðaraneta nýtur við*, eða í öllu falli sé tekið tillit til mismunandi samkeppnisaðstæðna milli landsvæða, einkum stóra-höfuðborgarsvæðisins, norðurlands og annarra landshluta, sem og tekið sé tillit til þess að stóra-höfuðborgarsvæðið svara til um 70% af heildarmarkaðnum miðað við landið allt. Um stöðu Mílu á viðkomandi markaði, eða mörkuðum sé fallist á að skilgreina markaði með þrengri hætti en landið allt, vísast til töflu hér að framan sem sýnir stöðu á markaði fyrir heimtaugar (markaður 3a). Það athugast að ekki eru tiltækar upplýsingar um markaðshlutdeild Mílu, en samrunaaðilar telja líklegt að samsvörunar gæti á milli markaðshlutdeildar Mílu og helstu keppinauta á þessum mörkuðum annars vegar og á *markaði 3a* og *markaði 3b* hins vegar.
- (109) Að öllu framangreindu virtu telja samrunaaðilar að ljóst að veittar hafi verið upplýsingar um gildandi skilgreiningu Fjarskiptastofu á umræddum mörkuðum, hvernig samrunaaðilar telja rétt að skilgreina viðkomandi markaði, og upplýsingar um stöðu Mílu og keppinauta að því marki sem unnt er. Samrunaaðilar telja rétt að taka fram að samruninn sem slíkur leiðir ekki til breytinga á markaðshlutdeild Mílu á neinum mörkuðum, þ.e. engin samþjöppun á sér stað. Samrunaaðilar telja því ekki þörf á að taka endanlega afstöðu til nákvæmrar skilgreiningar markaða til þess að meta ætluð áhrif samrunans.

#### 4.4.3 Aðrir markaðir

##### 4.4.3.1 Aðstöðuleiða á óvirkum innviðum

- (110) Hvað *aðra markaði* áhrærir má meðal annars vísa til nýlegrar *ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2021, Kaup Digital Bridge Group Inc. á óvirkum fjarskiptainnviðum Sýnar hf. og Nova hf.* Í þeim samruna fólust kaup Digital Bridge á svo til öllum stærri sendastöðum sem Sýn og Nova ráku. Um var að ræða kaup á svokölluðum óvirkum innviðum fjarskiptafélaganna, þ.e. fasteignum, möstrum og öðrum búnaði sem telst ekki til virks búnaðar. Þannig voru sendar, kaplar og annar virkur búnaður Sýnar og Nova ekki hluti af kaupunum.
- (111) Um skilgreiningu markaða segir meðal annars í forsendum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins:

47. Viðskiptin sem hér eru til skoðunar varða einungis stærri sendastaði, þ.e. macro-sites, þar sem Nova og Sýn munu einungis selja sendastaði sem eru sjálfstæðir turnar eða

turnar/möstur á húspökum í þessum viðskiptum, en halda eftir minni stöðvum (e. micro sites) og fáeinum stærri sendastöðum.

48. Í samrunaskrá kemur fram að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi áður skilgreint markað fyrir aðstöðuleigu fyrir stafrænan fjarskiptabúnað (e. hospitality services for digital mobile radio-telecommunications equipment). Í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar hafi markaðinum skipt nánar niður eftir tegund búnaðar sem hýstur væri á viðkomandi fjarskiptainnviðum. Þannig hafi verið greint á milli markaðar fyrir aðstöðuleigu á stærri sendastöðum (e. hospitality services on macro-sites) og minni sendastöðum (e. hospitality services on micro-sites). [...].

52. Samkeppniseftirlitið er sammála samrunaaðilum um að viðkomandi markaður þessa máls sé markaðurinn fyrir aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnviðum til farnetsrekenda til ráðstöfunar til eigin nota eða annarra. Er það til samræmis við fordæmi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem áður hefur skilgreint markað fyrir aðstöðuleigu fyrir stafrænan fjarskiptabúnað (e. hospitality services for digital mobile radio-telecommunications equipment), sbr. nánar hér á eftir.

53. Í nýlegum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í sambærilegum málum hefur verið miðað við framangreinda skilgreiningu markaða sem fela annars vegar í sér stærri sendistaði og hins vegar minni sendistaði.

54. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2015, undanþága Vodafone og Nova vegna samstarfs um rekstur dreifikerfis, var fjallað um mögulega skilgreiningu á markaði fyrir hýsingu og aðstöðu, sem nánar tiltekið næði til aðgangs að sértækri fjarskiptaaðstöðu sem aðilar á fjarskiptamarkaði veiti, en óparfi var að taka endanlega afstöðu til skilgreiningarinnar.

55. Í máli Vodafone Europe B.V. og Telecom Italia S.p.a. frá mars 2020 var að auki gerður greinamunur á stærri sendastöðum sem eingöngu voru ætlaðir til útvarps- og sjónvarpsútsendinga þar sem slíkir turnar voru taldir síður þjóna þörfum farsímarekenda. Ástæðan var ólík staðsetning á endurvarpsstöðum fyrir farnetsbúnað sem miða venjulega við endurvarp fyrir minna landssvæði en turnar á landsbyggðinni utan þéttbýlis sem sérstaklega eru gerðir fyrir sjónvarps- og útvarpssendingar.

56. Í þessu máli er enginn umræddra turna Sýnar og Nova ætlaðir sérstaklega fyrir sjónvarpsog/eða útvarpssendibúnað þó slíkur búnaður geti verið á einhverjum þeirra. Sama á við um turna og sendistaði Mílu sem selur m.a. Ríkisútvarpinu, Sýn og fleiri minni aðilum aðgang fyrir eigin búnað. Tekur Míla m.a. fram að í raun sé ekki beint skráð hvað af viðkomandi búnaði á turnum félagsins tilheyrir sjónvarps- og útvarpssendingum enda sé félagið ekki með sérstök möstur eða hýsingaraðstöðu sem eingöngu sé fyrir sjónvarps- og útvarpssendingar. Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að skilgreina sérstakan markað fyrir turna sem sérstaklega eru ætlaðir til útvarps- og sjónvarpsútsendinga í þessu máli enda myndi það ekki breyta niðurstöðu málsins þó svo að það yrði gert.

57. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að markaður þessa máls sé aðstöðuleiga fyrir stafrænan fjarskiptabúnað og annan mögulegan búnað á stærri sendastöðum (e. hospitality services for digital mobile radio-telecommunications equipment and other equipment on macrosites).

58. Eru umræddir turnar og endurvarpsstaðir Sýnar og Nova staðsettir um land allt þó að fjöldi þeirra sé meiri á helstu þéttbýlisstöðum en utan þeirra. Þá er horft til þess að umræddir turnar og staðir hafa að langmestu leyti verið nýttir af félögunum sjálfum með fáeinum undantekningartilfellum þar sem aðgangur að þeim hefur verið seldur öðrum aðilum. Með

hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegur markaður þessa máls er landið allt.

59. Í ljósi niðurstöðu þessa máls telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að fjalla nánar um skilgreiningar á vöru- og landfræðilegum mörkuðum málsins

(112) Samkvæmt þessu er viðbúið að Samkeppniseftirlitið telji *aðstöðuleigu á óvirkum fjarskiptainnvíðum til farnetsrekenda til ráðstöfunar til eigin nota eða annarra sjálfstæðan markað*, sem sé skipt nánar niður eftir tegund búnaðar sem hýstur er á viðkomandi fjarskiptainnvíðum, og þannig greint á milli markaðar fyrir aðstöðuleigu á stærri sendastöðum og minni sendastöðum. Landfræðilegi markaðurinn sé jafnframt líkast til landið allt.

(113) Í ákvörðuninni segir jafnframt um *markaðshlutdeild*:

62. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að markaðshlutdeild samrunaaðila á skilgreindum markaði málsins miðað við fjölda sendastaða sé um 40% eftir samrunann, Míla með um 44% og aðrir aðilar 16%. Ef minni staðir eru meðtaldir, líkt og samrunaaðilar telja rétt, væri hlutdeild samrunaaðila lægri. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist á viðkomandi markaði málsins

(114) Að þessum forsendum gættum verður ekki séð að Míla sé með markaðsráðandi stöðu á umræddum markaði/mörkuðum, enda *markaðshlutdeild* Mílu í *námunda* við markaðshlutdeild *Digital Bridge Group*.

(115) Í ákvörðunarframkvæmd SE hafa ekki verið skilgreindur sérstakir hýsingarmarkaðir fyrir annað en aðstöðuleigu á fjarskiptainnvíðum fyrir farsímasenda, sbr. umfjöllun hér að framan. Mílu er skylt að veita aðgang að „tengdri aðstöðu“ samkvæmt ákvörðunum PFS um markaðsgreiningar, sbr. ákvörðun PFS nr. 8/2014 (lúkningarhluti leigulína, m6), ákvörðun PFS nr. 21/2014 (stofnlínuhluti leigulína, m14) og ákvörðun 5/2021 (markaður 3a og 3b). Einnig vísast til *ákvörðunar Fjarskiptastofu nr. 8/2021, Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir hýsingu og rafmagn*, frá 26. nóvember 2021, þar sem Fjarskiptastofa samþykkti kostnaðargreiningu Mílu fyrir *aðstöðuleigu í húsum og möstrum*, sem og fyrir rafmagnsnotkun í hýsingu Mílu. Kostnaðargreiningin leiðir fram mánaðarleg leiguverð í húsum í samræmi við mismunandi staðsetningu á aðstöðu svo og skápastærða sem eru í boði. Jafnframt eru leidd fram mánaðarverð fyrir aðstöðu í möstrum eftir stærð leigugeiningar og staðsetningu í mastri, sem og landfræðilegri staðsetningu. Þá eru reiknuð verð fyrir rafmagn í samræmi við notkun. Míla veitir þannig ekki aðeins hýsingarþjónustu vegna farsímasenda, heldur einnig í tengslum við annað þjónustuframboð sitt eftir því sem við á (þ.e. „tengd aðstaða“). Eftir atvikum kann að vera unnt að skilgreina þessa hýsingarþjónustu sem sérstakan vörumarkað. Í kafla 4.5 hér á eftir er m.a. að finna upplýsingar um tekjur Mílu vegna hýsingarþjónustu og upplýsingar um helstu viðskiptavinum, en ekki eru tiltækar upplýsingar um hvernig tekjur vegna hýsingarþjónustu skiptast, t.d. milli aðstöðuleigu í húsum eða möstrum.

#### **4.4.3.2 Rekstur á virkum innvígum fyrir farsímakerfi**

(116) Eins og Samkeppniseftirlitið hefur áður verið formlega upplýst um þá var farsímadreifikerfið (e. RAN – Radio Access Network) nýlega flutt frá Símanum til Mílu. RAN skiptist í tvo megin þætti, þ.e. farsímadreifikerfi annars vegar og farsímakjarna (e. MCN – Mobile Core Network) hins vegar. Farsímadreifikerfið, þ.e. sendakerfið, er á um



600 stöðum á landinu í dag og styður 2G, 3G, 4G og 5G tæknina. Farsímakjarni er á tveimur stöðum á landinu og tengir saman alla senda dreifikerfis. Þótt farsímadreifikerfið hafi verið flutt til Mílu þá er farsímakjarnakerfið og tíðniheimildir áfram eign Símans og þar með talið allar kvaðir sem þeim fylgja (sjá myndrænt á **fylgiskjali 21**). [...] <sup>61</sup>.

- (117) Um markað fyrir rekstur á virkum innviðum fyrir farsímakerfi, þ.e. farsímasenda og tilheyrandi búnað (Farsíma loftnet, Baseband unit (BBU) og Remote Radio Head (RHH)) til farnetsrekenda (e. Active RAN services) má segja að [...] <sup>62</sup>. Aðilar ætla að þessar tölur endurspegli einnig stöðuna á fráliggjandi markaði farnetsrekenda.

#### 4.4.3.3 IP-MPLS

- (118) Líkt og með farsímadreifikerfið þá hefur Samkeppniseftirlitið hefur áður verið formlega upplýst um að MPLS gagnaflutningsnetið (e. Multi-Protocol Label Switching) nýlega flutt frá Símanum til Mílu. IP-MPLS net Mílu er þjónustunet hannað til að veita hraða og örugga þjónustu til allra þéttbýlisstaða á landinu. Auk þess má tengjast IP netinu um fjarskiptanet Mílu frá fjölda minni staða víðsvegar um landið. Skráð fjarskiptafyrirtæki munu geta keypt IP þjónustu í heildsölu hjá Mílu og nýtt hana til tengingar á eigin þjónustu, svo sem interneti, talsíma (VoIP), sjónvarpi (IPTV) og farsímasendum bæði til heimila og fyrirtækja. IP netið samanstendur af 56 hnútpunktum dreifðum um allt land. IP-netið tengir saman þjónustulag (e. overlay services) við flutningslag (e. underlay transport services). Bandbreiðar stofnlínur tengja búnað í IP-netinu saman sem þannig myndar eitt net sem samnýta má fyrir mörg fjarskiptafélög og fyrirtæki. Það sem gerir IP-netið eftirsóknarvert, og frábrugðið öðrum gagnaflutningsnetum, er tæknin sem notuð er við að senda gagnapakka áfram í netinu. Þannig er í IP-netinu hver gagnapakki merktur ákvörðunarstað með „MPLS miða“ og þarf því ekki að fletta gagnapakkanum upp með tilheyrandi töfum á hverjum hnútpunkti á leið til ákvörðunarstaðar. Þjónusta á IP-netinu notast við samnýtta bandvídd og aðeins er hægt að veita forgang á umferð fram yfir aðra umferð, en ekki er hægt að tryggja ákveðna bandvídd. [...] <sup>63</sup>.
- (119) Samrunaaðilar telja að sú gagnaflutningsþjónusta sem veitt sé með IP/MPLS netinu tilheyri sérstökum markaði sem sé rétt að skilgreina sem *markaður fyrir þjónustu á IP/MPLS neti*. Þannig sé umræddur markaður frábrugðin mörkuðum leigulína, þó báðir þessir markaðir snúi að gagnaflutningslausnum, þar sem sú þjónusta sem veitt er með IP/MPLS netinu er ekki ígildi leigulínu. Í því samhengi skortir á að notandi fái aðgang að skilgreindri bandbreidd, sem er eitt megineinkenni hefðbundinna leigulína. Þannig er bandbeidd samnýtt með IP/MPLS netinu þar sem ákveðin forgangsöröðun gildir, og þá er ekki hægt að tryggja að þjónustutengingar séu samhverfar. Jafnframt veitir IP/MPLS þjónusta notanda kost að senda gögn og velja að láta gögnin fara á mismunandi ákvörðunarstaði, frekar en milli tveggja nettengipunkta. Samrunaaðilar telja því að IP/MPLS netið teljist ekki til þjónustu sem falli innan markaða leigulína. <sup>64</sup>

<sup>61</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>62</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>63</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>64</sup> Sjá í þessu samhengi umfjöllun í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 21/2015, einkum mgr. 38-42, en þar segir m.a.: „[...] IP net má setja upp með MPLS þannig að nokkurs konar göng myndist um netið sem gefa möguleika á **viðvarandi sýndarleið milli tveggja nettengipunkta**. Sýndarleiðin er eftirlíking af flutningsgetu milli nettengipunktanna. Í þessu tilfalli má líta svo á að IP-MPLS veiti þjónustu sem jafngildir hefðbundinni leigulínu og

- (120) Fyrir liggur að Fjarskiptastofa hefur nýlega lýst því yfir að stjórnvaldið telji að IP/MPLS net Mílu tilheyri mörkuðum leigulína, sbr. svokölluð áréttung sem Fjarskiptastofa gaf út 16. desember 2021. Fjarskiptastofa telur þannig að IP/MPLS þjónusta Mílu tilheyri framangreindum mörkuðum leigulína, sbr. ákvarðanir Fjarskiptastofu í málum nr. 8/2014 og 21/2015, og að kvaðir sem voru lagðar á með þeim ákvörðunum gildi þannig um IP/MPLS kerfið (sjá lýsingu á kvöðum í málsgreinum 104 og 106 hér að framan). Rétt er að geta þess að Míla hefur kært þessa áréttungu Fjarskiptastofu, sem Míla telur að feli í sér stjórnvaldsákvörðun, til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, en þar er því m.a. mótmælt að IP/MPLS netið geti talist til leigulínu.
- (121) Hvað varðar landfræðilega afmörkun þessa markaðar þá liggur fyrir að Fjarskiptastofa hefur í sinni ákvörðunarframkvæmd talið að vissrar staðgöngu gæti á milli IM/MPLS þjónustu annars vegar og leigulína hins vegar, sbr. það sem segir hér að framan. Þótt samrunaaðilar séu ekki sammála að IP/MPLS netið sé staðgöngupjónusta leigulína, þannig að tilheyri sama vörumarkaði, þá telja samrunaaðilar eðlilegt að landfræðileg afmörkun markaðanna byggji á sambærilegum sjónarmiðum og á markaði fyrir leigulínur, og þá um leið á áþekktum sjónarmiðum og nefndar eru hér að framan varðandi markaði heimtauga og bitastraumsþjónustu, þ.e. að líta verði til þess hvort útbreiðslu annarra fjarskiptaneta/ljósleiðaraneta njóti við.
- (122) Hvað varðar *markaðshlutdeild* þá hefur þessi markaður ekki verið skilgreindur sérstaklega í ákvörðunarframkvæmd SE eða Fjarskiptastofu. Það eru a.m.k. tvö önnur landsdekkandi IP-MPLS net (net Sýn og Nova) og fjöldi staðbundinna neta s.s. GR (fyrir Suðvesturlandið - allt frá Bifröst til Vestmannaeyja) og Tengir á Norðausturlandi (frá Siglufirði til Kópaskers) og Snerpa á Vestfjörðum. Einnig eru fjöldi fyrirtækja og stofnana á landinu með eigin IP-net sem nýta stofnlínutengingar og/eða IP-MPLS net fjarskiptafélaganna.
- (123) Hvað áætlaða markaðshlutdeild varðar þá er talið að markaðshlutdeild Mílu á innanlandsmarkaði fyrir IP-MPLS sé um [...]<sup>65</sup>%. [...]<sup>66</sup>. Til nánari útskýringar þá hefur Míla ekki undir höndum nákvæmar upplýsingar um markaðshlutdeild á eigin IP/MPLS net þar sem þessi markaður hefur ekki verið greindur sérstaklega. Til þess að reyna að áætla þá hlutdeild þá er notast við þær opinberu tölur frá Fjarskiptastofu sem liggja fyrir, og er þá nærtækast að líta til tölfræði um íslenska fjarskiptamarkaðinn miðað við fyrri helming ársins 2021 (nýjustu tölur).<sup>67</sup>
- (124) Stuðst er við umferðartölur (gagnamagn) fyrir þær þjónustur sem fara yfir IP/MPLS net fjarskiptafyrirtækjanna, þ.e. farsími, internet, IPTV/OTT og fyrirtækjaumferð. Allar

---

álykta má að IP-MPLS geti verið notkunarígildi leigulínu **ef öðrum skilyrðum er fullnægt svo sem að notandi fái aðgang að skilgreindri bandbreidd**. Ef svo er skiptir ekki máli þó að þjónustan sé veitt á IP neti. IP lausnir sem heimila notandanum að senda gögn og **velja að láta gögnin fara á mismunandi ákvörðunarstaði** með skipun þar að lútandi t.d. í forni flutningsgetu frá einum stað til margra hafa **ekki jafngilda notkunareiginleika á við hefðbundnar leigulínur**. [...] PFS telur að IP þjónustu sem leyfir línuskiptingu samkvæmt skipun notenda og getur komið á tengingu við marga ákvörðunarstaði sé **ekki jafngildi hefðbundinnar leigulínu**. Hins vegar þegar gæðastýrð IP tenging, t.d. MPLS, er **eingöngu notuð til að koma á tengimöguleika milli tveggja nettengipunkta er það skoðað sem jafngildi hefðbundinnar leigulínu**.“

<sup>65</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>66</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>67</sup> Sjá <https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=46bd62e9-4c32-4959-a01c-1d6e01b9dc42>.

Þessar þjónustur eiga það sammerkt að þurfa IP/MPLS net svo hægt sé að bjóða þær en flest fjarskiptafyrirtæki eru með eigin IP/MPLS net. Með þessari aðferð ætti að vera unnt að greina þá hlutdeild umferðar sem fer um IP/MPLS net Mílu af heildarumferð og leiða fram markaðshlutdeild netsins:

- Gagnamagn á farsímaneti (Tölfræði FST, bls. 28): [...] <sup>68</sup>.
- Gagnamagn á fastaneti (Tölfræði FST, bls. 39): [...] <sup>69</sup>.
- Fjöldatölur í IPTV (Tölfræði FST, bls. 41): [...] <sup>70</sup>.
- Fyrirtækjamarcaði, einkanet og internet: [...] <sup>71</sup>.

(125) Þó er settur fyrirvari um stærð markaðarins út frá tölum frá Fjarskiptastofu. Þannig er ljóst að þar inni eru eingöngu tölur vegna fjarskiptafyrirtækja, en margir fleiri rekstraraðilar reka IP/MPLS net, svo sem Origo, Opin Kerfi, Icelandair og margir fleiri. Gera má ráð fyrir að að þessi hluti sé um 5% af markaðnum, sem gerir að hlutdeild Mílu [...] <sup>72</sup>.

(126) Miðað við framangreint þá er áætluð markaðshlutdeild Mílu á IP-MPLS því um [...] <sup>73</sup>.

#### **4.4.3.4 Markaður fyrir utanlandstengingar (international communication, data transmission and peering/transit services)**

(127) Míla er með öflugar internettengingar, bæði innanlands og við umheiminn um Amsterdam, London og New York. Míla býður Internet Transit með bandviddar mælingum samkvæmt 95% aðferðarfræði.

(128) [...] <sup>74</sup>.

(129) [...] <sup>75</sup>

#### **4.4.3.5 Annað**

(130) Loks má nefna að Míla býður viðskiptavinum sínum *vettvangsþjónustu*, sem felst í þjónustu fyrir innan húskassa, meðal annars í uppsetningu búnaðar og bílanþjónustu. Míla veitir einnig viðskiptavinum sínum *vöktun* á fjarskiptakerfum (NOC-þjónusta). Samrunaaðilar ætla að þessi þjónusta myndi sjálfstæða þjónustumarkaði, þ.e. *markaður fyrir vettvangsþjónustu vegna fjarskiptaþjónustu og markaður fyrri vöktun fjarskiptakerfa*.

(131) Vettvangsþjónusta er valkvæð þjónusta, sem viðskiptavinir geta ýmist keypt af Mílu eða öðrum, eða sinnt sjálfir. Rafverktakar um allt land allt bjóða eða geta boðið vettvangsþjónustu fyrir fjarskiptatengingar enda er þetta í grunninn einföld lagnavinna inni á heimilum. Vettvangsþjónusta Mílu nýtir sér þannig undirverktaka að mestu leyti

<sup>68</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>69</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>70</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>71</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>72</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>73</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>74</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>75</sup> TRÚNAÐARMÁL

og sama má segja um öll fjarskiptafyrirtæki sem ekki hafa kosið að kaupa þjónustuna af netrekanda beint, t.d. af GR, Mílu og Tengir. Það sama á við um vöktun á kerfum, þ.e. um er að ræða valkvæða þjónustu sem m.a. viðskiptavinir geta annast, og annast raunar flestir sjálfir á eigin kerfum. Samrunaaðilar ætla að þessir markaðir afmarkist landfræðilega miðað við landið allt. Ekki eru tiltækar upplýsingar til þess að áætla markaðshlutdeild, en í kafla 4.5 hér á eftir er að vinna upplýsingar um tekjur Mílu og helstu viðskiptavini sem kaupa umrædda þjónustu.

#### 4.5 Eftirspurn á mörkuðum Mílu

- (132) Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir mörkuðum Mílu, sem eins og komið fram eru heildsölumarkaðir. Til skýringa verður hér gerð grein fyrir allt að tíu stærstu viðskiptavinum Mílu á hverjum markaði sem og hve stóran hlut í heildarsölu hvar þessara viðskiptavina hefur, en eftirfarandi tölur miða við árið 2021 (tölur í þúsundum króna)<sup>76</sup>: [...] <sup>77</sup>

#### 4.6 Samstarfssamningar og aðrir samningar

- (133) Á þeim mörkuðum sem Míla starfar á er ekki mikið um eiginlega samstarfssamninga, en eitthvað er um samninga um þjónustukaup. Verður hér gerð grein fyrir þessum samningum og meginefni þeirra.
- (134) Eina eiginlega samstarfið sem Míla hefur átt við keppinauta lýtur að lagningu ljósleiðara á tilteknum svæðum, en Míla hefur átt í slíku samstarfi við GR og Tengi. Það samstarf hefur verið tilkynnt SE og upplýst um alla samninga þar að lútandi. Um þetta afmarkaða samstarf vísast til ákvarðana SE nr. 11/2018, 26/2019 og 18/2020.
- (135) Hvað varðar aðra samninga á viðkomandi mörkuðum þá hefur Míla keypt aðgang að ljósleiðara **Tengis** á stöðum þar sem Míla á ekki ljósleiðara og þar sem það hefur verið talið henta, til þess að veita bitastraumsþjónustu yfir. [...] <sup>78</sup>. Eftir því sem Míla best veita geta aðrir einnig keypt sambærilegan aðgang af Tengi. Rétt er að taka fram að í umræddum samningi er skýrlega tekið fram að ekki sé um að ræða samning um einkakaup eða neins konar skyldur af hálfu Mílu til að kaupa aðgang.
- (136) [...] <sup>79</sup>.
- (142) Til viðbótar leigir Míla ljósleiðara af Tengi fyrir önnur fjarskipti á leigulínnumarkaði. Um er að ræða tengingar á staði þar sem Míla á ekki ljósleiðara eða þar sem vantar fleiri ljósleiðaraþræði til að uppfylla þarfir um fjarskipti. Mest er af tengingum í farsímasenda í dreifbýli á starfssvæði Tengis á Norðausturlandi, eða um [...] <sup>80</sup> tengingar. Míla gerir ráð fyrir að aðrir farsímarekendur leigi sambærilega þjónustu af Tengi. Einnig leigir Míla af Tengi ljósleiðara á leigulínnumarkaði fyrir stofnfjarskipti þar sem Míla á ekki ljósleiðara

<sup>76</sup> Rétt er að geta þess að þessar tölur sýna aðeins sölu til viðskiptavina, en ekki innri sölu Mílu.

<sup>77</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>78</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>79</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>80</sup> TRÚNAÐARMÁL

eða Mílu vantar fleiri þræði. Þarna er um að ræða **3 leggi**; Akureyri-Grenivík, Akureyri-Dalvík og nýjast er Akureyri-Hrísey. [...] <sup>81</sup>.

- (143) Hvað varðar **Snerpu** þá hefur Míla haft áhuga á að leigja hefðbundin aðgang að ljósheimtaugum Snerpu til þess að veita bitastraumspjónustu, líkt og af Tengi og sveitanetum. Hins vegar hafa ekki náðst samningar um aðganginn og er Míla þannig ekki að leigja neinar heimtaugar af Snerpu. Míla hefur aðgang að um 20 heimtaugum sem Snerpa lagði í verkefninu Ísland ljóstengt, en þar hefur þó engin endanotandi óskað eftir tengingu í gegnum bitastraumspjónustu Mílu.
- (144) Míla leigir [...] <sup>82</sup> ljósleiðaratengingar á leigulínumarkaði af Snerpu, í farsímasenda á Vestfjörðum þar sem Míla á ekki ljósleiðara. [...] <sup>83</sup>.
- (145) Míla hefur einnig gert samninga um aðgang að ljósleiðaranetum í eigu sveitarfélaga („**sveitanet**“). Slík sveitanet eru nánast öll <sup>84</sup> byggð upp með opinberum stuðningi í gegnum verkefnið Ísland ljóstengt. <sup>85</sup> Míla leggur ekki ljósleiðara á þessum svæðum og sveitanet eru byggð með opinberum stuðningi vegna markaðsbrests og eiga að lúta reglum um ríkisstuðning.
- (146) Eins og áður er þarna um að ræða aðgang eða leigu á hefðbundnum ljósheimtaugum frá tengistöðum sveitanets þar sem tengimiðja er. Annar endi ljósleiðaraheimtaugar endar í tengigrind sveitanets og hinn endinn hjá endanotanda. Ísland ljóstengt verkefnið setur það skilyrði fyrir ríkisstuðningi að aðgangur að þessum ljósleiðaranetum skuli vera opin og öllum sem vilja veita á þeim bitastraumspjónustu á jafnræðisgrunni. Míla býður síðan bitastraumspjónustu til fjarskiptafélaga yfir ljósleiðaraheimtaugar viðkomandi sveitanets. Eftir því sem Míla veit best býður ekkert sveitanet einnig bitastraumspjónustu yfir eigin ljósleiðaraheimtaugar og eru því ekki á bitastraumsmarkaði. Eins og áður segir hafa önnur fjarskiptafyrirtæki jafnt og Míla opin aðgang að sveitanetum og nokkuð víða bjóða aðrir en Míla bitastraumspjónustu yfir ljósleiðara í eigu sveitaneta.
- (147) Fyrirkomulag aðgangs að sveitanetum er misjafnt. Í sumum tilfellum fá Míla, og aðrir, opin aðgang til að veita bitastraumspjónustu en sveitanetið innheimtir sjálft heimtaugagjaldið og í öðrum tilfellum leigir Míla beint aðgang að heimtaug og leigir áfram til fjarskiptafélaga bæði bitastraumspjónustu og heimtaug. Sum sveitanet enda í símsstöð Mílu í næsta þéttbýlisstað á meðan önnur nýta stað í eigu sveitarfélagsins til að hýsa miðju (tengigrind) sveitanetsins. [...] <sup>86</sup>.

<sup>81</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>82</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>83</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>84</sup> Tvær undantekningar eru frá þessu á sveitanetum í eigu, eða hluta eigu, sveitarfélaga: (1) „Lif í Mýrdal“ (LiM) býður ljósleiðaratengingar í dreifbýli við Vík. Míla hefur ekki aðgang að þessum heimtaugum. Sýn er með samning við LiM um að veita alla þjónustu við endanotendur á því svæði. (2) Ljósleiðarakerfi í Örfasveit í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Míla hefur ekki aðgang að þessum heimtaugum og Sýn er með samning um að veita alla þjónustu við endanotendur á svæðinu.

<sup>85</sup> Almenn um Ísland ljóstengt sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/island-ljostengt/>.

<sup>86</sup> TRÚNAÐARMÁL

- (148) Til viðbótar leigir Míla ljósleiðaratengingar í farsímasenda af sveitanetum þar sem Míla á ekki ljósleiðara. Umfang þessa er mjög takmarkað.
- (149) Míla hefur einnig fjárfest í nokkrum ljósleiðaranetum sveitarfélaga á undanförunum árum. [...] <sup>87</sup>.
- (150) Þá leigir Míla ljósleiðarapræði á leigulínumarkaði fyrir stofnfjarskipti af **Orkufjarskiptum** á stöðum þar sem Míla á ekki ljósleiðara eða nægt magn þráða og einnig fyrir farsímasenda. Orkufjarskipti, sem er í eigu Landsnets og Landsvirkjunar, leggur ljósleiðara í þágu raforkukerfisins og er samkvæmt raforkulögum heimilt að leigja umframflutningsgetu til fjarskipta fyrirtækja. <sup>88</sup> [...] <sup>89</sup>.
- (151) Loks má nefna að í [...] <sup>90</sup> tilfellum leigir Míla ljósleiðarapræði af **Sýn** á leigulínumarkaði; [...] <sup>91</sup> fyrir stofnfjarskipti og [...] <sup>92</sup> fyrir farsímasenda. Umfang þessara viðskipta er þannig takmarkað. [...] <sup>93</sup>.

#### 4.7 Samantekt

- (152) Samrunaaðilar telja að framangreind umfjöllun gefi greinargóða mynd yfir markaði Mílu og stöðunni á þeim mörkuðum. Rétt er að áréttta það sem áður hefur verið sagt um að með samrunanum breytist staða Mílu ekki að neinu leyti á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á, þ.e. engin samþjöppun á sér stað á viðkomandi mörkuðum. Því verður ekki séð að nauðsynlegt sé að taka endanlega afstöðu til skilgreiningu markaða Mílu í tengslum við rannsókn samrunans.

---

<sup>87</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>88</sup> <https://orkufjarskipti.is/index.php/starfsemin/verdskra>.

<sup>89</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>90</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>91</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>92</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>93</sup> TRÚNAÐARMÁL

## 5. kafli

### Rökstutt mat á samkeppnislegum áhrifum

#### 5.1 Almennt um áhrif samrunans

##### 5.1.1 Starfsemi Mílu í kjölfar samrunans

- (153) Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim mörkuðum sem Míla starfar á og stöðu Míla á þeim mörkuðum. Með þeim samruna sem hér er til skoðunar verður ekki breyting þar á, enda leiðir samruninn ekki til neinnar samþjöppunar á viðkomandi mörkuðum. Þó staða Mílu á viðkomandi mörkuðum breytist þannig ekki með beinum hætti við samrunann þá felur samruninn í sér þá breytingu að aðskilnaður á sér stað milli lóðrétt samþættra fyrirtækja, sem er í eðli sínu samkeppnishvetjandi og í samræmi við þróun á fjarskiptamörkuðum í Evrópu og víðar.
- (154) Þegar Ardian metur kosti innviðafjárfestinga til langs tíma eru tækifæri til umbóta og vaxtar mikilvægir þættir. Míla er öflugt fyrirtæki og vel rekið en Ardian telur engu að síður að mikil tækifæri séu til úrbóta. Ardian hyggst vinna með starfsfólki Mílu að því að byggja upp enn framsæknara fjarskiptafyrirtæki. Aðgangur að háhraða fjarskiptanetum er að verða sífellt mikilvægari og mun skipta sköpum í því hvernig samfélögum tekst að nýta þau tækifæri sem fjórða iðnbyltingin felur í sér og þar á íslenskt samfélag mikla möguleika á að verða í fremstu röð. Ardian sér mikil tækifæri fyrir Mílu að taka þátt í því með því að efla enn frekar fjarskiptainnviði á Íslandi með því að hraða uppbyggingu innviða með frekari fjárfestingu.
- (155) Ardian mun beita eignarhaldi sínu yfir Mílu til hagsbóta fyrir viðskiptavinum, félagið sjálft og hluthafa. Ardian hyggst beita sér fyrir því að uppbygging á 5G og ljósleiðakerfi félagsins verði hraðað til að bæta þjónustu og gæði í samskiptum innanlands. Hugmyndir þessar hafa nú þegar verið ræddar og samþykktar af fulltrúum íslensku lífeyrissjóðanna og eru aðilar sammála um að leggja meira fjármagn til félagsins á komandi árum til þess að þessar hugmyndir geti orðið að veruleika, ef af fjárfestingu lífeyrissjóðanna verður. [...] <sup>94</sup>
- (156) Með aðskilnaði frá Símanum mun Míla verða algjörlega sjálfstætt fyrirtæki á fjarskiptamarkaði sem getur keppt um viðskipti allra fjarskiptafyrirtækja á markaðinum. Það felur í sér tækifæri fyrir Mílu, bætir samkeppnisumhverfi frálíggjandi markaða og verður auk þess til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.
- (157) Í *fyrsta lagi* mun Míla hafa meira svigrúm til fjárfestinga en sem hluti af Símanum og er í því sambandi áætlað, líkt og áður var nefnt, að hraða uppbyggingu á ljósleiðakerfi um allt land og 5G þjónustu. Sjá í þessu samhengi tilkynningu sem Síminn sendi frá sér 22. október 2021 í tilefni af viðskiptunum, en þar er haft eftir Jóni Ríkharði Kristjánssyni:

Jón Ríkharð Kristjánsson, framkvæmdastjóri Mílu:

„Um leið og þetta er mikil viðurkenning fyrir það starf sem unnið hefur verið hjá Mílu undanfarin ár eru þetta feikilega spennandi tímamót fyrir félagið. Stjórnvöld hafa lengi haft þá stefnu að ljúka þurfi háhraðanetstengingu um allt land en á sama tíma sagt óleyst hvernig það verði

<sup>94</sup> TRÚNAÐARMÁL

gert. Míla hefur lýst því yfir að félagið hyggist gera það. Um 13.000 staðföng í bæjum og þorpum á landsbyggðinni eru án ljósleiðaratenginga. Það er stefna nýrra eigenda Mílu að hraða uppbyggingu til þessara staða. Ljósleiðaravæðing er eitt stærsta byggðamál Íslands og Ardian hefur fjármuni og Míla þekkingu sem þarf til að láta verkin tala í þessum eignum. Uppbygging 5G farsímanets er annað umfangsmikið verkefni sem farið er af stað auk þess sem fjarskiptaöryggi er stórt atriði sem þarf að tryggja. Það er því mjög gleðilegt að fá svona fjársterkan aðila í þessi mikilvægu verkefni. Míla sem sjálfstætt fyrirtæki með öflugra eigendur mun verða enn sterkari en áður og fullbúið til að takast á við þessar áskoranir sem framundan eru í að efla enn frekar íslenska fjarskiptainnviði.“

- (158) Í *öðru lagi* verður meira aðlaðandi fyrir keppinauta Símans að nýta sér fjarskiptanet Mílu en Ardian hefur ákveðið, með breyttu eignarhaldi, að auðvelda aðilum á íslenska fjarskiptamarkaðnum aðgang að innviðum félagsins. Þegar fjarskiptafyrirtæki, eins og Síminn, á hvorki né stjórnar innviðunum skapast enda forsendur fyrir opinn aðgang og samnýtingu innviða sem er hagkvæmasta leiðin til þess að tryggja sem bestar og víðtækastar tengingar. Þetta fyrirkomulag er jafnframt til þess fallið að auðvelda nýjum aðilum að hefja starfsemi á smásölumörkuðum fjarskiptapjónustu.
- (159) Í *þriðja lagi* þá hefur reynslan á mörgum markaðssvæðum í Evrópu sýnt að aðskilnaður á milli fjarskiptapjónustuaðila og innviða hefur dregið úr kostnaði og aukið hagkvæmni. Horfurnar fyrir Mílu sem sjálfstætt fyrirtæki eru samkvæmt framansögðu allt aðrar en sem hluti af Símanum vegna þess að nýir viðskiptavinir geta bæst í netið og meiri vöxtur kemur frá fjárfestingu í fleiri innviðum.
- (160) Ardian hefur auk þess sett sér alþjóðlega sjálfbærnistefnu (e. Ardian Responsible Investment Policy) (sjá **fylgiskjal 20**) í samræmi við reglur Evrópusambandsins. Ardian mun tryggja að starfsemi Mílu samræmist þessum alþjóðlegum kröfum um stjórnarhætti fyrirtækja. Ardian er jafnframt leiðandi í notkun UFS-viðmiða (umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir) í öllum fjárfestingum sínum og leggur áherslu á aukinn árangur í UFS-þáttum, auk efnahagslegs árangurs.
- (161) Með vísan til alls framangreinds telur Ardian að ef samruninn er skoðaður út frá sjónarhóli samkeppnisréttarins þá verði að líta á hann jákvæðum augum.

### **5.1.2 Samruninn hefur ekki í för með sér lóðrétt samkeppnisleg vandkvæði**

- (162) Að mati Ardian hafa viðskiptin ekki í för með sér lóðrétt samkeppnisleg vandkvæði. Þvert á móti eru viðskiptin til þess fallin að minnka líkurnar á slíkum vandkvæðum miðað við núverandi aðstöðu.

#### **5.1.2.1 Ekki hætta á útilokunaráhrifum hvað varðar aðgengi að aðföngum á efra sölustigi (e. input foreclosure)**

- (163) Eftir að samruninn á sér stað verða ekki lengur til staðar eignatengsl milli Símans og Mílu. Þannig mun Míla hafa alla efnahagslega hvata til þess að fullnýta afkastagetu sinna kerfa og að markaðssetja þjónustu sína til þriðju aðila. Er þetta einmitt meðal þeirra tækifæra til umbóta sem Ardian telur verið í rekstri Mílu. Í samræmi við það er það ætlun Ardian að auðvelda aðilum á íslenskum fjarskiptamarkaði aðgang að innviðum Mílu og nýta þær forsendur sem skapast fyrir opinn aðgang og samnýtingu innviða. Í því samhengi er áréttað að fyrrnefndur þjónustusamningur gerir skýrlega ráð fyrir því að Míla muni markaðssetja þjónustu sína til annarra en Símans á kjörum sem eru á jafnræðisgrundvelli, sbr. nánar í kafla 5.3 hér á eftir.



- (164) Sú tilhögun sem leiðir af þjónustusamningnum og áður hefur verið vikið að, sbr. kafla 3.1, þess efnis að Míla einskorði sig við að veita heilðsöluþjónustu á meðan Síminn einbeiti sér að smásöluþjónustu, gerir það að verkum að Míla fær nauðsynlegt svigrúm og vissu til þess að fjárfesta í innviðakerfum með opnum aðgangi og styðja um leið við viðskiptavinum sína á skilvirkan hátt. Umrædd tilhögun, þar með talið skuldbinding Mílu samkvæmt grein 6.1.11 í þjónustusamningnum til þess að keppa ekki með virkum hætti á smásölumarkaði, er í samræmi við það sem almennt tíðkast á fjarskiptamörkuðum, auk þess sem fyrirkomulagið er til þess fallið að stuðla að því að Míla geti sinnt þörfum viðskiptavina sem best í samræmi við hlutverk félagsins sem *sjálfstæðs heilðsöluþjónustufyrirtækis* á fjarskiptamarkaði. Sjá einnig fyrri umfjöllun, sbr. málsgrein 35(iv).
- (165) Ardian telur þannig ljóst að með samrunanum minnkar hættan á útilokandi áhrifum hvað varðar aðgengi að aðföngum og ýtt er undir möguleika til virkari samkeppni á fráliggjandi fjarskiptamörkuðum.
- (166) Þá er einnig rétt að áréttta að Fjarskiptastofa hefur samkvæmt gildandi lögum m.a. heimild til þess að leggja kvaðir á fyrirtæki sem er talið með umtalsverðan markaðsstyrk ef nauðsyn stendur til þess. Sú staða mun enn vera fyrir hendi þegar fyrirsjáanlegar lagabreytingar ganga í gegn. Í því samhengi er bent á að samkvæmt 2. mgr. 59. gr. fyrrnefnds frumvarps til nýrra fjarskiptalaga þá mun Fjarskiptastofa geta lagt á heilðsöluþjónustu með umtalsverðan markaðsstyrk kvaðir samkvæmt 48. gr. (aðgangur að netum og þjónustu) og 50. gr. (jafnræðiskvöð) frumvarpsins og um „um réttláta og sanngjarna verðlagningu“ ef það er talið nauðsynlegt. Þá getur Fjarskiptastofa jafnframt gripið til frekari úrræða ef komist er að þeirri niðurstöðu að samkeppnisvandamál séu til staðar eða séu líkleg til að koma upp og skaða endanotendur, sbr. 4. mgr. 59. gr. frumvarpsins. Jafnvel þó hætta væri á útilokandi áhrifum á efra sölustigi eru þannig fullnægjandi varnaglar til staðar.

**5.1.2.2 Ekki hætta á útilokunaráhrifum með takmörkun aðgengis að viðskiptavinagrunni (e. customer foreclosure)**

- (167) Að mati Ardian hefur samruninn ekki í för með sér takmörkun á aðgengi keppinauta Mílu að viðskiptavinum. Í *fyrsta lagi* eru til staðar aðrir smásöluaðilar en Síminn á fráliggjandi mörkuðum, svo keppinautar Mílu hafa viðunandi aðgengi að viðskiptavinagrunni. [...] <sup>95</sup>.
- (168) Að mati Ardian er samruninn þannig til þess fallinn að draga úr hættunni á útilokun aðila á efra sölustigi frá aðgengi að viðunandi viðskiptavinagrunni samanborið við stöðuna fyrir samrunann.

**5.1.2.3 Ekki hætta á samhæfingu**

- (169) Ekki verður séð að samruninn skapi hættu á samhæfingu. Míla verður rekið sem sjálfstætt félag og munu samskipti við Símann vera með sama hætti og við hvern annan þriðja aðila. Þá liggur fyrir að Míla mun veita þjónustu til annarra viðskiptavina á sambærilegum kjörum og Símanum býðst, sbr. nánar í kafla 5.3 hér á eftir.

<sup>95</sup> TRÚNAÐARMÁL

(170) [...] <sup>96</sup>.

#### **5.1.2.4 Ekki hætta á verðhækkunum hjá viðskiptavinum smásöluaðila**

(171) [...] <sup>97</sup>

(172) Jafnframt hefur Ardian skuldbundið sig til þess að Míla muni bjóða öðrum þjónustu og kjör á jafnræðisgrundvelli, sbr. grein 23.2 í WSA.

(173) Jafnvel þótt hætta væri á verðhækkunum þá vísast til sömu sjónarmiða og greinir í kafla 5.1.2.1 um að fullnægjandi varnaglar séu fyrir hendi til þess að bregðast við ef slík hætta væri talin vera fyrir hendi.

#### **5.1.2.5 Samsteypusamruni sem tekur til fyrirtækja sem starfa á óskyldum eða ótengdum mörkuðum skapar almennt ekki samkeppnisleg vanda**

(174) Samrunaaðilar telja rétt að taka fram að sá samruni sem hér er til skoðunar er samsteypusamruni og að samsteypusamrunar eru almennt taldir hafa í för með sér jákvæð samkeppnisleg áhrif. <sup>98</sup> Þannig hefur í ákvörðunum SE komið fram að til þess að samsteypusamrunar geti haft í för með sér skaðleg útilokunaráhrif þá þurfi þeir markaðir sem samruninn tekur til að vera nátengdir. <sup>99</sup> Svo er alls ekki í þessu máli, enda hefur Ardian enga tengda starfsemi á íslenskum mörkuðum. Þá er ekkert sem bendir til þess að samruninn geti leitt til skaðlegra útilokunaráhrifa, sbr. fyrri umfjöllun. Í samræmi við viðtekin sjónarmið samkeppnisréttarins eru því allar líkur til að samruninn skapi alls engin samkeppnisleg vandamál.

## **5.2 Ætluð áhrif breytinga á fjarskiptalöggjöf og afdrif kvaða og skilyrða**

(175) Í bréfi SE til Ardian 19. nóvember 2021 er m.a. rakið að umsagnaraðilar hafi bent á að tilteknar kvaðir og skilyrði hvíldu í dag á Símasamstæðunni sem óvíst væri hvernig myndi fara um í kjölfar samrunans. Þá var því lýst að til staðar væri reglugap í íslenskri fjarskiptalöggjöf sem gerði það að verkum að Fjarskiptastofa hefði ekki sömu valdheimildir og systurstofnanir í Evrópu. Ardian telur að þessum áhyggjum sé ofaukið. Verður nú gerð nánar grein fyrir sjónarmiðum Ardian hvað þetta varðar.

(176) Eins og fram kemur málsgrein 72 hér að framan þá er fyrirsjáanlegt að ný fjarskiptalöggjöf muni taka gildi hérlendis fyrr en síðar, þar sem innleidd verður kóðatilskipunin, (ESB) 2018/1972. Þar sem tilgangur og markmið fyrrnefnds frumvarps til nýrra fjarskiptalaga er að samræma löggjöf að samevrópsku regluverki, verður að ætla að ný löggjöf muni ekki fela í sér þýðingarmikil efnisleg frávik frá evrópsku löggjöfinni og mun eftirfarandi umfjöllun þar af leiðandi einnig taka tillit til túlkunar á efnistöfum tilskipunarinnar í Evrópu.

<sup>96</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>97</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>98</sup> Sjá leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um samruna sem ekki teljast lóðréttir (2008/C 265/07).

<sup>99</sup> Sjá t.d. ákvörðun SE nr. 5/2021, mgr. 81.

### 5.2.1 Meint „reglugap“ vegna þess að 57. gr. í nýju frumvari hefur ekki enn verið innleidd

- (177) Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til Ardian dagsett þann 19. nóvember 2021 kemur fram að sumir umsagnaraðila hafi bent á að „tiltekið reglugap væri fyrir hendi í íslenskum fjarskiptalögum“. Er vísað til þess að ekki hafi enn verið lögleitt ákvæði sem tekur á því tilviki þegar hluti lóðrétt samþætt fyrirtæki er selt til þriðja aðila, sbr. 57. gr. í frumvarpi að nýjum fjarskiptalögum, og að því hafi Fjarskiptastofa ekki sömu heimildir og systurstofnanir í Evrópu til þess að grípa inn í.
- (178) Ardian telur að þessar áhyggjur standist ekki skoðun. Hvað varðar nefnda 57. gr. í frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi um ný fjarskiptalög, þá er þar fjallað um tilvik þar sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk *aðskilur aðgangsnét sín frá annarri starfsemi* að eigin frumkvæði, en ákvæði þetta byggir á 78. gr. tilskipunar ESB 2018/1972.<sup>100</sup>
- (179) Með þessu ákvæði er tilkynningarskylda lögð á fjarskiptafyrirtæki þegar það aðskilur aðgangsnét sín frá annarri starfsemi, t.d. með sölu til aðskilins lögaðila í annarri eigu eða með stofnun á sérstakri rekstrareiningu í því skyni að veita öllum smásölubirgjum fullkomlega jafngildan aðgang. Þegar svo er gert skulu fjarskiptayfirvöld meta áhrif aðskilnaðar ásamt öðrum skuldbindingum sem fyrirtækið kann að bjóða samhliða aðskilnaði á þær kvaðir sem kunna að gilda á viðkomandi markaði, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Í þeim tilgangi skal gera greiningu á viðkomandi mörkuðum. Þá geta fjarskiptayfirvöld á grundvelli þessa mats ákveðið að „viðhalda, breyta eða afturkalla kvaðir á viðkomandi markaði og beita 59. gr. ef við á.“ Ákvæðið virðist þannig ekki hafa þann tilgang að veita fjarskiptayfirvöldum *heimild* til þess að framkvæma markaðsgreiningar og að endurskoða þörf á álagningu kvaða, enda slík heimild þegar til staðar, heldur virðist tilgangurinn fremur vera að *skylda* fjarskiptayfirvöld til þess að meta áhrif aðgreiningar. Er það enda mikilvægt að áhrif breytinga á markaðsaðstæður séu metnar, m.a. svo ekki hvíli íþyngjandi kvaðir á fyrirtækjum sem ekki sé þörf á í ljósi breyttra markaðsaðstæðna.<sup>101</sup>
- (180) Áhyggjur umsagnaraðila af áhrifum þess að 57. gr. frumvarpsins, sbr. 78. gr. kóðatilskipunarinnar, hafi ekki enn verið innleidd í íslensk lög fyrir viðskiptin sem um ræðir byggir á þeim forsendum að viðskiptin falli undir þær aðstæður er lýst er í greininni. Þannig virðast áhyggjurnar snúa að því að þegar Míla sé seld þá sé Síminn að aðskilja aðgangsnét sín frá annarri starfsemi sinni og að það hafi þau áhrif að Fjarskiptastofa geti ekki metið áhrif viðskiptanna og beitt valdheimildum sínum ef tilefni væri til, t.d. til þess að leggja á eða breyta kvöðum. Að mati Ardian stenst þetta ekki. Ákvæði 57. gr. fjallar um þá aðstöðu sem upp kemur er fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk aðskilur aðgangsnét sín frá annarri starfsemi á sínum höndum og færir yfir á aðskilinn lögaðila eða rekstrareiningu. Sá aðskilnaður í tilfelli

<sup>100</sup> Greinargerð með frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga, um 57. gr.

<sup>101</sup> Í formála kóðatilskipunarinnar er tekið fram að eftirlitsstjórnvaldi ber í raun að framkvæma nýja markaðsgreiningu í kjölfar aðskilnaðar á lóðrétt samþættu fyrirtæki til þess að taka afstöðu til nýrra aðstæðna á markaði og setja á, breyta, lagfæra eða aflétta kvöðum eftir breyttum aðstæðum, en í 204. mgr. formála tilskipunarinnar segir: „The national authority concerned should undertake a new analysis of the markets in which the segregated entity operates, and impose, maintain, amend or withdraw obligations accordingly.“

Símasamstæðunnar hefur löngu átt sér stað með yfirfærslu á aðgangsnnetunum til aðskilda lögaðilans Mílu. Enginn aðskilnaður á aðgangsnnetum á sér stað við sölu á Mílu, heldur er Míla seld Ardian í heild sinni. Ardian telur því að framangreint ákvæði eigi í raun ekki við þau viðskipti sem hér eru til skoðunar. Hvað sem því líður þá skal nefnt að kvaðirnar sem til staðar eru hvíla á lögaðilanum Mílu, ekki sjálfum aðgangsnnetunum, og verður því engin breyting á þeim kvöðum sem eru til staðar án nýrrar ákvörðunar viðeigandi stjórnvalda, sbr. nánar hér á eftir.

- (181) Þegar lóðrétt samþætt fyrirtæki selur aðgangsnnet sín er augljóst að markaðsaðstæður breytast, en sú breyting er þá alla jafna sú að samkeppnisaðstæður á viðkomandi mörkuðum verða betri þar sem ekki eru lengur til staðar eignartengsl við fyrirtæki á tengdum smásölumarkaði. Við þær aðstæður er mikilvægt að fjarskiptayfirvöld taki m.a. til skoðunar þær kvaðir sem gilda á viðkomandi mörkuðum með hliðsjón af breyttum markaðsaðstæðum. Jafnvel þótt þau viðskipti sem hér eru til skoðunar gætu talist til þeirrar aðstöðu sem lýst er í fyrrnefndri 57. gr. þá liggur fyrir að Fjarskiptastofu er bæði heimilt og skylt að meta áhrif breytinga sem varða á fjarskiptamörkuðum. Eini sjáanlegi munurinn sem yrði ef 57. gr. hefði þegar verið lögleidd væri að sú skoðun ætti sér stað í aðdraganda viðskiptanna, en nú mun sú skoðun þurfa að eiga sér stað að viðskiptunum frágengnum. Þannig ber Fjarskiptastofu að framkvæma markaðsgreiningar með reglulegu millibili, sbr. 72. gr. leiðbeininga ESA um beitingu samkeppnisreglna á fjarskiptamarkaðnum,<sup>102</sup> og þar er m.a. skoðað hvort að einhver fyrirtæki séu með umtalsverðan markaðsstyrk sem og hvort nauðsynlegt sé að leggja á, viðhalda, breyta eða afturkalla kvaðir á viðkomandi markaði.
- (182) Í öllu falli er ljóst að áhyggjur af einhverskonar reglugapi standast ekki skoðun. Fjarskiptastofa hefur ávallt heimild til þess að framkvæma sjálfstæða markaðsgreiningu til þess að meta breyttar aðstæður á fjarskiptamarkaði til grundvallar nýrra ákvarðana um álagningar, afléttingar eða breytingar á kvöðum eftir því sem við á.

### **5.2.2 Afdrif kvaða á Mílu við samruna og nýja lagasetningu**

- (183) Í fyrrnefndum umsögnum var einnig lýst áhyggjum af því að ekki væri víst hvað yrði um kvaðir sem hvíla á Mílu eftir samrunann. Að mati Ardian er skýrt að breytingar á eignarhaldi Mílu geti ekki sjálfkrafa haft áhrif á núverandi kvaðir sem hvíla á Mílu á grundvelli ákvarðanna Fjarskiptastofu. Til þess að breyta þeim kvöðum þyrfti ávallt að koma til ný ákvörðun Fjarskiptastofu, sem tekin yrði að undangenginni nýrri markaðsgreiningu. Þetta leiðir af almennum reglum, enda hvíla kvaðirnar á lögaðilanum Mílu. Til hliðsjónar má einnig líta til bráðabirgðaákvæðis III sem sett var þegar lög nr. 81/2003 voru lögfest, en þar er sérstaklega tekið fram að öllum kvöðum sem lagðar höfðu verið á fjarskiptafyrirtæki skyldi viðhaldið þar til endurskoðun kvaðanna hefði farið fram, og er efnislega samskonar ákvæði í frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga, sbr. bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu.<sup>103</sup>

<sup>102</sup> 72. gr. leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu samkeppnisreglna EES á sviði fjarskipta frá 14. júlí 2004: „[...] In accordance with the Framework Directive, market assessments by NRAs will have to be undertaken on a regular basis. In this context, therefore, NRAs will have the possibility to react at regular intervals to any market developments and to take any measure deemed necessary.“

<sup>103</sup> Ákvæðið er svohljóðandi: „Öllum kvöðum, sem lagðar hafa verið á fjarskiptafyrirtæki skv. VII. kafla laga um

- (184) Þannig telur Ardian ljóst að hvorki salan á Mílu né breytingar á fjarskiptalögum munu hafa í för með sér breytingar á kvöðum sem lagðar hafa verið á Mílu *án undangenginnar nýrrar markaðsgreiningar og ákvörðunar um breytingar á kvöðum*. Ný lagasetning og breytingar á markaðsaðstæðum er verða við aðskilnað Símans og Mílu munu þó væntanlega gefa Fjarskiptastofu, sem og Samkeppniseftirlitinu, tilefni til endurskoðunar á því hvort þörf sé á áframhaldandi kvöðum á Mílu í núverandi mynd. Ef tekin verður breyting á kvöðum í kjölfar slíkrar skoðunar þá verður það vegna þess að markaðsaðstæður eru með þeim hætti að ekki er þörf á slíku inngripi.
- (185) Í formála kóðatilskipunarinnar sjálfar endurspeglast ósk framkvæmdastjórnar Evrópu um að samkeppni á fjarskiptamarkaðnum þurfi í framtíðinni ekki að lúta sér-samkeppnisreglum, þar sem virk samkeppni í geiranum hafi aukist gríðarlega síðustu ár. Að því sögðu segir í formálanum að þó sé ekki enn tilefni til þess að færa eftirlit með fjarskiptamarkaðnum alfarið í hendur samkeppnisyfirvalda, heldur munu sér eftirlitsstofnanir (í tilfalli Íslands Fjarskiptastofa) áfram hafa eftirlit með fjarskiptamörkuðum, markaðsgreiningum og álagningu kvaða eftir því sem við á. Mikilvægt verði þó að *ex ante* kvöðum eftir sérlögum (þ.e. fjarskiptalögum) sé beitt sparlega, eða einungis í þeim tilfellum þar sem engin virk og sjálfbær samkeppni er til staðar á þeim mörkuðum sem um ræðir. Enn fremur að einungis ætti að setja kvaðir á heildsölufyrirtæki þegar ólíklegt er að samkeppni geti verið virk á einum eða fleiri tengdum smásölumörkuðum án slíkra kvaða.<sup>104</sup>
- (186) Í inngangi frumvarps til nýrra fjarskiptalaga kemur fram að lögin munu hvetja til aukins samstarfs markaðsaðila og sameiginlegra fjárfestinga við uppbyggingu innviða og tilteknum ívilnunum heitið þeim sem byggja upp innviði. Fyrirtækjum sem eingöngu selja aðgang að innviðum í heildsölu og starfa ekki á smásölustigi má segja að verði ívilnað á þann hátt að á slík fyrirtæki verði, að meginstefnu til, ekki unnt að leggja *eins íþyngjandi kvaðir* og á lóðrétt samþætt fjarskiptafyrirtæki. Af nýjum áherslum tilskipunarinnar leiðir að ný áhersla skal mótuð í ferli markaðsgreininga - að skoða tengda smásölumarkaði áður en ákvörðun er tekin um beitingu heildsölukvaða. Horfa beri til stöðu á smásölumörkuðum áður en ákvörðun er tekin um beitingu heildsölukvaða og er heildsölukvöðum þar af leiðandi ætlað að leysa samkeppnisvandamál á undirliggjandi smásölumarkaði.<sup>105</sup> Nýja tilskipunin gefur þannig til kynna að ef samkeppni á smásölumarkaði er virk, sé ekki þörf á *ex ante* inngripi af hálfu eftirlitsstofnana á heildsölumarkaði.<sup>106</sup> Þrátt fyrir það, skal áfram stuðst við markaðsgreiningar samkvæmt hefðbundinni aðferðafræði fjarskiptaverksins *ef ofangreind úrræði duga ekki*.<sup>107</sup>

---

fjarskipti nr. 81/2003 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, skal viðhaldið þar til endurskoðun kvaðanna hefur farið fram að lokinni markaðsgreiningu.“

<sup>104</sup> Preamble section 29: „Considering that the markets for electronic communications have shown strong competitive dynamics in recent years, it is essential that *ex ante* regulatory obligations only be imposed where there is no effective and sustainable competition on the markets concerned. [...] Obligations at wholesale level should be imposed where otherwise one or more retail markets are not likely to become effectively competitive in the absence of those obligations.“

<sup>105</sup> Frumvarp til laga um fjarskipti, bls. 65

<sup>106</sup> EU Telecommunications law, Andrej Savin, bls. 96

<sup>107</sup> Frumvarp til laga um fjarskipti, bls. 65

- (187) Í 59. gr. nýs frumvarps felst nýmæli er varðar sérstaklega heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði, þar sem Fjarskiptastofa hefur takmarkaðri heimildir en áður til þess að leggja tilteknar kvaðir á heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Heildsölufyrirtæki eru fyrirtæki sem (i) hafa aðeins starfsemi á heildsölumörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu og ekki á smásölumörkuðum (innan allrar samsteypunnar) og (ii) er ekki bundið til að stunda viðskipti við eitt aðskilið fyrirtæki sem starfar á fráliggjandi markaði og er virkt á smásölumarkaði vegna einkaréttarsamnings. Uppfylli fyrirtæki ofangreind skilyrði getur Fjarskiptastofa einungis lagt á kvaðir skv. 48. gr. (aðgangur að netum og þjónustu) og 50. gr. (jafnræði) og um réttláta og sanngjarna verðlagningu ef það er talið réttlætlanlegt á grundvelli markaðsgreiningar., sbr. 2. mgr. 59. gr. frumvarpsins. Heimilt verði þó áfram að leggja frekari kvaðir á séu samkeppnisvandamál til staðar eða líkleg til þess að koma upp, sbr. 4. mgr. 59. gr. frumvarpsins.
- (188) Þrátt fyrir ofangreinda umfjöllun um markmið tilskipunarinnar og nýs frumvarps til þess að veita heildsölufyrirtækjum á fjarskiptamarkaði ívilnanir í formi léttvægari kvaða við endurskoðanir og markaðsgreiningar *til framtíðar* er því ekki loku fyrir það skotið að Fjarskiptastofa geti brugðist við samkeppnisvandamálum sem til staðar gætu verið á markaði eða vandamálum sem líkleg eru til þess að koma upp og skaða endanotendur. Komi slík staða í ljós á mörkuðum við endurskoðun á kvöðum, á grundvelli upplýsinga um skilmála og skilyrði sem viðkomandi fyrirtæki býður viðskiptavinum sínum á fráliggjandi mörkuðum, mun Fjarskiptastofa hafa heimild til þess að leggja aukalega á kvaðir um gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað, aðgang að mannvirkjum eða eftirlit með gjaldskrá eða gera breytingar á kvöðum sem lagðar hafa verið á í samræmi við 2. mgr. 59. gr., sbr. 4. mgr. 59. gr. frumvarpsins. Lagabreytingar munu þannig ekki hafa markverð áhrif á hvers konar úrræði Fjarskiptastofa geti gripið, sé miðað við stöðuna samkvæmt núgildandi fjarskiptalögum..
- (189) Eftir aðskilnað við Símann er líklegt að Míla komi til með að falla undir skilgreiningu 59. gr. frumvarpsins um heildsölufyrirtæki, enda verði þau skilyrði uppfyllt að fyrirtækið muni ekki selja þjónustu á smásölumarkaði og verði ekki bundið til þess að stunda viðskipti við eitt aðskilið fyrirtæki á fráliggjandi smásölumarkaði. Þrátt fyrir þetta, og fyrirhugaðar áherslubreytingar í aðferðafræði við markaðsgreiningar að því leyti sem lýst er að ofan, mun aðferðafræði við skilgreiningu markaða og greiningu á samkeppnisstöðu á þeim vera í grundvallaratriðum sú sama og áður við gildistöku nýrra fjarskiptalaga, auk þess sem Fjarskiptastofa mun áfram hafa á sínum höndum eftirlit með fjarskiptamarkaði, framkvæmd markaðsgreininga og álagningu kvaða eftir því sem við á.
- (190) Þó gefur tilvonandi ný lagasetning, örar breytingar á fjarskiptamarkaði og aðskilnaður Símans og Mílu tilefni til nýrra markaðsgreininga sem líta til framtíðar. Slík greining mun að öllum líkindum leiða til þeirrar niðurstöðu að ekki sé þörf á að viðhalda kvöðum á Mílu í óbreyttri mynd. Hvað sem því líður er ljóst að þær kvaðir sem þegar eru til staðar verða óbreyttar þar til ný ákvörðun er tekin, og að Fjarskiptastofa gefur fullnægjandi valdheimildir til þess að bregðast við mögulegum samkeppnislegum vandkvæðum á viðkomandi mörkuðum. Framangreindar áhyggjur umsagnaraðila er því óþarfar.

### 5.2.3 *Kvaðir og skilyrði á grundvelli sáttar við SE*

- (191) Að breyttu breytanda telur Ardian að yfirfæra megi þau sjónarmið sem rakin eru hér að framan varðandi áhrif samrunans á kvaðir sem hvíla á Mílu á grundvelli ákvarðanna

Fjarskiptastofu yfir á ætluð áhrif á kvaðir og skilyrði sem hvíla á Mílu á grundvelli sáttar við SE, sbr. ákvörðun nr. 6/2015. Þannig telur Ardian að viðskiptin sem slík geti ekki orðið til þess að neinar kvaðir eða skilyrði falli sjálfkrafa á brott; ávallt þarf að koma til ný ákvörðun. Hitt er svo að með viðskiptunum losnar um samkeppnisleg áhrif sem SE hefur haft áhyggjur af vegna eignarhalds Símans á Mílu. Það er því að væntanlega fullt tilefni til þess að taka til skoðunar hvort þörf sé að viðhalda þeim kvöðum og skilyrðum sem hvílt hafa á Mílu.

### 5.3 Samningar Mílu og Símans

- (192) Eins og rakið er í kafla 3.1 munu Míla og Síminn, eftir að samruninn kemur til framkvæmda, gera með sér sérstakan þjónustusamning til tuttugu ára sem byggir á núverandi viðskiptasambandi félaganna. Í samningnum er kveðið á um þá heildsöluþjónustu sem Síminn skuldbindur sig til þess að kaupa af Mílu, auk þess sem meðal annars er kveðið á um samskipti Mílu og Símans um fyrirkomulag innbyrðis viðskipta og skipan þeirra til framtíðar.
- (193) Í áðurnefndu bréfi Samkeppniseftirlitsins til Ardian, dagsettu 19. nóvember 2021, er vísað til umrædds samnings og sérstaklega tekið fram að meðal annars í ljósi framkominna athugasemda og vísbendinga um „að hagsmunir Símans og Mílu muni áfram verða samtvinnuðir þrátt fyrir slit á eignatengslum“, þá sé „óhjákvæmilegt að taka til skoðunar eðli og áhrif þeirra samninga sem liggja til grundvallar viðskiptunum og meta að öðru leyti áhrif þeirra á samkeppni“. Af því tilefni er nauðsynlegt að víkja orðum að tilteknum ákvæðum umrædds þjónustusamnings.
- (194) Í *fyrsta lagi* skal nefnt að samningur þessi veitir báðum samningsaðilum nauðsynlegan fyrirsjáanleika til framtíðar. Fjarskiptamarkaðurinn krefst umtalsverðra fjárfestinga til langs tíma og er í því ljósi afar brýnt að aðilar á markaðinum búi við ákveðinn fyrirsjáanleika þegar kemur að aðgangi að innviðakerfum og aðstöðu, viðskiptaskilmálum og verðum, svo dæmi séu tekin. Slíkur fyrirsjáanleiki er í reynd forsenda þess að unnt sé að fjárfesta til lengri tíma.
- (195) Í *öðru lagi* skal tekið fram um skuldbindingu Símans samkvæmt samningnum til þess að kaupa þjónustu af Mílu að slík skuldbinding er nauðsynleg í langtímasamningi til þess að endurheimta hina langtíma fjárfestingu. Á skuldbindingunni eru svo undantekningar sem gera samninginn sveigjanlegan fyrir Símann og viðskiptavini hans. Svipaðar skuldbindingar er að finna í nánast öllum nýlegum dæmum um heildsöluþjónustusamninga sem tengjast fjárfestingum í fjarskiptainniðum sem Ardian þekkir til en slíkir samningar hafa alla jafnan útfærslu á einhverskonar einkarétt til handa þjónustuveitanda, auk þess sem oft er lágmarksskuldbinding um að taka upp ákveðinn hluta þeirra innviða sem þjónustuveitandinn mun ráðast í að byggja. Í þjónustusamningnum þá er skuldbinding Símans takmörkuð og sætir ýmiskonar undantekningum. [...] <sup>108</sup>
- (196) Því til viðbótar má nefna að Míla tekst samkvæmt þjónustusamningnum ekki á hendur einkaskuldbindingar gagnvart Símanum, enda er það, sem fyrr segir, markmið Ardian

<sup>108</sup> TRÚNAÐARMÁL

að auðvelda íslenskum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að innviðum Mílu eftir því sem framast er unnt.

- (197) Í *þriðja lagi* gildir þjónustusamningurinn, líkt og áður hefur verið fjallað um, til tuttugu ára [...] <sup>109</sup>. Í því sambandi skal tekið fram að tímalengd samningsins kemur einkum til vegna þess fyrirsjáanleika sem nauðsynlegt er að tryggja báðum samningsaðilum til framtíðar og vikið var að hér að framan. Það er forsenda umfangsmikilla fjárfestinga á fjarskiptamarkaðinum, eins og um ræðir í viðskiptum þessum, að slík vissa sé fyrir hendi. Er þá rétt að minnast þeirra áforma sem Ardian hefur þegar kynnt um hraðari uppbyggingu á innviðum félagsins á komandi árum. Þá skal haft í huga, hvað framangreint varðar, að tuttugu ár er ekki langur tími á fjarskiptamarkaði – markaði sem einkennist af langtímafjárfestingum með löngum, áratuga, afskriftartíma. Á síðustu 5 árum hefur átt sér stað talsverður fjöldi svipaðra viðskipta innan Evrópu, og er upphafstímabil nánast allra þjónustusamninga sem gerðir eru í tengslum við slík viðskipti einhverstaðar á bilinu 10-30 ár auk þess sem flestir hafa að geyma sjálfkrafa endurnýjun. <sup>110</sup> Míla, og forverar þess, hefur auk þess verið aðalbirgir Símans í meira en eina öld og eru tuttugu ár ekki langur tími í því samhengi.
- (198) Þá er í *fjórða lagi* kveðið skýrlega á um skuldbindingu Mílu samkvæmt þjónustusamningum til þess að mismuna ekki viðskiptavinum sínum. Skal Míla þannig ganga úr skugga um að öllum viðskiptavinum, sem og mögulegum viðskiptavinum, sé boðin sambærileg þjónusta, kjör og skilmálar. Er sérstaklega tekið fram í samningnum að það eigi ekki aðeins við um þá þjónustu þar sem verðlagningu hefur verið reglusettt af Fjarskiptastofu, heldur á það við um alla þjónustu Mílu, sbr. grein 23.2.1 í þjónustusamningnum. Auk þess ber að líta til þess, eins og áður hefur verið fjallað um, að sem sjálfstætt félag hefur Míla ríka hvata til þess að bjóða fleiri fjarskiptafyrirtækjum en Símanum heildsöluþjónustu sína og það á samkeppnishæfum kjörum. Þannig væri einnig hægt að gera sambærilega þjónustusamninga við aðra aðila. Í þessu samhengi má jafnframt nefna að í 23. gr. þjónustusamningsins er kveðið á um skyldi samningsaðila til að fylgja þeim lögum og reglum sem við eiga hverju sinni og samkvæmt 14. gr. skulu aðilar frá og með árinu 2026 framkvæma árlegt mat á hvort samningurinn og framkvæmd hans sé í samræmi við viðeigandi lög og reglur.
- (199) [...] <sup>111</sup>
- (200) Loks í *sjötta lagi*, verður við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans að leggja til grundvallar aðstæður á markaði fyrir samrunann annars vegar og eftir samrunann hins

<sup>109</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>110</sup> Upplýsinga um efni slíkra samninga eru að jafnaði ekki aðgengilegar, en svo nokkrar ákvarðanir séu nefndar þar sem slík viðskipti voru til skoðunar má nefna ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB í máli M.10295 (ORANGE POLSKA / APG / FIBERCO JV) og ákvarðanir hins írsku samkeppniseftirlits (Competition and Consumer Protection Commission) frá 7. júlí 2020 (regarding the proposed acquisition by Phoenix Tower International Holdco, LLC of sole control of Emerald Tower Limited) og 12. september 2017 (proposed acquisition by Speed Fibre DAC of joint control of GMC-D OH (Ireland) Holdings Limited). Í þessu samhengi er einnig vísað til nýlegrar ákvörðunar SE í máli nr. 32/2021, en þar segir í mgr. 67: „Samkeppniseftirlitinu er þó kunnugt um fyrri samruna á erlendum fjarskiptamörkuðum um turna og möstur, þar sem fordæmi eru fyrir tiltölulega löngum þjónustusamningum milli eigenda turna og fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja virkan búnað. Þá geta sérstök sjónarmið gilt um þjónustusamninga vegna viðskipta sem samanstanda aðallega af fasteignum og öðrum óvirkum eignum. Eftir því sem Samkeppniseftirlitið kemst næst er algengur gildistími slíkra erlendra þjónustusamninga í kringum 15 ár.“

<sup>111</sup> TRÚNAÐARMÁL



vegar. Ætti að vera óumdeilt að hagsmunatengsl Mílu og Símans verða í öllu falli mun takmarkaðri eftir samruna máls þessa en fyrir hann, þar sem félögin fara frá því að vera undir sömu yfirráðum yfir í að verða ótengdir aðilar með þau tengsl eingöngu sem felast í þjónustusamningnum. Þótt gildandi sátt við SE hafi komið á aðskilnaði milli Símans á Mílu þá fara möguleikar Símans á því að hafa áhrif á Mílu frá því að vera takmarkaðir yfir í að vera engir. Er, eins og að framan er lýst, um að ræða samning á armslengdarkjörum sem öllum standa til boða á jafnræðisgrundvelli. Það takmarkaða rekstrarlega samstarf sem þjónustusamningurinn gerir ráð fyrir mun leiða til mun minni tengsla á milli Símans og Mílu en raunin hefur verið á meðan félögin hafa verið hluti af sömu samstæðunni. Að sama skapi verður meira aðlaðandi fyrir keppinauta Símans að nýta sér fjarskiptanet Mílu að samrunanum frágengnum. Af því leiðir eðli máls samkvæmt að óháð efni þjónustusamningsins, getur samruninn aldrei talist annað en hagfelldur samkeppni. Þá skal bent á að viðskipti á grundvelli þjónustusamningsins verða hið minnsta aldrei meira en er í dag, þegar Míla er í eigu Símans. Þjónustusamningurinn er eins og áður segir forsenda fyrir því að hægt sé að selja Mílu og gengið er út frá því að markaðurinn verði alltaf dýnamískari þegar ekki verður sama eignarhald á Símanum og Mílu.

#### 5.4 Annað

- (201) Til upplýsinga skal bent á 11. október 2021 fól ríkisstjórn Ísland samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu að að leiða viðræður við Símann hf. um leiðir til að tryggja að starfsemi Mílu ehf. samrýmist þjóðaröryggishagsmunum komi til sölu til erlendra fjárfesta. Undirritaður var samningur milli vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, f.h. íslenska ríkisins, og Mílu ehf. um kvaðir vegna þjóðhagslega mikilvægra fjarskiptaneta Mílu, í samræmi við áherslur stjórnvalda og var sá fundur staðfestur af ríkisstjórn 14. desember sl.
- (202) Samhliða viðræðunum fór fram upplýsingaöflun starfshóps fjögurra ráðuneyta sem var af ríkisstjórninni falið að afla upplýsinga um viðskiptin m.a. í þeim tilgangi að hægt yrði að meta hvort viðskiptin fælu í sér ógn við öryggi landsins eða allsherjarreglu o.s.frv. í skilningi 2. mgr. 12. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Sá starfshópur aflaði ítarlegra upplýsinga um viðskiptin og um Ardian, auk þess sem starfshópurinn leitaði til viðeigandi aðila eftir frekari gögnum og sjónarmiðum. Greining þeirra upplýsinga sem aflað var leiddi til þeirrar niðurstöðu að Ardian og viðskiptin voru ekki talinn fela í sér ógn við öryggi landsins.<sup>112</sup>

#### 5.5 Niðurlag

- (203) Með vísan til framangreinds telur Ardian að samruninn muni ekki verða til þess að raska samkeppni. Þannig verður samruninn ekki til þess að breyta stöðu Mílu á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á, þannig að markaðsráðandi staða verður hvorki til né styrkist. Þá verður samruninn ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Þannig mun samruninn leiða til þess að skilið er milli eignarhalds Símans á Mílu, sem er í eðli sínu

<sup>112</sup> Sjá frétt á vef stjórnarráðsins frá 15. desember 2021: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/15/Starfsemi-Milu-i-ljosi-thjodaroryggishagsmuna/>.

samkeppnishvetjandi. Í samræmi við þá hvata sem Míla hefur í kjölfar samrunans mun Ardian vinna að hraðari uppbyggingu á 5G og ljósleiðarakerfum félagsins, bættri þjónustu og gæðum, háþröðun á nýtingu kerfa Míla og samnýtingu innviða. Þá hefur samruninn ekki í för með sér lóðrétt samkeppnisleg vandkvæði, en jafnvel þó svo væri þá eru til staðar fullnægjandi varnaglar með eftirlits- og valdheimildum Fjarskiptastofu. Samruninn verður því til hagsbóta fyrir viðskiptavinum Mílu, bæði beina viðskiptavinum sem og viðskiptavinum þeirra. Samruninn er þannig neytendum til hagsbóta og samkeppni verður ekki hindruð, sbr. 2. málslíður 17. gr. c. samkeppnislaga.

**6. kafli****Fylgiskjöl**

(204) [...] <sup>113</sup>.

(205) Með samrunaskránni fylgja eftirfarandi skjöl:

[...] <sup>114</sup>

---

<sup>113</sup> TRÚNAÐARMÁL  
<sup>114</sup> TRÚNAÐARMÁL

## 7. kafli Yfirlýsing

Undirrituð lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirrituð hafa kynnt sér ákvæði 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga.

Reykjavík, 19. janúar 2022

Virðingarfyllst,

---

Lára Herborg Ólafsdóttir, hdl.

---

Fjölur Ólafsson, hdl.